

**MENNING** Þessi sýnir ljósmyndir frá mannlífinu á Fogo-eyju. 22



**LÍFIÐ** Tom Jones hlakkar mikið til að koma til landsins. 30



**SPORT** Frábær byrjun hjá Íslandi á Smáþjóðaleikunum í gær. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
3. júní 2015
128. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**MARKAÐURINN**



### Bíður eftir lækkun tolla

„Barnaföt eru neysluvara og er mikilvægt að tryggja neytendum lægra vöruverð,“ segir Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Íglö&Indí. Fyrirtækið selur vörur til 40 verslana erlendis.

**FRÉTTIR**



### Kvíði í Þorrasölum

Hópur eldri borgara afhenti í gær Degi B. Eggertssyni borgarstjóra áskorun um að dagþjónusta í Þorraseli haldi áfram í óbreyttri mynd. 2

**Andvana fætt** Innanríkisráðherra og formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins segja flugvallafrumvarp Framsóknar vanreifað. Svipað gildir um viðhorf stjórnarandstöðu. 8

**Ný lög um eftirlit** Öldungadeild Bandaríkjaþings samþykkti í gær ný lög um eftirlitsheimildir leyniþjónustunnar. Breytingartillögur repúblikana voru allar felldar. 12




14

**2 SÉRBLÖÐ**

Markaðurinn | Fólk






**UMSÁTUR** Sérsveit ríkislögreglustjóra sat um íbúð í Kópavogi í sex tíma í gær. Íbúðin reyndist að lokum vera mannlaus. Þó fann lögregla skotvopn og skotfæri í íbúðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Setið um mannlausa íbúð

Tvær tilkynningar bárust lögreglu í gærdag um að skothvellur hefði heyrst úr fjölbýlishúsi. Umsátri um húsið lauk upp úr níu. Íbúðin reyndist mannlaus. Ekki er vitað hvort um raunverulegan skothvell hafi verið að ræða.

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveit ríkislögreglustjóra sat um mannlausa íbúð við Hlíðarhjalla í Kópavogi í sex klukkutíma í gær.

Tvær tilkynningar um að heyrst hefði skothvellur úr íbúðinni bárust lögreglu um fimm mínútur í þrjú.

„Enginn reyndist vera inni í íbúðinni en ekki er vitað hvort um raunverulega skothvelli hafi verið að ræða,“ segir í tilkynningu sem lögregla sendi frá sér í gærkvöldi. Í tilkynningunni segir einnig að lögregla hafi farið á sama vettvang í fyrradag og fundið ummerki um að skotið hafi verið á grindverk með haglabyssu.

„Lögreglan fór inn í íbúðina á níunda tímanum í kvöld og voru skotvopn og skotfæri haldlögð,“ segir í tilkynningunni þar sem lögregla ítrekar mikilvægi þess að tilkynningar um skothvelli séu teknar alvarlega en lögregla brást við tilkynningunum með þeim hætti að kalla til sérsveit ríkislögreglustjóra og tryggja í samstarfi við hana öryggi á vettvangi.

Nærliggjandi götum var lokað og var fjölbýlishúsið þaðan sem hvellurinn heyrðist fullrýmt um tuttugu mínútur í átta í gærkvöldi.

Umsátrinu um húsið lauk svo upp úr níu í gærkvöldi en þá tilkynnti Ásgeir Þór Ásgeirsson aðstoðaryfirlögregluþjónn fréttamönnum að íbúðin hefði reynst mannlaus.

„Sérsveitin var kölluð á vettvang og þeir eru búnir að einangra þessa íbúð sem við teljum að þetta ástand gæti verið í. Það er unnið að lausn málsins og sérsveitin fer með stjórn vettvangs,“ sagði Ásgeir um sexleytið í gær. thorgnyr@frettabladid.is

Sérsveitin handtók tvær systur vegna fjárkúgunarbréfs til forsætisráðaherra:

# Húsleit hjá fjárkúgunarsystrum

**LÖGREGLUMÁL** „Þarna blandast ég inn í atburðarás sem ég hvorki skipulagði né tengdist á nokkurn hátt nema fjölskylduböndum,“ sagði Malín Brand, sem grunuð er um aðild að því að beita forsætisráðherra Íslands fjárkúgun.

Í hádeginu á föstudag sat sérsveit ríkislögreglustjóra fyrir Malín Brand og systur hennar, Hlín Einarsdóttur, sunnan Vallahverfis í Hafnarfirði. Var það gert í kjölfar þess að bréf merkt Önnu Sigurlaugu Pálsdóttur, eiginkonu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra, barst á heimili þeirra hjóna í Ystaseli. Í bréfinu var hótun um að upplýst yrði um fjárhagstengsl Sigmundar Davíðs og Björns Inga Hrafnssonar, eiganda Vefpressunar ehf. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var bréfið að hluta handskrifað og að hluta til samsett úr stafaúrklippum.



**MALÍN BRAND**



**HLÍN EINARSDÓTTIR**

Systurnar játuðu við yfirheyrslur að eiga aðild að málinu en Malín sagði í samtali við Vísi í gær að hún hefði ekki sent bréfið heldur farið með systur sinni, þar sem hún taldi ekki líklegt að nokkur myndi taka þetta alvarlega.

Húsleit var gerð á heimili beggja systranna. Símar og tölvur í þeirra eigu voru gerð upptæk. Þeim var sleppt að lokinni yfirheyrslu og málið telst að mestu upplýst.

Í yfirlýsingu forsætisráðherra kemur fram að upplýsingar í bréfinu byggðust á getgátum og sögusögnum. Hann segist hvorki hafa fjárhagsleg tengsl við Björn Inga Hrafnsson né hafa komið að kaupum á DV. Björn Ingi Hrafnsson neitar því að Sigmundur eða félag í hans eigu eigi hlut í DV eða að hann hafi lánað fyrir kaupum á DV.

Hlín Einarsdóttir var sambýliskona Björns Inga frá árinu 2011 til ársins 2014. - srs, - vh / sjá síðu 4





**YFIRBURÐIR**

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur kvenna á tölublað, 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015




Allt sem þú þarft …



## VEÐUR




Í dag er útlit fyrir minnkandi norðanátt. Sunnan til þykknar upp og fer að rigna seinnipartinn, en að sama skapi mun stytta upp fyrir norðan. Hitastig er áfram svipað, 1 til 6 stig norðanlands en allt að 12 stig fyrir sunnan.

SJÁ SÍÐU 20

Sepp Blatter, forseti FIFA, boðar afsögn sína og hyggst kalla saman aukaþing FIFA hið fyrsta:

# Sagður sæta rannsókn í Bandaríkjunum

**SVISS** Nokkrum dögum eftir endurkjör sitt boðar Joseph Blatter afsögn sína sem forseti Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, og segir jafnframt að kallað verði saman aukaþing hið fyrsta til að kjósa nýjan forseta.

Bandaríska fréttastofan ABC segist hafa heimildir fyrir því að Blatter sæti spillingarrannsókn bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, þótt hann hafi ekki verið einn þeirra 14 sem ákærðir voru í síðustu viku í tengslum við þessa sömu rannsókn.

Á blaðamannafundi í Zürich í gær, þar sem Blatter tilkynnti um væntanlega afsögn, gaf hann enga skýringu á því hvað hefði breyst frá ársþinginu á föstudag, þegar hann var endurkosinn forseti eftir sautján ár í embættinu. Hann sagðist þó gera sér grein fyrir því að hann nyti ekki lengur þess trausts sem hann taldi sig hafa.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir tímasetninguna koma sér á óvart. Vonast hafði verið til þess að hann segði af sér á ársþingi sambandsins á föstudaginn var.

„Nú bíður maður eftir því hvað gerist næst í málinu. Evrópuþjóðirnar ákváðu að ræða þetta mál næst á laugardaginn þegar úrslitaleikur Meistaradeildarinnar fer fram í Evrópu,“ segir Geir. „En þetta var algjörlega nauðsynlegt enda hafði Evrópa kallað eftir breytingum.“

Samkvæmt reglum FIFA verður aukaþingið að öllum líkindum kallað saman einhvern tímann á tímabilinu frá desember á þessu ári fram til mars á næsta ári. - gb / esá



**SEPP BLATTER** Segist gera sér grein fyrir því að hann njóti ekki lengur nægilegs stuðnings. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**SÁTTUR SKIPHERRA** Andrea, dóttir Einars, faðmar pabba sinn innilega eftir langa sjóferð á varðskipinu Tý. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Varðskipið Týr kom í höfn eftir sjö vikur á Miðjarðarhafi:

# Ánægð með að fá pabba heim

**FÓLK „Það er æðislegt að koma heim. Þetta er búið að vera langt og strangt en við vorum að koma úr vel heppnuðu verkefni,“ segir Einar Valsson, skipherra á varðskipinu Tý.**

**Týr lagði að bryggju við Ægisgarð í gærmorgun en skipið hefur verið að sinna landamæragæslu Evrópusambandsins undanfarna sex mánuði. „Skipið hefur verið að sinna verkefninu síðan í nóvember með pásum. Núna vorum við úti í sjö vikur.“ Áhöfnin hefur bjargað rúmlega tvö þúsund flóttamönnum frá Afríku við eftirlit sitt.**

**Andrea, dóttir Einars, var ægilega ánægð með að hitta pabba sinn aftur eftir svo langan tíma. „Já, það er mjög gaman. Ég var farin að sakna hans svo rosalega mikið,“ segir Andrea.** - srs

# Stefnir í mikla ofbeit ef kalt helst í veðri

Landgræðslan segir úthaga um allt land vera jafn illa undir beit búna og var í köldustu árum í kringum 1980. Þá varð vistfræðilegt hrun á mörgum afréttum vegna beitar. Að halda fé heima getur reynst bændum mjög dýrt og torsótt.

**UMHVERFISMÁL** „Staðan er það slæm þessa dagana víða í úthögum að bændur telja vart nægan gróður til beitar með hliðsjón af velferð sauðfjár,“ segir Andrés Arnalds, fagmálastjóri Landgræðslunnar, um alvarlega stöðu gróðurs í úthaga um allt land.

Það er mat Landgræðslunnar að ef ekki hlýnar fljótlega gæti stefnt í mikla ofbeit víða um land, líkt og gerðist á köldum árum á áttunda og níunda áratug síðustu aldar.

Andrés segir að þá hafi fé að vísu verið um 900 þúsund en nú er það um 500 þúsund. Beitartími sé auk þess styttri nú og beitarstjórnun í mörgu betri.

Hins vegar hafi byggst upp mörg stór bú sem ekki ráða við að hafa féð heima þann tíma sem þarf til að brúa bil þar til úthagi heima fyrir, fjalllendi og afréttir eru almennilega beitarhæfir. Einnig sé enn víða verið að beita illa farið land, sem er nú enn viðkvæmara en ella.

Afleiðingar ofbeitar 1979, og áranna þar á eftir, var vistfræðilegt hrun margra afrétta.

„Ég held að margir afréttanna séu ekki komnir í sama stand og þeir voru fyrir þessi hörðu ár. Það er mikið í húfi að leita leiða til að hafa fé lengur heima við því ekkert hefur eins mikil áhrif á beitarþol heimalanda og afrétta og hvenær beit er hafin,“ segir Andrés.

Ekkert fé er þó komið á fjall ennþá bendir Andrés á. Mjög breytilegt sé hvenær menn beita fé sínu á afrétti – sögulega séð. Vandinn sé margþættur því það að halda fé heima skapi sjúkdómahættu.



**Á BEIT** Landið er fjarri því að þola beit, enda gróður góðum tveimur vikum á eftir. MYND/SVEINN

„Það er þó illskárri kostur en að hleypa í ógróinn úthaga. Það varðar ekki aðeins áhrifin á gróður heldur geta ærnar líka misst mjólkurnytina sem kemur hrikalega niður á fallþunga í haust.“

Sama gildir um hrossahaga að sögn Andrésar. Menn fylgja nokkuð tímatalinu með að fara með hross í haga, horfa ekki nóg á sprettu, að hans mati. Ofbeitarhætta er því mikil.

Það er því ákall Landgræðslunnar að landgræðslumenn, bændur og í raun allir landsmenn þurfi að fylgjast vel með ástandi lands í ár og stuðla að aukinni gróðurvernd.



**„Ég held að margir afréttanna séu ekki komnir í sama stand og þeir voru fyrir þessi hörðu ár.**

*Andrés Arnalds, fagmálastjóri Landgræðslunnar*

„Það þarf að skoða mjög vel hvort landið getur tekið við þeim hrossafjölda sem settur er á það. Annars geta menn lent í vítahring ofbeitar, eins og dæmi eru um, og eyðilagt beitarhólfin,“ segir Andrés. svavar@frettabladid.is






Eldri borgarar vilja óbreytta þjónustu í Þorraseli og skora á borgarstjórn:

# Kvíða flutningi á Vesturgötu 7

**FÉLAGSMÁL** Hópur eldri borgara afhenti í gær Degi B. Eggertssyni borgarstjóra undirskriftir með áskorun um að dagþjónustu í Þorraseli verði haldið áfram í óbreyttri mynd.

Á áskorun hópsins segir að flestir gestir Þorrasels séu 87 ára gamlir og að sá elsti sé 97 ára. Það verði slæm röskun á högum þeirra ef Þorraseli verði lokað og hópurinn fluttur á Vesturgötu 7.

„Mörg okkar nota göngugrindur eða hjólastóla til að komast á milli innanhúss og úti. Hluti er að kljást við fyrstu stig alzheimer eða elliglöp. Nokkur eru blind eða sjónskert og flest okkar nota heyrnartæki,“ segir í áskoruninni um viðmót starfsmanna Þorrasels er lofað sem og andrúmsloftið í hópnum:



**ÁSKORUN** Borgarstjóri tók við undirskriftum Þorraselshópsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við erum kvíðin ef af verður og viljum vera áfram í sama umhverfi þar sem við þekkjum okkur vel og erum að ýmsu leyti sjálfbjarga.“ - gar

# LG G4

# Kominn til Nova!

Myndarlegur, skarpur og bjartsýnn

**Ókeypis heimsending!**
nova.is

**1.000 kr.** notkun eða **500 MB** á mán. í 12 mán. fylgir.




**LG G4** 32GB

**119.990 kr.** stgr.

**7.190 kr.** /18 mán.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánari upplýsingar á Nova.is.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

## SPURNING DAGSINS



Erla, er allt þegar þrennt er?

**„Já við skulum svo sannarlega vona það."**

Erla Hlynsdóttir blaðamaður lagði ríkið þriðja sinni fyrir mannréttindadómstól Evrópu vegna skrifa sinna sem blaðamaður.

Formaður þingflokks sjálfstæðismanna vill hreint kvennaþing í tvö ár:

# Sannreyni vinnubrögð kvenna

**STJÓRNMÁL** Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, lagði til á Alþingi í gær að einungis konur yrðu í framboði í næstu alþingiskosningum.

Sagði Ragnheiður að lítið sem ekkert hefði breyst í störfum þingsins á þeim átta árum sem hún hefði þar setið og því varpaði hún fram þessari róttæku hugmynd.

Lagði Ragnheiður til að þetta „kvennaþing" yrði einungis til tveggja ára, frá 2017 til 2019. Með því væri hægt að sannreyna hvort vinnubrögð kvenna væru önnur eða betri en vinnubrögð karla.

„Að loknu því þingi gæti þjóðin sjálf velt því fyrir sér hvort það væri jafnvel bara skynsamlegra að hafa kvennaþing," sagði Ragnheiður. - bá



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR** Segir lítið breytt í störfum Alþingis á átta árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

MERS-veiran gerir usla:

# Tveir látnir í Suður-Kóreu

**SUÐUR-KÓREA** MERS-veiran hefur dregið tvo til dauða í Suður-Kóreu. Að minnsta kosti 25 hafa smitast af veirunni þar í landi undanfarið.

Þetta er fyrsta dauðsfallið af völdum veirunnar í þessum heimshluta frá því hún einn dó í Malasíu í apríl á síðasta ári.

Veiran kom fyrst fram á Arabíuskaganum árið 2012. Hún er skyld SARS-veirunni svonefndu, sem gerði fyrst vart við sig árið 2002.

Báðar veirurnar valda alvarlegri öndunarfærabilun. - gb



**BJARGAÐ ÚR SKIPINU** Björgunarmönnum hafði í gær tekist að bjarga nokkrum úr skipinu, þar á meðal konu sem þarna er bjargað upp á kjöl skipsins. NORDICPHOTOS/AFP

Kínverskir björgunarmenn í kapphlaupi við tímann:

# Hundraða manna enn saknað

**KÍNA Björgunarmenn reyndu í gær ákaft að bjarga fólki úr skemmtiferðaskipinu sem fórst í Yangtse-fljóti í Kína á mánudag. Hundraða manna var enn saknað.**

**Alls voru 456 manns um borð. Tekist hafði að bjarga 15 þeirra en vitað var að fimm voru látnir. Óttast var að flestir hinna hefðu einnig látist þegar skipinu hvolfdi.**

**Meðal þeirra, sem björguðust, voru bæði skipstjóri og vélstjóri skipsins. Þeir voru báðir í haldi lögreglu í gær. Skipstjórinn sagði skipið hafa lent í fellibyl og sokkið á fáeinum mínútum.** - gb

Enn töf á haftafrumvarpi:

# Fór ekki fyrir ríkisstjórn í gær

**STJÓRNMÁL** Frumvarp Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra um losun fjármagnshafta var ekki kynnt á fundi ríkisstjórnar í gær. Bjarni hefur boðað að frumvarpið verði lagt fyrir á vorþingi. Reyna á að taka málið fyrir á ríkisstjórnarfundi á föstudag.

Heimildir Fréttablaðsins herma að fyrirhugað hafi verið að fjalla um frumvarpið í ríkisstjórn á föstudaginn var, en því hafi verið frestað vegna kynningar á tillögum ríkisstjórnarinnar um ýmsar aðgerðir til að liðka fyrir kjarasamningum. - kóp

Bílveltan við Hellissand:

# Konunni enn haldið sofandi

**SLYS** Konu sem slasaðist alvarlega í bílslysi við Hellissand í síðustu viku var í gær enn haldið sofandi á gjörgæsludeild Landspítalans. Hún er enn sögð mjög þungt haldin og samkvæmt upplýsingum frá spítalanum gæti henni verið haldið sofandi í einhvern tíma enn.

Konan er önnur tveggja erlendra ferðamanna sem fluttir voru á Landspítalann alvarlega slasaðir eftir bílveltu á þjóðveginum við Hellissand síðasta fimmtudag. Hinn ferðamaðurinn, kínverskur karlmaður á fertugsaldri, var úrskurðaður látinn daginn eftir. - bá


15% afsláttur

af Nicorette Fruitmint, öllum pakkningastærðum og styrkleikum

2 mg 210 stk.
Nú kr. 3.994.-

Tilboðið gildir til 17. júní n.k.



Lyfjaval APÓTEK

Álftamýri - Mjódd - Bílaapótek Hæðasmára 4


# Kveðst hafa dregist inn í fjárkúgunina

Malín Brand og Hlín Einarsdóttir voru handteknar á föstudag fyrir að reyna að kúga fé af forsætisráðherra. Húsleit var gerð á heimili þeirra beggja en Malín segist hafa dregist inn í atburðarás sem Hlín systir hennar hafi hrundið af stað.

**SAKAMÁL** Reyfarakennd atburðarás átti sér stað í hádeginu á föstudag þegar sérsveit ríkislögreglustjóra sat fyrir systrunum Hlín Einarsdóttur og Malín Brand sunnan Vallahverfis í Hafnarfirði.

Var það gert í kjölfar þess að bréf merkt Önnu Sigurlaugu Pálsdóttur, eiginkonu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra, barst á heimili þeirra hjóna í Ystaseli. Bréfið var sent með pósti og fjölskyldan varð þess vör síðdegis á fimmtudag og í kjölfarið var hringt í lögreglu. Í bréfinu var hótun um að upplýst yrði um fjárhagstengsl Sigmundar Davíðs og Björns Inga Hrafnssonar, eiganda Vefpressunnar ehf. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var bréfið að hluta handskrifað og að hluta til samsett úr stafaúrklippum.

Systurnar játuðu að eiga aðild að málinu en Malín sagði í samtali við Vísi í gær að hún hefði ekki sent bréfið heldur farið með systur sinni, þar sem hún taldi ekki líklegt að nokkur myndi taka þetta alvarlega. „Kjarni málsins er að þarna blandast ég inn í atburðarás sem ég hvorki skipulagði né tengdist á nokkurn hátt nema fjölskylduböndum," sagði Malín.

Bréfinu fylgdu leiðbeiningar um hvernig koma ætti peningunum til skila en þar var fyrirskipað að þeim yrði komið fyrir við Krísuvíkurveg sunnan Vallahverfis. Sérsveit ríkislögreglustjóra handtók systurnar þegar þær voru að nálgast fjármunina.

Systurnar voru færðar til yfirheyrslu hjá lögreglu þar sem þær játuðu aðild að málinu en yfirheyrslan stóð í sólarhring.

Húsleitir voru gerðar í framhaldinu á heimili þeirra beggja, annars vegar á heimili Malínar á Selfossi og hins vegar á heimili Hlínar við Kristnibraut í Grafarholti þar sem sönnunargagna var leitað. Símar og tölvur í þeirra eigu voru gerð upptæk. Þeim var sleppt að lokinni yfirheyrslu og málið telst að mestu upplýst. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um næstu skref.

Ekki er vitað hvort upplýsingar sem talað er um í bréfinu eru til en Hlín var sambýliskona Björns Inga frá árinu 2011 til ársins 2014. Hún var ritstjóri Bleikt.is, vefsíðu í eigu Björns Inga. Malín hefur starfað sem blaðamaður á Morgunblaðinu en er komin í leyfi frá störfum til 1. ágúst næstkomandi.

Í yfirlýsingu frá forsætisráðherra kemur fram að upplýsingar í bréfinu byggðust á getgátum og sögusögnum. Hann segist hvorki hafa fjárhagsleg tengsl við Björn Inga Hrafnsson né hafa komið að kaupum á DV.



**Á AFVIKNUM STAÐ** Forsætisráðherra var skipað að skilja peningana eftir við Krísuvíkurveg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR





**VALLAHVERFI** Lögreglan kom systrunum á óvart við sunnanvert Vallahverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/MAPS.IS



**HÚSLEIT** Lögregla leitaði að sönnunargögnum á heimili Hlínar í Grafarholti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MALÍN BRAND**



**HLÍN EINARSDÓTTIR**

Björn Ingi Hrafnsson neitaði því í samtali við blaðamann að Sigmundur eða félag í hans eigu ætti hlut í DV eða að hann hefði lánað fyrir kaupum á DV.

„Forsætisráðherra fjármagnaði ekki kaup Pressunnar á DV. Hann á ekki hlut í blaðinu. Að öðru leyti óska ég eftir því að tekið sé tillit til þess að hér er mannlegur harmleikur á ferðinni og að aðgát skuli höfð í nærveru sálar," skrifaði Björn Ingi í stöðuuppfærslu á Facebook.

Verði systurnar fundnar sekar um fjárkúgun gætu þær átt yfir höfði sér sex ára fangelsi en fjárkúgun er brot á 251. grein almennra hegningarlaga.




stefanrafn@frettabladid.is
viktoria@frettabladid.is




ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir Facebook-hópurinn þar sem konur hafa deilt reynslu sinni af ofbeldi undanfarna daga?
**2.** Hvað hefur Erla Hlynsdóttir blaðamaður unnið mörg mál fyrir Mannréttindadómstól Evrópu?
**3.** Hvaða íslenski rappari neitaði að leyfa lögreglu að leita í vösum sínum?

**SVÖR:**
**1.** Beauty Tips. **2.** Þrjú. **3.** Emmsjé Gauti, Gauti Þeyr Másson.

Skoða sérmál milli funda til að halda kjaraviðræðunum gangandi áfram:

# Undirbúa bara boðaðar aðgerðir

**KJARAMÁL** Samninganefnd félaga iðnaðarmanna og Samtök atvinnulífsins funda aftur á föstudag eftir árangurslítinn fund í gærmorgun.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir samt mikið bera á milli þegar kemur að viðræðum um launalið samninganna. „Og það er svo sem jákvætt að menn ætli að tala saman áfram. Við ætlum að reyna að skoða sérmál á milli funda, bara til að reyna að hafa eitthvað til að tala um,“ segir hann.



**KRISTJÁN Þ. SNÆBJARNARSON**

Staðan sem uppi sé gefi þó ekki miklar væntingar um að saman náist í viðræðunum. „Ennþá eru bara í undirbúningi þær aðgerðir sem samþykkt hefur verið að ráðast í. Það er ekkert annað að gera. Til að breyta stöðunni þarf eitthvað nýtt að gerast.“ - óká



**TAFLAN LÖGUÐ** Iðnaðarmenn hefja verkfallsaðgerðir 10. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Boðað til fundar í kjaradeilu:

# Segist hóflega bjartsýnn

**KJARAMÁL** Ríkissáttasemjari hefur boðað samninganefndir hjúkrunarfræðinga og ríkisins til fundar í dag. Ólafur G. Skúlason, formaður Félags hjúkrunarfræðinga, segist ekkert vita um ástæðu boðunarinnar. „Þannig að ég er bara hóflega bjartsýnn,“ segir hann.

Samninganefndirnar hittust síðast hjá ríkissáttasemjara á föstudag. Verkfall hjúkrunarfræðinga hófst á aðfararnótt miðvikudagsins síðasta. - óká



**STÆRST** Píratar mælast með meira fylgi en stjórnarflokkarnir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýr þjóðarpúls Gallup:

# Píratar halda áfram að vaxa

**STJÓRNMÁL** Píratar halda áfram að auka við sig fylgi samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup.

Píratar mælast með 34,1 prósents fylgi sem er meira en fylgi Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins samanlagt.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 23 prósent og Framsóknarflokkurinn með 8,9 prósent.

Samfylkingin mælist með 12,4 prósent, Vinstri græn með 9,8 prósent og Björt framtíð með 7,4 prósent. 4,3 prósent segjast ætla að kjósa aðra flokka. - srs

Boða til fundar á morgun:

# Viðreisn mótar stefnu flokksins

**STJÓRNMÁL** Óstofnaði stjórnmálaflokkurinn Viðreisn heldur opinn stefnumótunarfund á Grand Hotel á morgun.

„Fundurinn er opinn öllum þeim sem vilja vinna að undirbúningi starfsins og aðhyllast frjálslynda stefnu þar sem almannahagsmunir eru settir framar sérhagsmunum,“ segir á heimasíðu Viðreisnar.

Unnið verður að stefnumótun í fimmtán málaflokkum á fundinum, þeirra á meðal eru húsnæðismál, heilbrigðismál og skipulag flokksins sjálfs. - þea

# Samningafundi BHM og ríkis frestað til þrjú í dag

„Nó komment,“ segir formaður samninganefndar BHM, um hvort fundur gærdagsins ýti undir bjartsýni um lausn á kjaradeilu félagsins við ríkið. Samninganefndirnar sátu á fundi í Karphúsinu í rúma fjóra tíma í gær.

**KJARAMÁL** Umræðu um punkta sem samninganefnd ríkisins lagði fyrir fulltrúa Bandalags háskólamanna (BHM) hjá ríkissáttasemjara í gær verður fram haldið síðdegis í dag. Fundi sem hófst klukkan tvö í gærdag var upp úr klukkan sex frestað til þrjú síðdegis í dag, að því er Páll Halldórsson, formaður samninganefndar BHM, segir.

„En í þessari stöðu sem við erum í hefur í raun ekkert gerst,“ sagði Páll eftir fundinn í gær. Samninganefnd ríkisins hafi ekki lagt fram formlegt tilboð, heldur umræðupunkta, sem ræddir hafi verið í gær og svo áfram í dag. „En á meðan menn eru með fund sem ekki hefur verið slitið þá er ekki venjan að ræða innihald fundanna,“ segir hann.



**PÁLL HALLDÓRSSON**

Um leið segir Páll rétt að fólk sé orðið langþreytt á verkfalli sem staðið hafi í átta vikur hjá hluta félagsmanna og óþreyjufullt eftir góðum fréttum af gangi viðræðna. Hann vill hins vegar ekki tjá sig um hvort stefna viðræðna nú gefi tilefni til aukinnar bjartsýni. „Ég held ég segi nú bara nó komment,“ segir hann.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, tekur í svipaðan streng og segir erfitt að spá um framhaldið. „Það voru ákveðnar hugmyndir lagðar á borðið sem við skiptumst á skoðunum um og erum að ræða. Á þessari stundu er eiginlega engu hægt að spá um það hvort tilefni sé til einhverrar bjartsýni. Við höldum bara áfram á morgun,“ sagði hún um kvöldmatarleytið í gær.

Á síðasta fundi fyrir þennan, sem fram fór á föstudag, virtist deilan komin í algjöran hnút. Þá var upplýst á vef BHM að samninganefnd ríkisins hefði hafnað tilboði BHM og slitið viðræðum. „Ríkið bauð um fjögurra prósenta launahækkun á ári og lagði jafnframt til að samið yrði til ársins 2019. Það segir sig sjálft að tilboð ríkisins mætir ekki kröfum BHM,“ sagði þá á vef félagsins. „Skilaboð ríkisins til starfsmanna sinna eru skýr. Ríkið hefur hvorki áhuga á að meta menntun til launa né laga það launakerfi sem starfsmenn þess búa við og meta störf þeirra.“

Á mánudag funduðu svo forystumenn BHM með Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra. Eftir þann fund kvaðst Páll búast við nýju útspili frá samninganefnd ríkisins á fundinum sem festað var í gær til dagsins í dag.

olikr@frettabladid.is



**HLUTI SAMNINGANEFNDAR BHM** Frá fundi í Karphúsinu. Fundi sem hófst eftir hádegi í gær var á sjöunda tímanum frestað þar til síðdegis í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**„Það voru ákveðnar hugmyndir lagðar á borðið sem við skiptumst á skoðunum um og erum að ræða. Á þessari stundu er eiginlega engu hægt að spá.**

*Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM*








# VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í **FRAMTÍÐINNI?**









Tengsl við atvinnulífið
**Frumkvöðlar**
Öflug nemendafélög
Kjarnafög
Áralöng reynsla
**Nýsköpun**
Háskóli á heimsmælikvarða

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið býður upp á fjölbreytt og hagnýtt námsúrval sem gerir þig að úrvals starfskrafti á alþjóðamarkaði.**

Skráðu þig í nám sem skapar atvinnu og nýja þekkingu.
Umsóknarfrestur er til 5. júní.

**Nýjar námsleiðir í boði**

Kynntu þér málið á **www.von.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

PIPAR\TBWA • SÍA • 152712

## SVONA ERUM VIÐ



**250** hvítabjarnakomur eru skráðar í íslenskar heimildir, með um 500 dýrum.

Unnið að undirbúningi lagningar jarðstrengs milli Fitja og Helguvíkur:

# Samið um tengivirki í Helguvík

**ORKUMÁL** Landsnet hefur undirritað samkomulag við Rafeyri um uppsetningu á háspennubúnaði í nýju tengivirki Landsnets í Helguvík. Samningurinn hljóðar upp á 129 milljónir króna og er miðað við að framkvæmdum verði að fullu lokið í janúar 2016.

Nýja tengivirkið, sem fengið hefur nafnið Stakkur, er við hlið kísilvers United Silicon (USi) við Stakksbraut og hannað með hugsanlega stækkun í huga.

Auk byggingar tengivirkisins Stakks felur verkefnið í sér uppsetningu á nýjum rofa í tengivirkinu á Fitjum og níu kílómetra langan jarðstreng milli Fitja og Helguvíkur.

Samið var við þýska fyrirtækið Nexans um jarðstrengskaupin og verður hann lagður sumarið 2015. Nú er unnið að hönnun og undirbúningi strenglagningarinnar í nánu samráði við þýska fyrirtækið og mun það jafnframt sjá um allar tengingar.

- shá



**STAKKUR** Nýja tengivirkið, sem fengið hefur nafnið Stakkur, er hannað með hugsanlega stækkun í huga. MYND/LANDSNET

Réttarhöldum frestað:

# Morsi bíður enn lokadóms

**EGYPTALAND** Dómstóll í Egyptalandi frestaði í gær uppkvaðningu lokadóms í máli Mohammeds Morsi og félaga. Þeir voru dæmdir til dauða eftir stutt réttarhöld í síðasta mánuði fyrir meinta aðild að óeirðum sem kostuðu fjölda fólks lífið árið 2011.

Morsi var kosinn forseti Egyptalands 2012 en steypt af stóli 2013 fyrir tilstilli hersins.

Dauðadómarnir voru harðlega gagnrýndir af mannréttindasamtökum og þjóðarleiðtogum. - gb

## FERÐAÞJÓNUSTA

### Örtröð skemmtiferðaskipa

Fjölgun skemmtiferðaskipa er til vandræða á Siglufirði. „Á árinu 2015 eru tveir dagar þar sem tvö skemmtiferðaskip verða á staðnum á sama tíma. Við þær aðstæður verður ekki pláss fyrir öll skip á Bæjarbryggju og því þarf að leggja togurum og/eða skemmtiferðaskipum annaðhvort að Ingvarsbryggju eða Óskarsbryggju,“ segir í fundargerð hafnarstjórnar sem fól yfirhafnarverði „að finna lausn á vandamálinu“.

## FJARÐABYGGÐ

### Kvennafundur frestast

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur ákveðið að flytja til dagsetningu bæjarstjórnarfundar sem einungis kvenbæjarfulltrúar og kvenvarabæjarfulltrúar eiga að sitja í tilefni af 100 ára kosningaafmæli kvenna. Fundurinn átti að vera á morgun. „Vegna óviðráðanlegra orsaka skal hann haldinn að loknu sumarleyfi bæjarstjórnar og stefnt skal að fyrsta reglubundnum fundi bæjarstjórnar þar eftir.“

TENNISÆFINGAR
FYRIR 13-18 ÁRA
byrjendur í sumar
virka daga kl. 16.30-18
Upplýsingar & skráning í síma
564 4030 og á tfk.is
TFK
Tennisfélag Kópavogs

Verðbólga 5,5 prósent 2016:

# Telja vextina munu hækka

**FJÁRMÁL** Hagfræðideild Landsbankans spáir því að stýrivextir verði hækkaðir um 0,5 prósentustig við vaxtaákvörðun í júní. Hagfræðideildin telur nær óhugsandi annað en að Seðlabankinn hækki stýrivexti í ljósi síðustu yfirlýsingar peningastefnunefndar Seðlabankans.

Hagfræðideildin býst við talsverði hækkun verðbólgu sem verði um 2 prósent á þessu ári og hækki svo í 5,5 prósent árið 2016 og 6 prósent árið 2017.

Þá spáir Landsbankinn því að að Seðlabankinn muni bregðast við með því að hækka stýrivexti um tvö prósentustig á þessu ári og tvö prósentustig til viðbótar árið 2016. Á árinu 2017 fari stýrivextir svo lækkandi á ný.

- ih



**FUNDAÐ** Málið var afgreitt 12 mínútum eftir að breytingar á því voru kunnar minnihlutanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Frumvarpið andvana fætt

Innanríkisráðherra og formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins segja flugvallafrumvarp Framsóknar vanreifað. Svipað gildir um viðhorf stjórnarandstöðu.

**STJÓRNMÁL** Flugvallafrumvarp þingmanna Framsóknarflokksins verður ekki að lögum í þeirri mynd sem það var afgreitt í úr umhverfis- og skipulagsnefnd á mánudag. Málið er vanreifað, virðist skoðun margra úr þingflokki sjálfstæðismanna.

Samkvæmt frumvarpinu, sem var afgreitt úr nefndinni mikið breytt með stuttum fyrirvara, á skipulagsvald á öllum alþjóðaflugvöllum landsins að færast frá sveitarfélögum til ríkisins. Frumvarpið tók aðeins til Reykjavíkurflugvallar þegar það var lagt fram upphaflega.

Minnihluti nefndarinnar brást ókvæða við afgreiðslu málsins úr nefndinni á mánudag, og fyrripart dags logaði Alþingi í deilum þar sem þingmenn allra stjórnarandstöðuflokkanna lýstu málinu sem stríðsyfirlýsingu og reginhneyksli.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir að hugmyndirnar sem birtast í frumvarpinu þurfi miklu meiri umræðu en farið hefur fram. „Þar til að hún hefur farið fram við þau sveitarfélög sem hlut eiga að máli og almennt, þá er ekki hægt að halda áfram með málið. Mér finnst sú leið sem Svíar hafa valið, að taka alþjóðaflugvelli sína í sérstakt skipulagsferli, áhugaverð. En það þarf að ræða svo stórar breytingar löngu áður en þær eru settar fram í frumvarpi með þessum hætti,“ segir Ragnheiður og tekur fram að hún sé mikill stuðningsmaður þess að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni, og þess að staðinn sé vörður um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga.

> **En það þarf að ræða svo stórar breytingar löngu áður en maður setur þær fram í frumvarpi með þessum hætti.**
>
> *Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins.*

Ólöf Nordal innanríkisráðherra sagði í viðtali við fréttastofu RÚV í gær að afgreiðsla nefndarinnar endurspeglaði að engin sátt væri um hvernig framtíðarmál Reykjavíkurflugvallar ættu að vera „en ég tel mjög varhugavert að stíga skref eins og Höskuldur [Þórhallsson, formaður nefndarinnar] er að gera þarna og ég get ekki séð fyrir mér að þetta sé nein niðurstaða sem sátt verði um.“

Innan úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins heyrði Fréttablaðið einnig í gær þá einarðlegu skoðun fleiri þingmanna flokksins að málið myndi aldrei ná í gegn, þrátt fyrir að fjórir þeirra hafi komið beint og óbeint að afgreiðslu nefndarinnar.

svavar@frettabladid.is

## Þingmaður Reykjavíkur var fjarverandi

**Þeir sem stóðu að nefndaráliti meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar:**

**Höskuldur Þórhallsson**
Framsóknarflokki, NA-kjördæmi, formaður og flutningsmaður.

**Haraldur Einarsson**
Framsóknarflokki, Suðurkjördæmi.

**Vilhjálmur Árnason**
Sjálfstæðisflokki, Suðurkjördæmi.

**Haraldur Benediktsson**
Sjálfstæðisflokki, NV-kjördæmi. Á ekki sæti í nefndinni.

**Ásmundur Friðriksson**
Sjálfstæðisflokki, Suðurkjördæmi. Varamaður í nefndinni.

**Elín Hirst**
Sjálfstæðisflokki, Suðvesturkjördæmi, var fjarverandi við afgreiðslu málsins en óskaði eftir að rita undir álitið. [í stað Haraldar Benediktssonar]

**Birgir Ármannsson**
Sjálfstæðisflokki, Reykjavíkurkjördæmi norður, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.


BOSCH
Kolalaus og hljóðlát Bosch þvottavél
Á fáránlega góðu verði!
Bosch
WAP 28498SN
Tekur mest 8 kg. Orkuflokkur A+++.
Hámarksvinduhraði 1400 sn./mín.
Mjög hljóðlátur, kolalaus og sparneytinn mótor („EcoSilence Drive“) með 10 ára ábyrgð.
Sérkerfi: Dúnkerfi, dökkur þvottur, skyrtur, íþróttafatnaður, mjög stutt kerfi (15 mín.), húðverndarkerfi (ECARF gæðavottun), blandaður þvottur, viðkvæmt/silki og ull.
Sjálfhreinsandi þvottaefnishólf.
VarioPerfect: Hægt að stytta tímann eða spara orku á þvottakerfum án þess að það komi niður á þvottahæfni.

Tilboð: 119.900 kr.
Fullt verð: 157.900 kr.
Opið virka daga frá kl. 11 - 18.
BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is



CR-V
HONDA
The Power of Dreams
VEGUR
FRAMFARA
ER ENDALAUS
BETRI AFKÖST, SPARNEYTNI OG TÆKNI
CR-V
KOMDU OG KYNNTU ÞÉR NÝJAN HONDA CR-V
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is



73

**Audi A6**
2.0 TFSI Avant
2007 **2.950.000** KR



109

**VW Passat**
Comfortline 4x4 2.0
2005 **1.590.000** KR
4x4



180

**VW Touareg**
2.5 TDI
2005 **2.750.000** KR
4x4



120

**Lexus**
RX400 Hybrid EXE
2008 **3.990.000** KR
4x4



140

**Toyota**
Corolla
2007 **1.320.000** KR



148

**Mazda 3**
H/B T PLUS
2006 **1.150.000** KR

30 Ekinn þús. km.
Myndir á vef
Dísil
4x4 Fjórhjóladrif
ECO Metan & bensín
A Sjálfskiptur
Beinskiptur
Rafmagnsbíll



**FLUTTIR**

KLETTHÁLS NÝR SÝNINGASALUR

Velkomin í einn stærsta sýningarsal notaðra bíla á landinu að Klettháls 13. Enn betri þjónusta í enn betra umhverfi.

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

Klettháls 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040

Das Auto. Audi ŠKODA MITSUBISHI MOTORS


# Ala hrognkelsi til áts á laxalús í Færeyjum

Stofnfiskur ehf. og Tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunar ala og selja hrognkelsaseiði til Færeyja til aflúsunar í laxeldi. Tilraunir ganga vonum framar – áframhald fyrirséð næstu árin. Aðferðin kemur til greina við laxeldi hér á landi.

**FISKELDI** Tilraunir í Færeyjum með að nýta íslensk hrognkelsaseiði til aflúsunar á laxi í sjókvíum ganga vonum framar. Vonir standa til að öflugt vopn hafi fundist í baráttu gegn þessari plágu í laxeldi í Færeyjum og ekki útilokað að hrognkelsin nýtist hjá íslenskum laxeldisfyrirtækjum í framtíðinni í sama tilgangi. Seiðaeldið er samstarfsverkefni Tilraunaeldisstöðvar Hafrannsóknastofnunar í Grindavík og Stofnfisks ehf., sem hafði milligöngu um að koma verkefninu á fót í samstarfi með fyrirtæki í Færeyjum.



**AGNAR STEINARSSON**

Verkefnið hófst í fyrra og hefur samstarfssamningur um seiðaeldið verið endurnýjaður. Í byrjun apríl 2014 fór báturinn Tryllir GK 600 og veiddi 64 grásleppur og 24 rauðmaga fyrir utan Grindavík. Hrognataka og frjóvgun tókst vel og sjúkdómarannsóknir stóðust allar kröfur Færeyinga til að innflutningur væri mögulegur. Yfir 500.000 seiði komust „á legg“, og voru fyrstu seiðin flutt til Færeyja í nóvember.

Agnar Steinarsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir seiðamagnið í eldi svipað og í fyrra, kannski heldur meira, en þetta árið var byrjað mun fyrr á klaki úr villtum fiski. Seiðin vaxa mjög hratt og eru tilbúin til flutnings eftir fimm til sex mánuði. Það gefur möguleika á afhendingu seiðanna á hagstæðari tíma, en flutningar á seiðum yfir vetrarmánuðina í fyrra reyndust erfiðir.

„Reynslan sýnir að seiðin éta gríðarlegt magn af lús, en laxalús er viðvarandi vandamál í Færeyjum. Þeir eru mjög áhugasamir um þetta verkefni enda 80 prósent af hrognkelsunum sem voru sett í kvíarnar lögst í lúsaát, sem er hátt hlutfall. Þeir hafa sparað sér með öllu að meðhöndla fiskinn með lyfjum. Því fylgir bæði kostnaður og svo er þetta mun umhverfisvænna í öllum skilningi,“ segir Agnar.



**Á HANDARBAKI** Þessi seiði eru aðeins gramm að þyngd og eiga eftir að tuttugufaldast í þyngd áður en þau verða send til Færeyja. MYND/AGNAR

Í Fiskeldisfréttum Sjávarútvegsþjónustunnar var fjallað um tilraunina í febrúar. Þar segir að samfara auknu sjókvíaeldi á Íslandi megi gera ráð fyrir að hrognkelsaseiði verði sett í eldiskvíar hér á landi til að halda niðri laxalús.

Hugmyndin um aflúsun með lifandi fiski er frá Noregi komin. Þar í landi eru áætlanir uppi um eldi á milljónum hrognkelsaseiða, sem er til marks um hversu vel fiskurinn hentar til verksins á norðlægum slóðum.

svavar@frettabladid.is




VIÐ ERUM MEÐ ÞÉR TIL ÖRYGGIS

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

Verið velkomin á sérstaka kynningu á öryggishnappi í verslun Öryggismiðstöðvarinnar að Askalind 1 í Kópavogi, fimmtudaginn 4. júní kl. 15–17.

Komdu og kynntu þér öryggishnappinn, hvernig hann virkar og þá þjónustu sem við veitum þegar boð berast.



ÖRYGGISHNAPPUR

Það er mikilvægt að við gætum vel hvert að öðru. Öryggishnappurinn er einfaldur í notkun og veitir mikið öryggi. Hjúkrunarfræðingur er á vakt allan sólarhringinn og reykskynjari, beintengdur stjórnstöð, fylgir með án endurgjalds.

Öryggismiðstöðin | Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 Njarðarnesi 1 | Akureyri | Sími 470 2400 Nánar á oryggi.is

# Bauknecht

# Bakarofn með blæstri og spansuðu helluborð

# 25% afsláttur



**Bauknecht BLZE6100IN**

- Bakarofn með blæstri
- Tvöfalt gler
- 52 ítra ofnrými
- 8 kerfi
- Fjórar hæðir
- Stafræn klukka
- Blásturs element
- 2 útdraganlegir sleðar
- Orkuflokkur A
- Stál áferð

**Bauknecht ETPI8640BA**

- Spansuðu helluborð
- 59 sm helluborð
- Tímastilling á hellum
- Barnalæsing
- Glerkantur með fláa
- 4 hellur með snertitökkum
- 2 x 1400w hella 14,5 sm
- 2 x 2300W hella 21,5 sm

***Tvö tæki saman í tilboðspakka!***

## TILBOÐ

**VERÐ 179.985**

VERÐ ÁÐUR **239.980**

Bauknecht

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Í gjörgæslu í þrjár vikur:

# Helmut Kohl þungt haldinn

**ÞÝSKALAND** Helmut Kohl, fyrrverandi kanslari Þýskalands, hefur legið þungt haldinn á gjörgæslu í þrjár vikur á sjúkrahúsi í Heidelberg.

Þýska tímaritið Bunte segir Kohl hafa verið meðvitundarlausan dögum saman eftir að hafa gengist undir aðgerð.

Kohl, sem er 85 ára, var kanslari 1982-1998 og átti ríkan þátt í friðsamlegri sameiningu Austur- og Vestur-Þýskalands eftir fall Berlínarmúrsins árið 1989. - gb

Lítil kolmunnaveiði og íslensku skipin á leið heim fyrir sjómannadaginn:

# Vertíðin hefur gefið 79.000 tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Fiskimjölsverksmiðjur Síldarvinnslunnar í Neskaupstað og á Seyðisfirði hafa tekið á móti um 79 þúsund tonnum af kolmunna það sem af er vertíðinni. Alls hafa 45 þúsund tonn komið að landi í Neskaupstað og 34 þúsund tonn á Seyðisfirði.

Gunnar Sverrisson, rekstrarstjóri fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar, segir í frétt á vef fyrirtækisins að útlit sé fyrir ágætt ár hjá fiskimjölsverksmiðjunni á Seyðisfirði en hún hefur tekið á móti 70 þúsund tonnum af hráefni það sem af er ári, þar af 36 þúsund tonnum af loðnu.

Guðjón B. Magnússon, verksmiðjustjóri í Neskaupstað, upplýsir að verksmiðjan þar hafi tekið á móti 103.500 tonnum af hráefni það sem af er árinu og þar vegi loðnan þyngst.

Dofnað hefur yfir kolmunnaveiðunum í færeysku lögsögunni nú síðustu dagana og eru skipin að leita mun norðar en áður. - shá



**BJARNI ÓLAFSSON** Skipin flykkjast brátt heim fyrir hátíð sjómanna um helgina. MYND/HÁKON ERNUSON

Hinsegin fræðsla í Garðabæ:

# Í samstarf við Samtökin '78

**MANNRÉTTINDI** Bæjarráð Garðabæjar hefur samþykkt að hinsegin fræðsla verði veitt í bænum.

Skólanefnd bæjarins á að útfæra tillögur um fræðsluna sem á að vera í samstarfi við Samtökin '78.

Áður hafa Hafnafjörður, Kópavogur og Árborg samþykkt að útfæra hinsegin fræðslu í sínum sveitarfélögum auk Reykjavíkur sem hefur verið með samstarfssamning við Samtökin '78 síðan 2012. - srs



**ALEXIS TSIPRAS** Forsætisráðherra Grikklands hefur neitað að hlíta fyrri skilmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Lánardrottnar Grikklands komust að niðurstöðu:

# Grikkjum gert tilboð

**BELGÍA Lánardrottnar Grikklands hafa komist að samkomulagi og hyggjast kynna Grikkjum tillögur sínar í dag. Þetta fullyrti gríska dagblaðið Ekathimerini á vefsíðum sínum í gær.**

**Grikkir lögðu fram sínar tillögur að lausn skuldavandans á mánudag, en samkvæmt heimildum Ekathimerini eru þær tillögur töluvert óljósari en hugmyndir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, evruríkjanna og Seðlabanka Evrusambandsins.**

**Gríska stjórnin hefur reynt að komast undan því að fylgja umsaminni áætlun um endurgreiðslu skulda sinna til þessara þriggja stærstu lánardrottna sinna.**

**Alexis Tsipras forsætisráðherra segir hugmyndir stjórnar sinnar raunhæfar, en lánardrottnarnir virðast ekki alfarið á sama máli.**

**Næsti stóri gjalddagi er á föstudaginn, en þá eiga þeir að greiða Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 300 milljónir evra. Stórir gjalddagar reka síðan hver annan næstu vikurnar, en stærsta endurgreiðslan á að vera í næsta mánuði. Þann 20. júlí á Grikkland að greiða 3,5 milljarða evra til Seðlabanka ESB.** - gb

BYRJENDANÁMSKEIÐ Í TENNIS FYRIR FULLORÐNA
eru að hefjast
Skráning stendur yfir í síma 564 4030 og á tennishollin.is
TENNISHÖLLIN Kópavogi

# Þingið sendi lögin áfram til Obama

Öldungadeild Bandaríkjaþings samþykkti í gær ný lög um eftirlitsheimildir leyniþjónustunnar. Breytingartillögur repúblikana voru allar felldar. Fyrri lagaheimildir runnu út um mánaðamótin, en nú verða eftirlitinu settar strangari skorður.

**BANDARÍKIN** Öldungadeild Bandaríkjaþings samþykkti í gær með 62 atkvæðum gegn 27 Frelsislögin svonefndu, sem veita leyniþjónustustofnunum heimildir til þess að stunda margvíslegt eftirlit með borgurum landsins.

Eftirlitinu verða þó settar strangari skorður en í fyrri lögum, Föðurlandslögunum svonefndu, sem runnu út um mánaðamótin. Í gær samþykkti deildin jafnframt að framlengja að hluta Föðurlandslögin, sem upphaflega voru sett í kjölfar hryðjuverkanna 11. september 2001 til að tryggja öryggi Bandaríkjanna.

Öldungadeildarþingmaðurinn Ron Wyden segir Frelsislögin mikilvægasta sigur sem unnist hafi í baráttunni fyrir borgararéttindum í Bandaríkjunum í meira en áratug.

Bandaríska þjóðaröryggisstofnunin hefur ekki lengur þær víðtæku heimildir til eftirlits með símanotkun og netsamskiptum fólks, sem Föðurlandslögin veittu.

Repúblikanar í öldungadeild töldu heimildirnar í nýju lögunum hins vegar ekki nógu víðtækar og reyndu að gera á þeim breytingar, en þær breytingartillögur voru allar felldar í gær í atkvæðagreiðslu í deildinni.

Lögin hafa þegar verið samþykkt í fulltrúadeild þingsins og Barack Obama forseti hefur lagt blessun sína yfir þau, þannig að þau taka væntanlega gildi um leið og hann hefur undirritað þau.

Gildistími fyrri laga rann út um mánaðamótin og þar með hætti Bandaríska þjóðaröryggisstofnunin, NSA, hinni stórtæku upplýsingasöfnun, sem Edward Snowden ljóstraði upp um fyrir nærri tveimur árum.

Aðrar leyniþjónustustofnanir Bandaríkjanna hafa heldur ekki lengur heimild til að stunda margvíslegt annað eftirlit með athöfnum fólks, til dæmis með viðskiptum sem grunur leikur á að geti tengst hryðjuverkastarfsemi.

Upphaflega var það talið vera einfalt afgreiðsluatriði að framlengja lagaheimildirnar, en uppljóstranir Edwards Snowden settu strik í þann reikning og andstaðan við njósnirnar hefur verið töluverð, bæði meðal almennings og meðal bandarískra þingmanna.

Ef breytingartillögur McConnells hefðu verið samþykktar í gær hefði frumvarpið aftur komið til kasta fulltrúadeildarinnar, sem að öllum líkindum hefði ekki samþykkt útgáfu öldungadeildarinnar óbreytta, og sent enn aðra útgáfu aftur til öldungadeildar.

gudsteinn@frettabladid.is



**MITCH MCCONNELL** Leiðtogi repúblikana í öldungadeild Bandaríkjaþings gengur til þings í gær, áður en gengið var til atkvæða. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

➜ Edward Snowden ljóstraði fyrir nærri tveimur árum upp um víðtækar njósnir Bandaríkjanna um símnotkun fólks víða um heim.

LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is
20% afsláttur
af 100g og 150g Voltaren Gel í júní




Lyfjaauglýsing

Lágmúla
Laugavegi
Nýbýlavegi
Smáralind
Smáratorgi
Borgarnesi
Grundarfirði
Stykkishólmi
Búðardal
Patreksfirði
Ísafirði
Blönduósi
Hvammstanga
Skagaströnd
Sauðárkróki
Húsavík
Þórshöfn
Egilsstöðum
Seyðisfirði
Neskaupstað
Eskifirði
Reyðarfirði
Höfn
Laugarási
Selfossi
Grindavík
Keflavík

# VERKFÆRA SALAN

# TILBOÐ
**DAGANA 26. MAÍ TIL 16. JÚNÍ**

Tilboð **219.900,-** M18 FUEL



**OFURSETT M18 CPP6A-502B**
Höggborvél, sverðsög, höggskrúfvél, hjólsög, slípirokkur, vinnuljós, 3 x 5,0 Ah Red Li-Ion rafhlöður, hleðslutæki og verkfærataska.
**MW 4933 4483 40**

Tilboð **49.900,-** M18



**POWERPACK M12 BPP2D-402B**
Hleðsluborvél og tifvél
2 x 4,0 Ah Red Li-Ion rafhlöður
hleðslutæki og verkfærataska.
**MW 4933 4412 50**

Tilboð **139.900,-** M18



**M18SET2A-503W**
Höggborvél og slípirokkur
3x 5,0Ah rafhlöður
**MW 4933 4485 56**

Tilboð **179.900,-** M18



**M18 PP6D-502B**
Nett höggborvél, hersluskrúfvél
HD stingsög, HD sverðsög
vinnuljós, 3x5,0Ah rafhl og taska
**MW4933 4510 39**

Tilboð **36.900,-** M12



**M12BDD-402C**
Nett bor og skrúfvél
2x4,0Ah rafhlöður
**MW 4933 4419 35**

Tilboð **49.900,-** M18



**M18BPD-402C**
Nett höggborvél
Átak: 60Nm 2x4,0Ah rafhlöður
**MW 4933 4435 20**

Tilboð **99.900,-** M18 FUEL



**M18 Set1-503X**
M18 CPD höggborvél
3x5,0 Ah. rafhlöður
Átak: **80 Nm.**
**MW 4933 4481 15**

Tilboð **99.900,-** M18 FUEL



**M18CAG125X-502C**
125 slípirokkur
2x5,0Ah rafhlöður
**MW 4933 4481 90**

Tilboð **9.900,-**



**AG750-125**
Slípirokkur 125mm.
Mótor: 750 W.
Sn/mín: 10.000
**MW 4933 4191 80**

Tilboð **62.900,-** M12 FUEL



**M12CCS44-402C**
44mm. hjólsög
2x4,0Ah rafhlöður
**MW 4933 4482 35**

Tilboð **89.900,-** M18



**M18BH-402C**
Nett SDS+ borhamar
1,2J 2x4,0Ah rafhlöður
**MW 4933 4433 30**

Tilboð **105.900,-** M18 FUEL



**M18CHIWF12-502C**
H: 950Nm
L: 1491Nm
1/2" herslulykill
2x5,0Ah rafhlöður
**MW 4933 4481 00**

## KAUPAUKI



Milwaukee Fleece peysa fylgir öllum Milwaukee settum meðan birgðir eru

## KAUPAUKI



Ef verslað er fyrir 250þ fylgir M12 Útvarp að verðmæti kr.24.900.- C12JSR

## KAUPAUKI



Ef verslað er fyrir 300þ fylgir M18 Útvarp að verðmæti kr.44.990. C12-28DCR

**Milwaukee bíllinn verður með kynningar á Íslandi dagana 26. maí til 16. júní. Fylgstu með hvenær bíllinn verður nálagt þér. Komdu og prófaðu nýjustu tækin.**




# REYKJAVÍK
## Miðvikudaginn 3. júní klukkan 9.00 til 18.00

**Sérfræðingar frá Milwaukee verða í verslun okkar að Síðumúla 11, og ráðleggja viðskiptavinum.**
**Heitt á grillinu.**

**Síðumúla 11 - 108 Reykjavík**
**Sími 568-6899**
**Netfang: vfs@vfs.is**
**Netsíða: www.vfs.is**

**Bíllinn verður staddur sem hér segir:**

| 4. júní | 5. júní | 6. júní |
|---|---|---|
| Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur |
| Grundartangi<br>Akranes<br>Borgarnes | Stykkishólmur | Tálknafjörður<br>Bíldudalur<br>Patreksfjörðu |

| 8. júní | 9. júní | 10. júní | 11. júní | 12. júní |
|---|---|---|---|---|
| Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
| Ísafjörður<br>Bolungarvík | Hvammstangi<br>Blönduós<br>Skagaströnd | Sauðárkrókur<br>Siglufjörður | Ólafsfjörður<br>Dalvík | Akureyri |

Hröpuðum niður listann í stað þess að leiða hann:

# Árangurinn hefur látið á sér standa

Niðurstöður úttektar IMD-viðskiptaháskólans á samkeppnishæfni þjóða sem Viðskiptaráð Íslands birti í síðustu viku eru áhugaverðar í sjálfu sér, en einnig vegna þess að með þeim má segja að fengin sé niðurstaða í spá sem framtíðarhópur Viðskiptaráðs og Háskólans í Reykjavík setti fram og kynnti í febrúar 2006 um hver staða Íslands gæti orðið árið 2015. Um þær mundir var Ísland fjórða samkeppnishæfasta land heims, en er nú í 24. sæti á lista IMD.

Niðurstaðan nú er fjarri því sem að var stefnt 2006 og alls ekki í samræmi við væntingar um áframhaldandi uppgang fjármálastarfsemi, eflingu menntakerfisins, aukna fjárfestingu og styrkingar viðskiptasiðferðis. Markið var sett hátt, að gera Ísland að samkeppnishæfasta landi heimi.



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

En hér hefur náttúrlega ýmislegt gengið á í millitíðinni, svo sem fullkominn stormur efnahagshamfara með falli fjármálakerfisins 2008.

Raunar var það líka á Viðskiptaþingi 2006, þegar skýrsla framtíðarhópsins var kynnt, að Halldór Ásgrímsson, sem er nýlátinn, þá forsætisráðherra, spáði því að Ísland yrði gengið í Evrópusambandið árið 2015. Í efnahagsritinu Vísbendingu er rifjað upp að í ræðu hans á þinginu hafi komið fram framtíðarsýn, sem fátítt sé hjá stjórnmálamönnum. Hann hafi bent á að forsendurnar fyrir árangri væru tvær, frelsi og stöðugleiki. Segja má að hér hafi síðustu misseri náðst einhver stöðugleiki, en á kostnað frelsisins með fjármagnshöftum. Nú er spurningin hvort stöðugleikinn heldur þegar höftum sleppir.

„Stóra spurningin er hvort við verðum þá með sjálfstæða íslenska krónu eða hvort við verðum orðnir fullgildir aðilar að Evrópusambandinu," sagði Halldór í febrúar 2006 og bætti við: „Við verðum að viðurkenna að sveiflur í gengi íslensku krónunnar eru vandamál og spurningar eru uppi um möguleika lítilla gjaldmiðla á frjálsum fjármálamarkaði." Í ræðu sinni fjallaði Halldór líka um fleiri umbótamál; ótti við breytingar mætti ekki hamla framförum, endurskoða þyrfti hömlur á fjárfestingu útlendinga í tilteknum atvinnugreinum, svo sem sjávarútvegi, og að liðka þyrfti fyrir sveigjanlegum starfslokum aldraðra.

„Skömmu síðar hætti Halldór stjórnmálaþátttöku, flest þau mál sem hann nefndi eru enn óleyst og flokkur hans helsti þröskuldur í vegi umbóta," segir í Vísbendingu.

En þótt sá árangur sem að var stefnt hafi ekki náðst þá dugar ekki að gefast upp. Viðfangsefnin hverfa ekki. Hér viljum við byggja á stöðugleika og frelsi. Á fundi Viðskiptaráðs í síðustu viku var kynntur aðgerðalisti til að auka efnahagslegan stöðugleika, bæta regluverk, auka alþjóðavæðingu, lækka skatta og gera opinberan rekstur skilvirkari.

Nákvæm útfærsla er hins vegar eftirlátin stjórnmálunum. Nákvæmlega hvernig á að vinna hér að umbótum á vinnumarkaði, bæta umgjörð peningamála og minnka stjórnmálalega óvissu, er því ekki vitað. Kannski skýrist myndin þegar loks verður kynnt frumvarp um afnám hafta. Maður getur jú alltaf vonað.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Getum við gert betur?**
Eldar Ástþórsson hefur tekið sæti á þingi fyrir Bjarta framtíð. Eldar er nýliði á Alþingi, en hefur marga fjöruna sopið í ýmiss konar viðburðaskipulagningu og nú síðast hjá CCP. Glöggt er gests augað er oft sagt og kannski ágætt að gefa honum orðið um hvernig þingið kemur honum fyrir sjónir, en undir liðnum störf þingsins leyfði hann sér að spyrja í gær: „Getum við virkilega ekki gert betur? Ég hef bara verið hérna í nokkra daga og ég verð að segja að ég skil ekki hvernig þið getið unnið í þessu umhverfi." Þegar stórt er spurt er oft lítið um svör. Ýmsir urðu til að fagna orðum Eldars, klappa honum á bakið og hrósa undir vegg fyrir ræðuna. Ekki varð þó séð að orð hans breyttu neinu hvað varðaði hegðun og orð annarra þingmanna.



**Lög í bundnu máli**
Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, kvartaði í gær yfir því að lagatexti væri oft tyrfinn. Hann þyrfti að vera á máli sem fólkið, sem eftir lögunum þarf að fara, skildi. Einhverjar breytingar þyrfti, hvað sem er, jafnvel að hafa hann í ferskeytluformi. Það er góð hugmynd, enda vitað mál að:
Ferskeytlan er Frónbúans
fyrsta barnaglingur,
en verður seinna í höndum hans,
hvöss sem byssustingur.



**Kvennaþingið**
Loksins kom pönk á Alþingi í gær þegar þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, lagði til að á árunum 2017 til 2019 sætu aðeins konur á þingi. Öllum róttækum tillögum ber að fagna og eins og Ragnheiður benti á mundi þarna gefast færi á að kanna hvort sannleikskorn leynist í því að „vinnubrögð kvenna séu með öðrum hætti en vinnubrögð karla", eins og Ragnheiður orðaði það. Nú er að sjá hvort karlarnir á þingi séu hrifnir af hugmyndinni.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Aðalfundur SÁÁ**

**verður haldinn fimmtudaginn 11. júní kl. 17:15 í Von, Efstaleiti 7**

**Dagskrá fundarins er:**

- Skýrsla stjórnar
- Reikningar samtakanna lagðir fram
- Lagabreytingar
- Kosning í stjórn
- Önnur mál

SÁÁ
SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN

# Enn er ójafnt skipt

KJARABÆTUR



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Ríkisstjórnin hefur kynnt aðgerðir til að liðka fyrir gerð kjarasamninga. Fyrir margt almennt launafólk eru aðgerðirnar jákvæðar og hrósa ber verkalýðshreyfingunni fyrir að knýja fram skárri stjórnarstefnu.

Það er gott að sjá löngu tímabærar skattalækkanir til meðaltekjuhópa. Við höfum rekið á eftir því að gerðir fylgi orðum í húsnæðismálum og nú er boðuð uppbygging félagslegs húsnæðis, niðurgreiðsla húsnæðiskostnaðar lágtekjufólks og aukning húsaleigubóta, þótt meira þurfi til.

**En eins og alltaf hjá þessari ríkisstjórn er ójafnt skipt**

Sá helmingur þjóðarinnar sem er í neðri hluta tekjustigans fær afar lítið í sinn hlut af skattkerfisbreytingunum. Einstaklingur með 700.000 krónur fær rúmlega 11.000 króna hækkun á ráðstöfunartekjum á mánuði samanborið við um 1.000 króna hækkun þess sem er með 300.000 krónur.

Ráðstöfunartekjur fólks á lágmarksbótum almannatrygginga hækka um 690 krónur á mánuði. Segi og skrifa 690 krónur.

Þá hefur ríkisstjórnin staðfest að aldraðir, öryrkjar og atvinnulausir fái EKKI hækkun í 300 þúsund krónur á mánuði, eins og fólk á vinnumarkaði. Þrátt fyrir að lágmarksbætur almannatrygginga séu undir 200 þúsund krónum á mánuði mun ríkisstjórnin ekki beita sér fyrir því að þær hækki til samræmis við hækkun lægstu launa.

Mikill fjöldi aldraðra og öryrkja hefur ekki meira en rétt um 200 þúsund krónur til framfærslu á mánuði, fyrir skatt. Það er fullkomlega ófært, ef það er orðið sammæli í landinu að 300 þúsund krónur á mánuði sé lágmarksviðmið um ásættanleg laun. Í kjölfar kjarasamninga árið 2011 voru bætur látnar taka breytingum til samræmis við hækkun lægstu launa. Það er fordæmi sem vert væri að horfa til.

Það voru margar aðrar betri leiðir tiltækar. Ein hefði verið að nýta áfram kosti þriggja þrepa skattakerfis. Önnur að koma á stighækkandi persónuafslætti þannig að lágtekjufólk og lífeyrisþegar hefðu fengið úrlausn og meðaltekjufólk sanngjarna skattalækkun. Það hefði verið mun betri kostur en sú niðurstaða sem orðin er.

Við getum ekki búið í samfélagi þar sem þeir betur stæðu njóta einir kjarabóta en aldraðir, öryrkjar og atvinnulausir eru skildir eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Lamandi áhrif biðar eftir rannsóknum og niðurstöðum

KJARAMÁL


Ellen Calmon
formaður ÖBÍ

**➜ Fólk bíður upp á von og óvon eftir því hver sjúkdómsgreiningin verður eða hvers lags meðferð bíður þeirra. Einu svörin sem berast eru á þá leið að þetta tefjist allt vegna verkfalla.**

Öryrkjabandalag Íslands er regnhlífarsamtök 37 aðildarfélaga sem eru samtök fatlaðs fólks, sjúklinga og aðstandenda þeirra. Félagar í mörgum aðildarfélögum ÖBÍ eru verulega uggandi yfir stöðu samningaviðræðna ríkisins við heilbrigðisstarfsfólk. Til ÖBÍ leita fjölmargir sjúklingar og aðstandendur þeirra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda en fá hana ekki eða þurfa að bíða óþarflega lengi eftir henni um þessar mundir.

**Dýrkeypt mistök geta átt sér stað**

Við höfum heyrt af sjúklingum sem hafa legið inni á Landspítalanum þar sem andrúmsloftið er þrungið. Bið eftir að komast í rannsóknir er löng og þeir sem loks komast í rannsóknir bíða lengi eftir niðurstöðunum. Þessar aðstæður geta haft lamandi áhrif bæði á sjúklinga og aðstandendur. Margir hverjir kvíða niðurstöðum og aðrir geta sig hvergi hreyft fyrr en niðurstöður liggja fyrir. Fólk bíður upp á von og óvon eftir því hver sjúkdómsgreiningin verður eða hvers lags meðferð bíður þess. Einu svörin sem berast eru á þá leið að þetta tefjist allt vegna verkfalla. Óánægju gætir hjá sjúklingum og aðstandendum. Fólk verður óþreyjufullt og aðgangsharðara við að krefjast rannsókna og svara sem skapar svo enn frekari spennu í ferlinu sem fram undan er. Starfsfólk reynir svo sannarlega að gera sitt besta, en álagið er gríðarlegt og þá er hætta á að eitthvað gefi sig og dýrkeypt mistök geti átt sér stað.

**Semjið tafarlaust í þágu sjúklinga**

Sjúkrahúsið á að vera griðastaður meðferðar, endurhæfingar og líknar þar sem hagur sjúklinga og bati þeirra á að vera hafður í fyrirrúmi. Sjúklingar eru ekki varðir fyrir veraldlegum áhyggjum á sjúkrahúsinu við þessar aðstæður heldur vakna þeir við óm af verkfalls- og kjarabótaumræðum starfsfólks á göngum sjúkrahússins. Kurr heyrist í hverju horni. Eru þessar aðstæður ekki fýsilegar þeim sem eru að reyna ná bata og sumir hverjir að berjast fyrir lífi sínu. Í því andrúmslofti sem nú ríkir á Landspítalanum er ekki hægt að segja að umhverfið sé heilandi. Þessum aðstæðum verður að linna nú þegar, því annars er hætta á að illa fari. Ég krefst þess að ráðherra og ríkisstjórnin setjist tafarlaust að samningaborði með heilbrigðisstarfsfólki í því augnamiði að leysa vandann sem fyrst og semja í þágu sjúklinga.

# Er hættulegt efni í þessum sófa?

NEYTENDUR


Þuríður Hjartardóttir
framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna

**➜ Danir hafa lagt mikla áherslu á að kynna þennan rétt og gera neytendum auðveldara fyrir að sækja upplýsingarnar. Þannig hafa dönsk stjórnvöld gert þjónustusamning við neytendasamtökin þar í landi um að gæta hagsmuna neytenda þegar kemur að efnum í umhverfinu, í samstarfi við dönsku umhverfisstofnunina.**

Eins og fram kemur á síðunni grænn.is sem Umhverfisstofnun heldur úti eru kemísk efni alls staðar í okkar daglega lífi. Þar sem sum þeirra eru varasöm eiga upplýsingar um innihaldsefni, hættu og varúðarleiðbeiningar að koma fram á umbúðum efna og efnablandna. Hins vegar er ekki gerð krafa um innihaldslýsingu á umbúðum hluta.

Samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 geta viðskiptavinir farið fram á upplýsingar um hvort hluturinn sem verið er að skoða til kaups innihaldi efni sem eru sérstaklega varhugaverð fyrir umhverfi og heilsu. Þ.e. efni sem eru á lista (REACH) yfir sérlega hættuleg efni; hormónaraskandi efni, þalöt, eldtefjandi brómefni og lífræn flúorsambönd. Þetta á við um hluti eins og húsgögn, raftæki, fatnað, leikföng og íþróttavörur. Neytendur geta því óskað eftir þessum upplýsingum hjá söluaðila og ef hann þarf að sækja þær til framleiðanda eða birgja, hefur hann 45 daga til að koma þessum upplýsingum til neytandans honum að kostnaðarlausu.

Danir hafa lagt mikla áherslu á að kynna þennan rétt og gera neytendum auðveldara fyrir að sækja upplýsingarnar. Þannig hafa dönsk stjórnvöld gert þjónustusamning við neytendasamtökin þar í landi um að gæta hagsmuna neytenda þegar kemur að efnum í umhverfinu, í samstarfi við dönsku umhverfisstofnunina. Þau hafa m.a. þróað áhugavert smáforrit fyrir snjallsíma, Tjekkemien, þar sem neytendur geta einfaldlega skannað strikamerkið og sent sjálfvirka fyrirspurn til seljandans um varasömu efnin í vörunni.

**Fáir nýta sér rétt sinn**

Fáir virðast vita af eða nýta sér rétt sinn til upplýsinga um hvort hluturinn innihaldi varasamt efni í þeim styrk sem tilgreindur er skv. lögum. Neytendasamtökin vilja gjarnan heyra frá neytendum sem hafa óskað eftir slíkum upplýsingum hér á landi og reynslu þeirra af því. Almennt eru neytendur lítið meðvitaðir um áhrifin sem efni í vörum geta haft bæði á heilsu og umhverfið og miðað við stefnu og áherslur hafa íslensk stjórnvöld sýnt þessum málaflokki lítinn skilning. Þó er fagnaðarefni þegar Norðurlandaráð birtir yfirlýsingu um rétt neytenda á daglegu lífi án eiturefna sbr. grein í Fréttablaðinu þann 22. maí sl. þar sem Elín Hirst skrifar undir fyrir Íslands hönd.

Önnur norræn ríki hafa lengi verið í fararbroddi í rannsóknum á áhrifum efna og efnavara og þróun laga og reglugerða þar að lútandi. Í kjölfar áðurnefndrar yfirlýsingar er vonandi að íslensk stjórnvöld sýni það á borði en ekki bara í orði að þau ætli að gera þessum málaflokki hærra undir höfði. Stjórnvöld gætu innleitt Tjekkemien og jafnvel Hormonsjekk sem er norskt smáforrit fyrir snjallsíma og gefur upplýsingar eða kallar eftir upplýsingum um hormónatruflandi efni m.a. í snyrtivörum. Einnig gætu stjórnvöld stuðlað að sameiginlegum norrænum gagnagrunni fyrir áðurnefnd smáforrit. En hvað sem verður þá gætu íslensk stjórnvöld staðið fyrir miklu betri upplýsingagjöf til almennings á mörgum sviðum sem koma bættri lýðheilsu við. Það er mikilvægt fyrir neytendur að fá skýrar og skiljanlegar upplýsingar um innihald í vörum og áhættuna sem stafar af varasömum efnum í daglegu lífi.

# Frétt sem var engin frétt en hefði getað orðið stórfrétt

STJÓRNSÝSLA


Gissur Pétursson
forstjóri Vinnumálastofnunar

**➜ Eðlilega er hann bæði sár og reiður með þessa niðurstöðu og beinir henni gegn Vinnumálastofnun sem sér um útreikninga og greiðslu atvinnuleysisbóta.**

Í Fréttablaðinu í gær er „frétt“ um afstöðu og tilfinningar einstaklings til Vinnumálastofnunar. Þar fullyrðir viðmælandi blaðamannsins að stofnunin hlunnfari hann um svokallað frítekjumark í atvinnuleysistryggingakerfinu sem leiði til þess að hann hafi minna handa á milli eftir að hann fór í starf samhliða bótum. Eðlilega er hann bæði sár og reiður með þessa niðurstöðu og beinir henni gegn Vinnumálastofnun sem sér um útreikninga og greiðslu atvinnuleysisbóta.

Í lok „fréttarinnar“ er svo vitnað í Unni Sverrisdóttur, sviðsstjóra stofnunarinnar, þar sem hún segir að þessi niðurstaða eigi sér eðlilegar skýringar en hún geti ÞÓ ekki útskýrt málið fyrir blaðamanninum þar sem upplýsingarnar séu persónulegar.

Nú kemur það sem hefði getað verið stórfrétt sem er ef sviðsstjórinn hefði útskýrt og upplýst blaðamanninn um allt sem tengist umsókn einstaklingsins um atvinnuleysisbætur, útreikninga og greiðslur.

Fréttin hefði verið sú, að opinber starfsmaður hefði brotið öll þau lög sem honum ber að virða og fylgja í starfi sínu, má þar af handahófi nefna lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lög um persónuvernd, stjórnsýslulög auk fjölda annarra laga og reglna.

Eðlilega þykir starfsfólki Vinnumálastofnunar það miður þegar einstaklingar sem leita þjónustu hennar eru jafn ósáttir og raun ber vitni í þessu tilviki en eins og sviðsstjórinn tjáði blaðamanninum þá er umrædd greiðsla rétt samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Hún fór þess jafnframt á leit við blaðamanninn í samtali þeirra, að hann kæmi því á framfæri við viðmælanda sinn að minnsta mál væri að gera honum grein fyrir útreikningum og útskýra fyrir honum hvers vegna greiðslan væri svo lág þessi mánaðamót. Hann gæti síðan ráðið því hvort hann færi með þá útskýringu til blaðamannsins.

Eitt var alveg ljóst að starfsmaðurinn hafði engar heimildir til að gera blaðamanninum grein fyrir útreikningum og einkafjármálum viðmælanda hans.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi.
Sendu greinina þína á **greinar@visir.is**
og við komum henni á framfæri hið snarasta.


# Nýir kjarasamningar

## VR boðar til félagsfunda til að kynna nýja kjarasamninga félagsins

| | | |
|---|---|---|
| Egilsstaðir | Miðvikudagur 3. júní kl. 17:30 | Skrifstofa VR, Kaupvangi 3b |
| Reykjavík | Fimmtudagur 4. júní kl. 19:30 | Hótel Reykjavík Natura |
| Neskaupstaður | Fimmtudagur 4. júní kl. 19:30 | Hildibrand Hotel, Hafnarbraut 2 |
| Vestmannaeyjar | Föstudagur 5. júní kl. 12:00 | Alþýðuhúsið |
| Reyðarfjörður | Mánudagur 8. júní kl. 20:00 | Fróðleiksmolinn, Búðareyri 1 |
| Egilsstaðir | Þriðjudagur 9. júní kl. 19:30 | Skrifstofa VR, Kaupvangi 3b |

**Við hvetjum alla félagsmenn til að mæta og kynna sér nýja kjarasamninga.**



VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

## MERKISATBURÐIR

**1844** Síðustu tveir geirfuglarnir sem vitað er um eru veiddir í Eldey.

**1885** Síðasta orustan sem háð var á kanadískri jörð til dagsins í dag fer fram. Leiðtogi cree-indíána, Stóri-Björn, sleppur undan kanadískum yfirvöldum.

**1866** Pétur Pétursson er vígður biskup.

**1932** Ríkisstjórn undir forsæti Ásgeirs Ásgeirssonar tekur við völdum.

**1937** Flugfélag Akureyrar er stofnað.

**1940** Þýski flugherinn hefur loftárás á París í síðari heimsstyrjöldinni.

**1946** Fimm farast og fimmtíu manns missa heimili sín í miklum eldsvoða á Ísafirði.

**1951** Fyrsta óperan er uppfærð í Þjóðleikhúsinu, Rigoletto eftir Verdi.

**1954** Ein fyrsta ísbúð á landinu er opnuð, Dairy Queen við Hjarðarhaga í Reykjavík.

**1974** Menntaskólinn á Ísafirði útskrifar fyrstu stúdentana.

**1989** Kínversk stjórnvöld senda hersveitir inn á Torg hins himneska friðar til að freista þess að stöðva stúdentamótmæli.

**2006** Svartfjallaland segir sig úr ríkjasambandi við Serbíu og hlýtur sjálfstæði.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**BJÖRN J. GUÐMUNDSSON**
**Hólabraut, Reykjadal,**
**(Lindasíðu 4, Akureyri)**

lést á Akureyri á hvítasunnudag, 24. maí.
Útförin fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn
8. júní kl. 13.30.

**Guðmundur Eggert Björnsson** **Birgitta Granqvist**
**Ragnheiður Björnsdóttir** **Jóhann Karlsson**
**Ásta Björnsdóttir** **Sigurjón Valdimarsson**
**Arna Jakobína Björnsdóttir** **Skúli Rúnar Árnason**
**Guðm. Kolbeinn Björnsson** **Guðlaug Jónína Ágústsdóttir**
**Birna Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**VALGARÐUR AGNAR JÓNSSON**
**vélvirkjameistari,**
**Öldustíg 17, Sauðárkróki,**

lést á LSH í Fossvogi laugardaginn 30. maí.
Jarðarför hans fer fram frá Sauðárkrókskirkju
föstudaginn 5. júní, kl. 14.00. Þökkum auðsýnda samúð.

**Erna Maríanna Flóventsdóttir**
**Sigmundur Haukur Jakobsson** **Þórhildur Karlsdóttir**
**Jón Gunnar Valgarðsson** **Helga J. Baldursdóttir**
**Ómar Valgarðsson** **Birna F. Jónasdóttir**
**Sigurlaug Hrönn Valgarðsdóttir** **Margeir Friðriksson**
**Birgir Valgarðsson** **Halldóra Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður, faðir, afi og langafi,

**MAGNÚS PÁLSSON**

verður jarðsunginn frá Áskirkju fimmtudaginn 4. júní kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélagið, nr. 0301-26-000706, kt. 7001692789.

**Sylvia Briem**
**Helgi Briem Magnússon** **Þóra Emilsdóttir**
**Páll Briem Magnússon** **Anna G. Gunnarsdóttir**
**Iðunn Magnúsdóttir** **Valgarður Guðjónsson**
**Sæunn Magnúsdóttir** **Friðjón Hólmbertsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**ELÍSABET KRISTINSDÓTTIR**
**Seiðakvísl 3,**
**Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju
fimmtudaginn 4. júní nk. kl. 13.00.

**Þóra Sjöfn Guðmundsdóttir** **Reynir Vignir**
**Sveinn Guðmundsson**
**Birna Guðmundsdóttir** **Kolbeinn Finnsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

**ÞETTA GERÐIST** 3. JÚNÍ 1926

## Tónleikar fyrir næstum níu áratugum

Fílharmóníuhljómsveit Hamborgar, undir stjórn Jóns Leifs, hélt tónleika í Iðnó þennan dag fyrir 85 árum. Tónleikarnir voru síðasti viðburður í tónleikaferð hljómsveitarinnar um Norðurlöndin og mörkuðu tímamót í menningarlífi Reykjavíkur. Í dómi um tónleikana segir að þetta hafi verið „mesti viðburðadagurinn í listasögu þessa lands“. Fílharmóníuhljómsveit Hamborgar var ein frægasta hljómsveit í Evrópu, skipuð 40 manns og hélt alls átta tónleika í Iðnó og fimm í Dómkirkjunni. Þetta var jafnframt í fyrsta sinn sem fullskipuð sinfóníuhljómsveit lék hér á landi.

Á dagskránni voru meðal annars verk eftir Jón Leifs, Minodrama og sorgargöngulag úr Galdra-Lofti og forleikurinn Minni Íslands. Jón Leifs sigldi til Þýskalands 17 ára og lagði stund á tónlistarnám. Hann kvæntist konu af gyðingaættum og bjó í Þýskalandi allt til ársins 1944.



# Er búinn að halda upp á afmælið frá sunnudegi

Rithöfundurinn Stefán Máni er 45 ára í dag. Hann fer yfir starfshætti sína sem rithöfundur og minnist áhugaverðra karaktera sem hann hefur skapað í tilefni dagsins.

Rithöfundurinn Stefán Máni Sigþórsson á 45 ára afmæli í dag. „Manni finnst maður samt alltaf vera 15 ára,“ segir hann glaður í bragði. Nítján ár eru liðin frá því að fyrsta skáldsaga Stefáns Mána, Dyrnar á Svörtufjöllum, kom út. Stefán hefur sent frá sér margar vinsælar skáldsögur og verið einstaklega afkastamikill undanfarin ár. Alls hafa sex skáldsögur eftir hann komið út síðustu fjögur árin. „Mér finnst það nú ekki merkilegt í sjálfu sér, að skrifa bók á nokkrum mánuðum. Ef menn ætla að kalla sig rithöfunda á annað borð þurfa þeir að skila einhverju af sér.“

Stefán Máni segist temja sér öguð vinnubrögð þegar kemur að rithöfundarstarfinu. „Já, ég sest niður á morgnana og byrja að skrifa. Ég er iðinn og duglegur. Svo er þetta líka spurning um salt í grautinn. Ef maður ætlar að lifa á þessu verður maður að skrifa. Ég veit ekki hvort ég væri svona duglegur ef ég væri ríkur og saddur,“ útskýrir hann. Stefán segir að maður verði seint ríkur af því að vera rithöfundur. „Það er algjört rugl að lifa á þessu. Ég mæli ekki með þessu fyrir nokkurn mann.“

Margir eftirminnilegir karakterar hafa orðið til á blaðsíðunum í bókum Stefáns Mána. Einn af þeim eftirminnilegri er líklega hinn harðsvíraði Óðinn Elsuson. „Já, hann er svolítið „legend“,“ útskýrir Stefán Máni og heldur áfram: „Hann birtist fyrst sem aukakarakter í Skipinu. En ég skynjaði hann allan einhvern veginn. Þegar svoleiðis gerist langar mann að gefa þannig karakterum meira vægi.“ Óðinn varð svo aðalpersónan í Ódáðahrauni. „Hann steig fram alveg heilsteyptur. Stundum gerist þetta, að karakterar verði bara til allt í einu og birtist bara hjá mér með sína fortíð. Þetta er svolítið skrítið. Hann byrjar bara að tala hjá mér og getur romsað endalaust.“

Stefán Máni hefur gert undirheimum Reykjavíkur nokkuð góð skil í skáldsögum sínum en segist ekki hafa nein tengsl við þann heim: „Maður dró sig hratt út úr þessum heimi eftir að hafa skrifað Svartur á leik. En þessi heimur heillar alltaf. Það eru þó takmörk fyrir því hvað maður nennir að elta ólar og þetta er oft vandmeðfarið efni.“ Raunar er það þannig að síðasta bók sem Stefán sendi frá sér var unglingabókin Nóttin langa. „Það er öðruvísi að skrifa fyrir unglinga. Í raun er það tvennt sem er helst ólíkt því að skrifa skáldsögur fyrir fullorðna. Í fyrsta lagi þarf að tóna niður grafískar lýsingar og vera aðeins meira „PC“. Hitt er að vera ekki hallærislegur. Að unglingarnir kaupi það sem maður skrifar. Ég er með hóp af unglingum sem les yfir fyrir mig og segir mér ef eitthvað má betur fara.“

Stefán Máni byrjaði að halda upp á afmælið sitt á sunnudagskvöld og enda veisluhöldin í kvöld. „Ég byrjaði að halda lambalærisveislu á sunnudag og í kvöld fer ég út að borða á Kolabrautinni með góðum hópi. Ég á vin sem á afmæli sama dag og ég. Við höldum gjarnan upp á afmælið okkar saman.“

Þegar Stefán Máni er spurður út í næstu verkefni grípur hann í pókerlíkingar: „Ég ætla að halda spilunum þétt að mér. Ég sýni ekki svipbrigði. Ég gæti farið „all in“, eins og þeir segja. Það eina sem ég vil gefa út er að ég er ekki dauður úr öllum æðum,“ segir Stefán á afmælisdaginn.

kjartanatli@frettabladid.is



**AFKASTAMIKILL** Stefán Máni hefur sent frá sér sex skáldsögur á síðustu fjórum árum.

## Bækur Stefáns Mána

**(1996)** Dyrnar á Svörtufjöllum
**(1999)** Myrkravél
**(2001)** Hótel Kalifornía
**(2002)** Ísrael: saga af manni
**(2004)** Svartur á leik
**(2005)** Túristi
**(2006)** Skipið
**(2008)** Ódáðahraun
**(2009)** Hyldýpi
**(2011)** Feigð
**(2012)** Húsið
**(2013)** Úlfshjarta
**(2013)** Grimmd
**(2014)** Litlu dauðarnir
**(2015)** Nóttin langa




ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is


# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 3. júní 2015 | 22. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ ELSKUM AÐ PRENTA!

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## 83% veltuaukning



Velta á skuldabréfamarkaði í maí jókst um 83 prósent milli ára og verðbólguálag hækkaði talsvert. Mest var um að vera í kringum síðustu vaxtaákvörðun Seðlabankans, þegar bankinn tilkynnti að hann myndi að öllum líkindum hækka vexti í júní. Sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka bendir á að aðgerðir sem ríkisstjórnin tilkynnti fyrir helgi gætu aukið þenslu í hagkerfinu. → 4

## Ánægðir starfsmenn FME

Síðastliðin þrjú ár hefur fjöldi starfsmanna og starfsmannavelta verið nokkuð stöðug, segir í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins. Þar segir að árið 2014 hafi greidd stöðugildi verið 117,5 og starfsmannavelta verið tæp 8 prósent. Þetta þýðir að starfsmönnum hefur fjölgað umtalsvert frá því í aðdraganda bankahrunsins, en þeir voru 44 í árslok 2006 og 62 í árslok 2008. → 8

## Sáttasemjari spilar golf



Bryndís Hlöðversdóttir hóf störf sem ríkissáttasemjari á mánudaginn. Hún segir aðdragandann að því að taka við nýja starfinu hafa verið mjög stuttan. Á sama tíma lætur hún af störfum sem starfsmannastjóri Landspítalans.

„Ég var ráðin í starf til fimm ára og er bara búin að vera hérna í tvö ár, þannig að ég var í sjálfu sér ekki sérstaklega á förum héðan,“ segir Bryndís. → 8

**STJÓRNARMAÐURINN**
@stjornarmadur

**Á þeim sjö árum sem liðin eru frá hruni hafa orðið sáralitlar breytingar á erlendu eignasafni Kaupþings.** → SÍÐA 12




# Ekki ráðist að rótum vandans

Skjóðan

**HÆGT ER AÐ** hrósa ríkisstjórninni fyrir aðkomu að kjarasamningum. Það er jákvætt að dregið sé úr þörf fyrir beinar launahækkanir með einföldun tekjuskatts og lækkun beinna skatta og tolla.

**ÞÁ ER** jákvætt að stjórnvöld skuli ætla að beita sér fyrir átaki í byggingu leiguíbúða sem ætlaðar eru tekjulægri hópum sem og að reynt skuli að draga úr byggingarkostnaði með því að endurskoða byggingarreglugerðir og fleira.



**SAMT ER** einkennilegt að tillögur stjórnvalda skuli fela í sér sérstaka niðurgreiðslu til fjármagnsafla. Húsnæðisbætur eru þegar á reynir bein niðurgreiðsla til leigusala og fjármálafyrirtækja en nýtast þiggjendum ekki. Þær gera leigusölum kleift að hækka leiguna rétt eins og vaxtabætur eru ávísun á hærri útlánsvexti en annars fengju þrifist.

**HÉR Á ÍSLANDI** eru laun vart hálfdrættingur á við laun í helstu nágrannalöndum okkar. Samt er húsnæðisverð í stórum dráttum sambærilegt við húsnæðisverð annars staðar, þrátt fyrir að vaxtakostnaður við íbúðalán á Íslandi sé margfaldur á við það sem þekkist í nágrannalöndunum. Þetta stríðir raunar gegn þeirri grundvallarkenningu hagfræðinnar að eftir því sem tekjur séu lægri og fjármagnskostnaður hærri, því lægra verði eignaverð.

**TEKJULÁGIR** Íslendingar standast ekki greiðslumat fyrir venjulegu húsnæðisláni og því er til hér á landi lánaflokkur, sérstaklega ætlaður til að fleyta þeim í gegnum greiðslumat, sem ekki hafa efni á að taka lán. Þetta eru hin svonefndu verðtryggðu jafngreiðslulán, sem sérfræðingar kalla „Íslandslán“ þar sem þau þekkjast hvergi annars staðar.

**MEÐ TENGINGU** höfuðstóls lána við vísitölu neysluverðs er vaxtaokrið falið fyrir lántakendum og með því að flytja áfallnar verðbætur á höfuðstól um hver mánaðamót er hægt að láta líta út fyrir að launalitlir íbúðakaupendur ráði alla vega við fyrstu afborgun húsnæðislánsins hvað sem verður í framhaldinu.

**Í ÞÝSKALANDI,** sem er eitt ríkasta land í heimi og oft notað sem dæmi um vel heppnað markaðshagkerfi, leigja mun fleiri en eiga. Skattareglur hvetja til þess að íbúðarhúsnæði sé fremur í eigu útleigufyrirtækja en einstaklinga. Skýrar reglur tryggja búsetuöryggi leigjenda og skipulagsyfirvöld tryggja nægt framboð lóða til að byggja á til að tryggja stöðugleika og fyrirbyggja verðbólur. Almennt verja Þjóðverjar innan við fjórðungi ráðstöfunartekna í húsnæði.

**Í ÞÝSKALANDI** ríkir samkeppni á fjármálamarkaði og vextir eru lágir. Á Íslandi ríkir fákeppni á fjármálamarkaði og vextir til íbúðakaupa eru gríðarlega háir. Væri ekki nær fyrir stjórnvöld að ráðast gegn rótum vandans en að nota skattfé til að niðurgreiða okurvexti banka sem starfa saman í fákeppni? Má ekki skoða aðild að ESB til að bæta hag fólksins?

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**7** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**8** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**1** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**NÝHERJI**
**63,1%** frá áramótum

**HB GRANDI**
**6,6%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**TRYGGINGAMIÐST.**
**-26,6%** frá áramótum

**EIMSKIP**
**2,3%** í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 119,00 | 14,4% | 0,0% |
| Eik fasteignafélag* | 6,28 | -7,6% | 1,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 212,00 | -10,5% | -2,3% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 38,45 | 9,9% | -0,9% |
| Hagar | 39,80 | -1,6% | 0,1% |
| HB Grandi | 42,10 | 24,6% | 6,6% |
| Icelandair Group | 23,85 | 11,4% | 3,7% |
| Marel | 184,50 | 33,7% | 3,1% |
| N1 | 36,15 | 55,8% | 4,9% |
| Nýherji | 8,45 | 63,1% | 0,7% |
| Reginn | 14,10 | 4,1% | -0,7% |
| Reitir* | 62,50 | -2,2% | -0,2% |
| Sjóvá | 10,01 | -16,2% | -0,9% |
| Tryggingamiðstöðin | 19,30 | -26,6% | -0,5% |
| Vátryggingafélag Íslands | 7,60 | -16,0% | -1,8% |
| Össur | 490,00 | 35,7% | -1,0% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.423,77 | 10,5% | 1,8% |

### First North Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 26,10 | 15,5% | 0,4% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,45 | -21,6% | -21,6% |

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 3. JÚNÍ**
**Fasteignaskrá – Fasteignamarkaðurinn eftir landshlutum**

**FIMMTUDAGUR 4. JÚNÍ**
**Hagstofan – Vöruskipti við útlönd í maí 2015**
**Hagar – Aðalfundur félagsins**

**FÖSTUDAGUR 5. JÚNÍ**
**Hagstofan – Landsframleiðslan á 1. fjórðungi 2015**

**ÞRIÐJUDAGUR 9. JÚNÍ**
**Fasteignaskrá – Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðahúsnæði**
**Hagstofan – Fjármál hins opinbera á 1. fjórðungi**

**MIÐVIKUDAGUR 10. JÚNÍ**
**Seðlabanki Íslands – Vaxtaákvörðunardagur**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# Opna bjórskóla og brugghús úti á Granda

***Opna á veitingastað úti á Granda síðar í sumar þar sem brugghús og bjórskóli verða undir sama þaki. Stefán Pálsson sagnfræðingur segir að bjóráhugi landsmanna hafi margfaldast að undanförnu.***

Opna á veitingastað við Grandagarð 8 síðar í sumar þar sem bæði verður bruggaður bjór á staðnum og haldin bjórnámskeið í bjórskóla staðarins.

„Þetta er eitthvað sem er alveg nýtt,“ segir Fjóla Guðrún Friðriksdóttir, ein aðstandenda staðarins, en hún segist ekki vita til þess að áður hafi verið boðið upp á bjór á íslenskum veitingastað sem bruggaður sé á staðnum.

Sérstakur bruggmeistari verður við störf á veitingastaðnum en á næstu dögum verður átta bruggkútum komið fyrir á þar.

Undirbúningur fyrir opnun er í fullum gangi. Iðnaðarmenn hafa nýlokið störfum og nú tekur við parketlagning og uppsetning á eldhúsi.

Vonast er til að opna staðinn fyrir verslunarmannahelgi en endanlegt nafn er ekki komið á staðinn.

Stefán Pálsson, sagnfræðingur og einn aðstandenda bjórskóla Ölgerðarinnar, segir að sprenging hafi orðið í áhuga á öllu tengdu bjór að undanförnu.

Í vetur hafi Skúli Craft Bar verið opnaður við Aðalstræti svo og Mikkeller & Friends við Hverfisgötu. Báðir barirnir gefi sig út fyrir að bjóða upp á mikið bjórúrval. Þá eigi einnig að opna bjórgarð við nýtt Fosshótel við Höfðatorg.

„Þess utan er það eiginlega alveg búið sem var að á matseðlinum á betri veitingastöðum væru tvær til þrjár tegundir af keimlíkum lagerbjór,“ segir Stefán.

Sagnfræðingurinn óttast ekki aukna samkeppni við bjórskóla Ölgerðarinnar sem stofnaður var fyrir fimm árum. „Forsendur þess að til þess að hægt sé að standa undir öllum þessum „gourmet“-börum þá verður náttúrulega að vera stór hópur sem er tilbúinn að borga aðeins meira fyrir betri bjór þannig að það styður bara hvort annað,“ segir Stefán.



**BJÓR** Bjórinn á nýjum veitingastað úti á Granda verður bruggaður á staðnum. NORDICPHOTOS/GETTY

ingvar@frettabladid.is



Make it matter.

intel inside CORE m

# Margur er knár þótt hann sé smár.

**HP EliteBook Folio 1020 Special Edition.**
**Mjög örugg, einstaklega sterkbyggð og fallega hönnuð.**

- Orkusparandi Intel® Core™ M örgjörvi
- Aðeins 15,7mm þunn
- Aðeins 1 kg.
- 9 tíma rafhlöðuending
- Með 12,5" Quad HD skjá
- Ytra byrði úr Magnesium-Lithium
- Stóðst 13 próf samkvæmt Mil-Spec 810G staðlinum

Nánari upplýsingar um HP EliteBook fartölvurnar eru á www.ok.is/elitebook/



*Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

Platinum Partner
Printing & Computing Systems

OPIN KERFI

Opin kerfi hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | www.ok.is | sala@ok.is | sími 570 1000



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 15-0919

Posar sem **henta þínum** rekstri

Söluaðilar geta **leigt posabúnað** sem uppfyllir þeirra kröfur. Hægt er að velja um **frístandandi** posa, **þráðlausa** og posa **tengda afgreiðslu kerfi**. Hvernig posi hentar þínum rekstri?

ÞÚ SÉRÐ UM **SÖLUNA** – VIÐ SJÁUM UM **GREIÐSLUNA**

VALITOR

525 2080 // sala@valitor.is // www.valitor.is





# Velta með skuldabréf jókst um 83 prósent

***Velta á skuldabréfamarkaði í maí jókst um 83 prósent milli ára auk þess að verðbólguálag hækkaði talsvert. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar gætu valdið ríkissjóði fjórtán milljarða tekjutapi á ári.***

Dagvelta á skuldabréfamarkaði í maí jókst um 83 prósent milli ára og nam veltan samtals 153 milljörðum króna í mánuðinum. „Hin aukna velta skýrist helst af auknum væntingum um verðbólgu og skiptum skoðunum á hvenær vaxtahækkunarferlið myndi byrja,“ segir Valdimar Ármann, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA.

Valdimar segir að mest hafi verið um að vera á markaði um miðjan mánuðinn í kringum síðustu vaxtaákvörðun Seðlabankans. Þá tilkynnti Seðlabankinn að hann myndi að öllum líkindum hækka stýrivexti í júní.

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði, þ.e. mismunur á ávöxtunarkröfu á verðtryggð og óverðtryggð skuldabréf sem segir til um vænta verðbólgu næstu fimm árin jókst um tæplega hálft prósentustig í maí og stóð í 4,5 prósentum í lok mánaðarins. Frá áramótum hefur verðbólguálagið hækkað verulega eða um tæplega tvö prósentustig.

Hækkunin er talin skýrast af væntingum um aukna verðbólgu og stýrivaxtahækkunum Seðlabankans.



VALDIMAR ÁRMANN

Valdimar bendir á að Seðlabankinn hafi gefið út áður en kjaraviðræður fóru í hart að framleiðsluspenna væri að skapast í hagkerfinu. Því væri líklegt að Seðlabankinn hefði hækkað stýrivexti í haust eða vetur þrátt fyrir að launahækkanir hefðu orðið óverulegar. Nú muni stýravaxtahækkun líklega koma fyrr til og verða meiri en annars hefði orðið. Greiningardeild Landsbankans spáir tveggja prósenta stýrivaxtahækkun á þessu ári og öðru eins á því næsta.

Hrafn Steinarsson, sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka, bendir á að aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem tilkynnt var um á föstudaginn gætu aukið þenslu í hagkerfinu enn frekar. „Að óbreyttu mun þetta hafa í för með sér að afkoma ríkissjóðs versnar um átta til fjórtán milljarða á ári,“ segir Hrafn.

> **Að óbreyttu mun þetta hafa í för með sér að afkoma ríkissjóðs versnar um átta til fjórtán milljarða á ári.**



**Hrafn Steinarsson**
sérfræðingur í Greiningardeild Arion banka

Þetta muni þó skýrast betur í haust þegar fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar verður lagt fram.

Hrafn bend einnig á að óljóst sé hvaða áhrif frumvarp um afnám gjaldeyrishafta muni hafa á markaðinn. Leggja á frumvarpið fram á næstu dögum. Vegna óvissunnar sem uppi sé í efnahagsmálum hafi verið talsvert áhættuálag innbyggt í verðlagningu á óverðtryggðum skuldabréfum, að sögn Hrafns.

Rekstur Bílaþvottastöðvarinnar Lindarinnar í Bæjarlind í Kópavogi batnaði mikið á árinu 2014:

# Þvottastöð græddi 12 milljónir

Hagnaður Bílaþvottastöðvarinnar Lindarinnar í Kópavogi nam 12 milljónum króna á síðasta ári. Þetta kemur fram í nýbirtum samandregnum ársreikningi. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliðið nam 15,9 milljónum króna. Hagnaðurinn er mun meiri en hann var árið áður en þá nam hann einungis 1 milljón króna.

Bílaþvottastöðin Lindin er staðsett í Bæjarlind. Þar er rekin svampþvottastöð, bónstöð, hraðþrif og fólk getur þvegið bílinn sinn sjálft. Sjötíu prósenta hlutur í Bílaþvottastöðinni Lindinni er í eigu Þórðar Más Jóhannessonar, 15 prósent í eigu Róberts Más Reynissonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, og 15 prósent í eigu Bergþóru Sigurðardóttur.



**Í KÓPAVOGI** Bílaþvottastöðin er að stærstum hluta til í eigu Þórðar Más Jóhannesonar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þórður Már keypti hlut sinn í fyrirtækinu í byrjun árs 2013. Hann sagðist í samtali við vb.is stuttu eftir kaupin fyrst og fremst hafa verið að aðstoða félaga sinn, Róbert Reynisson, sem hafði unnið hjá fyrirtækinu í þrettán ár. Róbert var rekstrarstjóri bílaþvottastöðvarinnar Löðurs en ákvað þegar tækifæri gafst að kaupa stöðina og fékk Þórð Má með sér lið.

- jhh


„UMBÚÐIRNAR? ÉG FÆ ALLT HEILA KLABBIÐ HJÁ ODDA“
KASSAR ÚR KARTONI & BYLGJUPAPPA
POKAR FYRIR BRAUÐ OG ANNAÐ GÚMMELAÐI
LOFTÞÉTT FRAMLEIÐSLA!
SÝNINGAR-STANDAR
UMBÚÐIR SEM AUÐVELDA FLUTNING
VERNDAR & LENGIR LÍFTÍMA VÖRUNNAR!
ÁPRENTAÐIR BRÉFPOKAR
KAKA EKKI FRÁ ODDA
BOX
BURÐARPOKAR, PLASTPOKAR, RUSLAPOKAR
ODDI HEFUR FRAMLEITT ALLSKONAR PAPPÍRS-, KARTON- OG PLASTUMBÚÐIR Í 80 ÁR. UMBÚÐIRNAR SVARA ÞÖRFUM KRÖFUHARÐRA VIÐSKIPTAVINA Í ATVINNULÍFINU, TIL DÆMIS Á VEITINGA-STÖÐUM & KAFFIHÚSUM.
→ ODDI.IS / 515-5000
ODDI
VIÐ ERUM ODDI.
VIÐ FRAMLEIÐUM UMBÚÐIR.
© RÁN FLYGENRING

# Með vörur í 40 verslunum erlendis

***Strax eftir bankahrunið hófu Helga Ólafsdóttir og Guðrún Tinna Ólafsdóttir að markaðssetja vörur Ígló&Indí. Nýlega gekk fyrirtækið til samninga um rekstur vöruhúss í Portúgal og selur vörur til 40 verslana erlendis.***

**ÚTTEKT**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is





**Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG** Ígló&Indí rekur tvær eigin verslanir á Íslandi, auk netverslunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Haustið 2008, daginn eftir að Geir Haarde, þáverandi forsætisráðherra, boðaði neyðarlög vegna bankahrunsins stofnaði Helga Ólafsdóttir fyrirtækið Ígló&Indí. Helga hafði mikla alþjóðlega reynslu sem hönnuður hjá alþjóðlegum fyrirtækjum og var stórhuga. Guðrún Tinna Ólafsdóttir viðskiptafræðingur hafði þá þegar öðlast mikla reynslu af smásölustarfsemi á Íslandi og erlendis, meðal annars eftir störf hjá Högum og fyrirtækjum Baugs erlendis ásamt fjármálastarfsemi í gegnum Kaupthing Luxembourg og Íslandsbanka. Árið 2011 ákvað hún að taka þátt í uppbyggingu fyrirtækisins með Helgu. Tinna varð framkvæmdastjóri og stýrir daglegum verkefnum og stefnumótun og Helga er yfirhönnuður og þróunarstjóri.

**Hluthöfum fjölgað**

Árið 2014 varð breyting á hluthafahóp Ígló&Indí þar sem Guðmundur Þórðarson og Svanhildur Vigfúsdóttir bættust inn í hluthafahópinn til viðbótar við Tinnu og Helgu sem voru þar fyrir. Þau tóku sæti í stjórn ásamt Sigríði Hrefnu Hrafnkelsdóttur. „Þau þrjú hafa mikla og fjölbreytta reynslu af fyrirtækjarekstri almennt sem og í smásölu og koma þau öll þrjú gríðarlega sterk inn í hópinn. Það er mjög mikilvægt fyrir lítið fyrirtæki að hafa sterka hluthafa sem hafa sameiginlega sýn og eru tilbúnir til að ganga þessi litlu, áhættusömu, fjölbreytilegu en mikilvægu skref með þeim sem eru að reka fyrirtækið,“ segir Tinna. Það sé líka mikilvægt fyrir stjórnendur að geta varpað hugmyndum sín á milli og eiga uppbyggilegt samtal um það hvert fyrirtækið stefnir. Tinna segir í dag ekkert ákveðið um að stækka hluthafahóp fyrirtækisins enn frekar.

**Mikilvægt að vera trúr sjálfum sér**

Tinna segir að strax frá upphafi hafi verið lögð áhersla á að byggja upp heildstætt vörumerki. „Það eru margir þættir sem skipta máli,“ bætir hún við. Skilgreina þurfi vörumerkið út frá einni samfellu. „Hvað er vörumerki? Það er vörulína, lógó, verðstrúktúr, söluleiðir, markaðsleiðir, samtal við viðskiptavini o.s.frv.,“ segir Tinna og bendir á að það taki nokkur ár að búa til heildstætt vörumerki sem heldur svo áfram að þroskast og dafna. Það þurfi að prófa hluti og kanna hvað virkar. „Það sem skiptir mestu máli er að vera trúr sjálfum sér, sem einstaklingur og sem fyrirtæki, og læra af mistökum og fagna þeim ásamt litlum sigrum,“ segir hún. Þegar vörumerkið sé byggt upp þurfi líka að taka tillit til þess hvar fyrirtækið sé statt hverju sinni, í líftímakúrfu, hvaða fjármagn og sambönd eru til staðar, lykilmarkaðssvæði og hvaðan fyrirtækið er rekið.

Sölustefna fyrirtækisins skiptist í tvennt. Á Íslandi er áhersla á smásölu og heildsölu en erlendis er áherslan í dag á heildsölu. Fyrir utan þrjár eigin verslanir á Íslandi er fatnaður Ígló&Indí seldur í um 12 öðrum verslunum á Íslandi og í 40 verslunum erlendis. „Það er dýrt að fara inn á erlenda markaði en við tókum þá ákvörðun að gera það. Í fyrsta lagi teljum við vörumerkið vera orðið það sterkt að eftirspurn sé eftir því. Í öðru lagi þarf fyrirtækið að gera það rekstrarlega séð,“ segir Tinna. Framlegð á barnafötum sé lítil í krónum talið og framleiðendur erlendis krefjist þess að vörumerki framleiði mörg hundruð stykki í hverri vöru til að fá ásættanleg framleiðsluverð til að geta boðið upp á ásættanleg verð til neytenda. „Íslenski markaðurinn er of lítill fyrir þann fjölda af stykkjum, því miður. Því þurfti fyrirtækið stærra sölusvæði. Með frábæru starfsfólki og samstarfsaðilum erlendis hefur fyrirtækinu gengið vel að markaðssetja og selja vörurnar erlendis, einkum í gegnum rafræna markaðssetningu og með þátttöku í sölusýningum. Í hverri viku eru nokkrar umfjallanir um vörumerkið í Skandinavíu, N-Evrópu og Ástralíu. Í dag er Svíþjóð sterkasti markaðurinn ásamt Sviss og N-Evrópu,“ segir Tinna.

> **Í dag er Svíþjóð sterkasti markaðurinn ásamt Sviss og N-Evrópu.**

**Heimamarkaðurinn mikilvægur**

Tinna segir eigin verslanir fyrirtækisins á Íslandi, bæði vefverslunina og búðirnar á Skólavörðustíg og í Kringlunni, vera mjög mikilvægar fyrir reksturinn en ekki síður uppbyggingu á vörumerkinu. Í gegnum þær gefist tækifæri til þess að vera í beinum samskiptum við neytandann. „Án íslenskra viðskiptavina værum við ekki þar sem við erum í dag. Við höfum alltaf lagt gríðarlega mikla áherslu á þá og að eiga gagnkvæmt samband við þá. Í dag er svo vefsíða vörumerkja hinn nýi „búðargluggi“ verslana. Auk verslananna þriggja hér heima selur Ígló&Indí líka til annarra verslana hér.

„Við erum í Debenhams, í verslunum á Akranesi, Selfossi og úti um allt land. Jafnframt eigum við frábært samstarf við Bláa lónið, Geysi í Haukadal og Icelandair en í gegnum þær söluleiðir kynnast margir erlendir viðskiptavinir vörumerkinu,“ segir Tinna. Hún segir að þau bíði spennt eftir útspili ráðherra um afnám virðisaukaskatts og gjalda á barnafatnað. „Barnaföt eru neysluvara og er mikilvægt að tryggja neytendum lægra vöruverð en ekki síður að efla rekstrargrundvöll innlendrar verslunar, en við viljum jú bjóða upp á atvinnutækifæri hér á landi.“

**Aðdráttarafl en annmarkar Íslands**

Tinna segir að ein mikilvægasta eign og sérstaða íslenskra útflytjenda sé vörumerkið Ísland. „Ígló&Indí hefur ávallt áttað sig á því hversu mikilvægt Ísland er fyrir hönnunina og þróun vörulínunnar en einungis nýlega hversu mikið aðdráttarafl Ísland hefur í markaðssetningu og við höfum verið að nýta okkur það núna,“ segir hún.

Að sögn Tinnu getur hins vegar verið erfitt að reka alþjóðlegt ungt fyrirtæki héðan. „Í fyrsta lagi er erfitt að byggja upp og viðhalda sambandi við samstarfsaðila og kaupendur erlendis án mikillar fjárfestingar en það er gríðarlega dýrt og tímafrekt að fjármagna uppbygginguna á vörumerki áður en sölunetið fer að skila fjármagni til baka.

„Alveg sama hversu stórt fyrirtækið er, þá snúast viðskiptin alltaf að lokum um samskipti einstaklinga, eins og mín og þín. Til að búa til það samband þarf að eiga dagleg samskipti og við sjáum að fjarlægðin hindrar þá dýpt og að viðhalda þessum samskiptum sem og að öðlast þekkingu á markaðnum erlendis. Ein leið er að vera með fulltrúa erlendis á vegum fyrirtækisins. En það þarf líka að sinna þeim, fá þá hingað og kynna fyrir þeim þróun vörumerkisins og þroska þess,“ segir hún. Í öðru lagi er ekki áralöng hefð og reynsla af rekstri alþjóðlegra hönnunar- og framleiðslufyrirtækja í smásölu hér á landi, hvorki mikil þekking innan háskólasamfélags, í fjármálageiranum né mörg tækifæri til að læra í gegnum starf eins og erlendis, t.d. í Bretlandi og Danmörku. „Það er ekki sama þekkingin hér á framleiðslustjórnun, vörustjórnun, sölustjórnun og „customer service“ inn á erlenda markaði,“ segir hún.

Þá bætir Tinna við að það sé jafnframt óhagkvæmt að sinna útflutningi héðan en í barnafatageiranum er sala á barnafatnaði komin allt upp í 40% í gegnum vefverslanir í helstu löndunum í kringum okkur. „Það er óhagkvæmt að reka vöruhús héðan. Í fyrsta lagi er flutningskostnaður allt að 2-2,5 sinnum hærri héðan en í nágrannalöndum okkar. Það er allt of dýrt og viðskiptavinur sem fer í vefverslun okkar og ætlar að panta vörur, hann skilur ekki af hverju þetta er svona dýrt. Hann áttar sig ekki á því að við erum á Íslandi,“ segir hún. Í öðru lagi bætast svo við vörugjöldin þegar varan er send héðan út sem enn frekar dregur úr líkum á því að viðskiptavinur ljúki við kaupin. „Þá er næsta spurningin af hverju við séum ekki að reka vöruhúsið erlendis, en með staðsetningu hér á landi eru litlar líkur á vexti til endanlegra viðskiptavina á erlendum mörkuðum,“ segir Tinna. Það myndi þó krefjast margra þátta að reka vöruhúsið erlendis. Sá helsti er fjárbinding í birgðum fyrir erlendu vefverslunina í stað þess að samnýta birgðastýringu eigin verslana hér á landi.

„Fyrirtækið er að skoða þessi mál en í dag er öll áhersla erlendis í gegnum heildsölu. Nýlega gekk Ígló&Indí frá samningi við vöruhús í Portúgal til að sinna heildsöluviðskiptavinum erlendis og Tinna vonast til að þegar fram í sækir verði hægt að reka vefverslunina þaðan.

Á síðasta ári urðu miklar breytingar á hönnunar- og framleiðslusviði. „Í fyrsta lagi ákváðum við að stækka vörulínuna. Ástæða þessa er tvíþætt. Í fyrsta lagi til að stækka

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**Stokkið fram af klettum**
**Coasteering er nýlegt sport sem er stundað víða um heim. Það snýst um að príla og klifra í klettum meðfram ströndum og stökkva öðru hvoru ofan af himinháum klettum út í hafið.**
**SÍÐA 2**












**STRANDIRNAR HEILLUÐU** Elísabet Ingvarsdóttir og Dóra Hansen fengu báðar sömu hugmyndina að sýningu á ferð um Strandir. MYND/DÓRA HANSEN

**FALINN SKÓGUR**

Sýningin Falinn skógur verður opnuð sunnudaginn 7. júní og stendur í allt sumar. Nánar má fylgjast með verkefninu Falinn skógur á Facebook.

# FALINN SKÓGUR

**FERÐIR** *Þær Elísabet V. Ingvarsdóttir og Dóra Hansen féllu báðar fyrir Djúpavík á ferðalögum sínum um Strandirnar. Þær setja nú upp sýningu í gömlu síldarverksmiðjunni á hönnun úr rekavið sem opnuð verður á sunnudag.*

Við fengum í raun báðar sömu hugmynd, sín í hvoru lagi þó, eftir að hafa ferðast um Strandirnar, að setja upp sýningu byggða á hönnun úr rekavið,“ útskýrir Elísabet V. Ingvarsdóttir hönnunarsagnfræðingur en hún heillaðist af Djúpavík og gömlu síldarverksmiðjunni rétt eins og Dóra Hansen innanhússarkitekt á ferðum sínum um Strandirnar.

„Dóra hefur nýtt rekavið sem efnivið í hönnun sína og var í efnisleit á Ströndum en Strandirnar eru sá staður á landinu þar sem helst er rekavið að finna. Sjálf hef ég sinnt sýningarstjórn og saman þróuðum við hugmyndina að sýningu. Við köllum hana Falinn skóg,“ segir Elísabet og verður sýningin opnuð á sunnudaginn í gömlu síldarverksmiðjunni.

Verksmiðjan var reist árið 1934 og var stærsta steinsteypta bygging á Íslandi á sínum tíma, 90 metra löng og á þremur hæðum. Verksmiðjan malaði gull í nokkur ár en halla fór undan fæti þegar síldin fór. Árið 1954 var verksmiðjunni lokað.

„Þetta hús tilheyrði stórum draumum síldarkónganna á þessum tíma en nú er byggingin í eigu Hótels Djúpavíkur. Rýmið er ofboðslega fallegt en við setjum sýninguna upp í gömlu renniverkstæði, algerlega hráu rými með 6 metra lofthæð. Sýninguna vinnum við í samvinnu við Hótel Djúpavík og fengum til þess styrki úr Hönnunarsjóði og úr Listsjóði,“ útskýrir Elísabet.

Hvaðan kemur nafnið Falinn skógur?

„Hugmyndin að sýningunni byggist á þeim tækifærum sem leynast í þessum efnivið. Okkur langaði að sjá hvort einhverjir hönnuðir væru að nota rekavið sem hráefni og renndum í raun blint í sjóinn með fjölda þeirra sem við kæmumst í samband við. Sýnendur eru hins vegar 26 þegar upp er staðið, bæði íslenskir og erlendir hönnuðir og heimamenn á Ströndum.

heida@365.is



**ÚR REKAVIÐ** Borð úr rekavið eftir Dögg Guðmundsdóttur iðnhönnuð.



**SKART** Helga Ragnhildur Mogensen skartgripahönnuður er ein þeirra sem taka þátt í sýningunni Falinn skógur.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429









**STRANDAPRÍL** Farið er meðfram klettaveggjum með tærnar í sjónum.

# STRANDAPRÍL OG KLETTAHOPP

**ÆVINTÝRALEG FRÍSTUND** *Coasteering er afar skemmtileg íþrótt fyrir þá sem elska útiveru, áreynslu og smá adrenalínkikk. Íþróttin er ekki stunduð á Íslandi svo vitað sé til en hægt er að prófa hana víða erlendis.*

Uppruna coasteering, sem á íslensku mætti kalla strandapríl, er að finna í Wales á Englandi. Fyrir tuttugu árum fóru klifurgarpar þar í landi að þræða sjávarhamra meðfram ströndinni. Upphaflegt markmið þeirra var að detta ekki, en í dag er það hluti af gamninu.

Strandapríl er stundað víða um heiminn, meðal annars á Costa Blanca á Spáni þar sem blaðamaður fékk tækifæri til að prófa þessa ævintýralegu íþrótt. Þá var farin leið milli tveggja stranda, Cala de los Testos og Cala del Moraig.

Í coasteering eru þátttakendur klæddir í blautbúning, björgunarvesti, hjálm og góða íþróttaskó, enda þarf stundum að ganga og klifra nokkra leið áður en komið er á ströndina þar sem prílið hefst.

Upplifunin snýst um að þræða klettótta ströndina. Þannig þurfa þátttakendur ýmist að klifra upp á kletta, hoppa ofan af þeim í sjóinn úr allt að tíu til tólf metra hæð, og þess á milli hanga í bröttum klettaveggjum eða synda meðfram þeim.

Fyrir utan áreynsluna við klifrið, adrenalínflæðið við hoppin og gleðina við að svamla í heitum sjónum er eitt helsta aðdráttarafl þessarar íþróttar nálægðin við fagra náttúruna. Oftast eru coasteering-svæðin ekki aðgengileg öðrum ferðamönnum og því fær fólk einstakt tækifæri að njóta útsýnis og einveru.

Þó coasteering hljómi eins og eitthvað fyrir útvalda er það alls ekki svo. Allir sem hafa miðlungsþol ættu að geta prófað en þó aðeins í fylgd með reyndum leiðsögumönnum. Það þarf heldur enga sérstaka sundhæfileika þó að stórum hluta ferðarinnar sé varið ofan í sjó enda sjá blautgallinn og björgunarvestið um að halda fólki á floti.

Þeir sem hugnast ekki að stökkva úr mikilli hæð geta yfirleitt fengið að fara aðrar leiðir eða stokkið úr minni hæð. Upplifunin fær þó enn meira gildi ef fólk tekur af skarið, enda er það skemmtileg saga að segja sínum nánustu að hafa sigrast á lofthræðslunni og látið vaða.

■ **solveig@365.is**

***Nánari upplýsingar um coasteering á Costa Blanca má finna hér:***
***www.grieta-aventura.com/***
***www.tururac.com/senderismo***



**ADRENALÍN** Hoppað er af misháum klettum en þeir hæstu geta verið um 12 metra háir.



**REYNIR Á** Það er ekki alltaf auðvelt að komast meðfram ströndinni en það er allt í lagi því sjórinn veitir mjúka lendingu ef maður missir gripið.



**KLIFUR** Stundum þarf að leggja nokkuð á sig til að komast á áfangastað.




www.Facebook.com/zikzakkringlan Tískuhús Zik Zak 1. hæð Kringlunnar Sími: 551-1314

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLA GALLERÍ



**LÆGRI SÖLULAUN 2,9 % !**
**BÍLAR ÓSKAST Á SKRÁ**

2,9% SÖLULAUN TOPP ÞJÓNUSTA ! 20 ÁRA REYNSLA - LÖGGILTUR BIFREIÐASALI. SKRÁÐU BÍLINN FRÍTT Í SÍMA 554-6700, Á HEIMASÍÐU EÐA Á STAÐNUM, VERIÐ VELKOMIN - GLEÐILEGA PÁSKA. Kveðja Ási

**Bílagallerí bílasala**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 554 6700**
**Hagstæð sölulaun ! 2,9 %**
**www.bílagallerí.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2007, ekinn 122 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.991362.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 47 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.390.000. Rnr.210505.



MERCEDES-BENZ GL 450 4matic. Árgerð 2006, ekinn 122 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.990897.



SSANGYONG Kyron. Árgerð 2007, ekinn 134 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr.141414.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

CLASSICBILAR.IS
Bílasala



TOYOTA Avensis wagon 2.0 d-4d. Árgerð 2015 NÝR!! dísel, 6 gírar. Verð 4.780þ Rnr.100749. Eigum fleiri liti á lager!

Óskum eftir bílum á söluskrá okkar
www.classicbilar.is

**Classicbilar.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabær**
**Sími: 517 9500**
**http://classicbilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



Suzuki SX4 - Nýir bílar Árgerðir 2015. Bensín. Beinskiptir. Fjórhjóladrif. Bílar væntanlegir á lager í næstu viku. Verð frá 2.990.000kr. Raðnr 134672. Sjá á www.stora.is.

Óskum eftir bílum á staðinn.
Mikil sala.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Wilk 550 árg 2008 kojuhús frá Seglagerðinni eitt m/öllu glæsilegt hús markísa m/3 hliðum að verðm 500 þús gas og rafhitun,sólarsella,hjólagrind raðn. 121988 v 2980 kr vantar hjólhýsi og húsbíla á svæðið.

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfði, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367 & 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝIR FORD F350**
Nýr og öflugri en áður, Dísel 440hö, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af F350, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



**BÍLL DAGSINS !!!**
MERCEDES-BENZ E 200 avantgarde. Árgerð 2007, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Bíllinn er á staðnum Verð 2.950.000. Rnr.114255.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Kia Sorento Diesel 5/2014 ek.38þús.2200cc. 198 hö. Sjálfskiptur. Fjarlægðarskynjarar. Ásett verð 6.290.000.- Rnr.287454

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

100bilar.is bílasala



Kia Ceed EX New 1,6 12/2012 ek 53 þkm sjsk, dísel, ásett verð er 3390 þús , er á staðnum, raðnr 119359.



Nissan Leaf Acenta 2015, Nýr bíll - Verksmiðjuábyrgð - Evrópubíll- 7" opnanlegur snertiskjár - 6,6 kw hleðsa - Eigum 4 stk í mismunandi litum- Verð 3790þús er á staðnum. Raðnr 151734

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 148.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



Hyundai Trajet.2006.Disel.ssk. 7 manna. sk.16. Einn eigandi, smur bók. Snúningsstólar. Ek 433. Verð 550þ. Uppl S: 8680106



**AVENSIS SJÁLFSKIPTUR 2008, ÁSETT 1.490.Þ**
Mjög flottur og vel með farinn Toyota Avensis Sol árg 2008 ek. 254.þ km ssk, dráttarbeisli, topp þjónusta, nýjar felgur og nýleg heilsársdekk. ásett verð 1.490.þ uppl. í s. 896-5290

## 500-999 þús.



**TILBOÐSVERÐ 990PÚS STG**
Hyundai i30 1.4 árgerð 2010. ek 154þús km. beinskiptur. 5dyra. heilsársdekk. skoðaður ,16. samlæsingar. smurbók frá upphafi. tímakeðja. ásett verð 1.390þús. Tilboðsverð aðeins 990þús stgr. vísalán í boði. s:659-9696



**DÍSEL SPARIGRÍS !**
Peugeot 207 1.4 Dísel. árg ,07. ek 134þús km. nýleg tímareim. ný sk. góð dekk. 5dyra. eyðir ca 4-5L/100km. Ásett v:1.390þús. Tilboðsverð 990þús stgr. möguleiki á vísalán eða bílaláni. uppl í s:659-9696



**FORESTER 2006 - TILBOÐ**
SUBARU FORESTER 2.0 4X4 árg 2006 ek.136 þús, sjálfskiptur, ný tímareim og nýjir demparar, ný sk 16, Toppbíll, ásett verð 1590 þús TILBOÐ 1290 ÞÚS get tekið ódýrari uppí og möguleiki á 950 þús vísaláni s.841 8955



**EINN ÓDÝR**
Opel Vectra ,99 ATH. biluð kúpling Verð 25þús S. 898-4202



**TILBOÐ 390 ÞÚS - VÍSALÁN**
VW PASSAT COMFORTLINE STATION árg 2001 ek.184 þús, sjálfskiptur, sk.16, ásett verð 490 þús TILBOÐ 390 ÞÚS MÖGULEIKI Á 100% VÍSALÁNI s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

Vörubílastöðin Þróttur
ÞRÓTTUR 577-5400
Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

568 5000
NS
NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Fellihýsi

Umboðssala á notuðum tjaldvögnum fellihýsum húsbílum hjólhýsum
Risasýningarsvæði á Korputorgi
Korputorg I 112 Reykjavík
Simi 551 5600 I utilegumadurinn.is
Útilegu maðurinn

## Mótorhjól

NOLAN
More Than Just a Helmet.



Ítalskir cross-hjálmar
Verð aðeins 29.000,-
ARCTIC TRUCKS Kletthálsi 3
sími 540 4900
www.yamaha.is

## Reiðhjól



TREK Jet 16" Hjálpardekk fylgja með. Verð: 20þús Er einnig með Mongoose hjól 20" Verð: 12þús. Uppl. í s. 663 3313

## Bílaþjónusta

B.S.VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

VAKA



**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. ,99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

vörukörfuna bæði hjá innlendum viðskipta vinum en jafnframt heildsöluviðskiptavinum erlendis. Í öðru lagi til að ná til fjölbreyttari verslana erlendis. Við höfum að framleiða hluta af vörulínunni sem lífrænar „unisex“ vörur,“ segir Tinna og bætir við að þetta hafi verið gert bæði af áhuga og líka vegna þess að sumstaðar skipti lífræn framleiðsla kaupendur miklu máli. Þá hafi verið ákveðið að bæta útifatnaði við vöruúrvalið. „Við erum búin að vera með flís í mörg ár, en núna í ágúst bætum við regnfötum og úlpum við vörulínuna og hlökkum gríðarlega mikið til að kynna þær vörur fyrir viðskiptavinum okkar,“ bætir hún við. Enn ein mikilvæg breyting sem varð á síðasta ári var að öll framleiðsla fyrir utan útifatnaðinn sem er framleiddur í Kína var flutt til Portúgals og í dag eru því öll hversdagsfötin, lífrænu fötin, prjónalínan og sparifötin framleidd í Portúgal.

### Mikilvægt að skilgreina markhópinn

Tinna segir að það sé mjög mikilvægt fyrir vörumerki að skilgreina vel markhópinn, vöruna, söluleiðina og verslunarstrúktúrinn. Það sé ekki hægt að ætlast til þess að nokkur vara sé fyrir alla neytendur, hvort sem er endanlega viðskiptavini eða heildsöluviðskiptavini. „Við skilgreinum vöruna okkar sem hágæðavöru úr virkilega góðu efni, á meðalháu verði með áherslu á þægindi og grafík,“ segir Tinna. Það verði ekki farið út í að framleiða einfaldan fatnað, eins og hvíta sokka eða þess háttar vörur. „Við hugsum okkur heldur ekki að barnið eigi allan fataskápinn frá okkur. Barnið mun alltaf kaupa hluta af „basic“ vörunni í öðrum verslunum. En það sem við leggjum alla áherslu á er að þetta eru föt sem börn geta notað, hvort sem er í leikskólanum eða farið í þeim í barnaafmæli um helgar eða á kaffihús,“ segir Tinna. Þetta séu hversdagsföt sem bæði börnin velja og foreldrar vilji hafa börnin í út frá útliti, þægindum, endingu og gæðum.

### Kaupendur vilja samfélagsábyrgð

„Það skiptir ótrúlega miklu máli að vörumerkið komi frá hjartanu. Og við Helga og allir starfsmenn fyrirtækisins höfum rætt það og það skiptir okkur máli að gefa af okkur til samfélagsins. Við höfum gert það sem einstaklingar, fjölskyldur okkar hafa gert það og við viljum að fyrirtækið gerði það líka. Á sama tíma er fyrirtækið okkar ungt og með litla fjármuni og kannski lítinn tíma til þess að fara út í stærri verkefni,“ segir Tinna.

Þær vildu finna verkefni sem passaði vörumerkinu og að þær gætu sinnt þeim verkefnum 100 prósent. Úr varð sú niðurstaða að fara í samstarf við Enza og Líf.

Enza eru íslensk/suðurafrísk hjálparsamtök. Markmið samtakanna er atvinnuskapandi uppbyggingarstarf fyrir konur sem hafa vegna fátæktar og annarra samfélagsmeina ekki fengið tækifæri til að þroska sig og mennta. Verkefni Íglóð&Indí með Enza snýst um það að fyrirtækið hannar vörur úr endurunnum efnum, kennir konum í Afríku að framleiða vörurnar og svo kaupir Ígló&Indí þær aftur til baka á vestrænu markaðsverði. „Í dag eru hálsfestar og armbönd frá Enza seld í verslunum Ígló&Indí á Íslandi. Í hvert sinn sem viðskiptavinur kaupir vörur frá Enza tryggir hann að við hjá Ígló&Indí getum áfram stutt við bakið á þessum konum og tryggt þeim mannsæmandi laun.“

Fyrirtækið vildi líka styðja íslenskt málefni. „Við þekkjum persónulega mjög vel til stjórnar hjá Líf og höfum verið ofsalega hrifin af því starfi,“ segir hún, en Líf er styrktarfélag kvennadeildar Landspítalans. Því ákvað Ígló&Indí að 15% af hverri seldri samfellu úr lífrænu vörulínunni renni beint til Lífs.

> **Það skiptir ótrúlega miklu máli að vörumerkið komi frá hjartanu. Og við Helga og allir starfsmenn fyrirtækisins höfum rætt það og það skiptir okkur máli að gefa til samfélagsins.**



**BLÁA LÓNIÐ** Ígló&Indí á í góðu samstarfi við Bláa lónið um markaðssetningu.

## VÍÐTÆKT SAMSTARF

Verslanir Ígló&Indí eru á tveimur stöðum í Reykjavík en vörurnar eru seldar víðar. „Við erum í Debenhams, í verslunum á Akranesi, Selfossi og úti um allt land. Jafnframt eigum við frábært samstarf við Bláa lónið, Geysi í Haukadal og Icelandair,“ segir Tinna. Það sé ein leiðin til að kynna vörumerkið fyrir útlendingum.

**40** verslanir erlendis selja vörur undir merkjum Ígló&Indí.



# Nýr sáttasemjari er nýbyrjaður í golfi

***Nýr ríkissáttasemjari hefur komið víða við á starfsferlinum. Meðal annars hefur hún starfað í dómsmálaráðuneytinu og var þingmaður í tíu ár. Hún spilar golf og gengur á fjöll í frítíma, helst á íslenska hálendinu.***

Bryndís Hlöðversdóttir hóf störf sem ríkissáttasemjari á mánudaginn. Hún segir aðdragandann að því að taka við nýja starfinu hafa verið mjög stuttan. Á sama tíma lætur hún af störfum sem starfsmannastjóri Landspítalans.

„Ég var ráðin í starf til fimm ára og er bara búin að vera hérna í tvö ár, þannig að ég var í sjálfu sér ekki sérstaklega á förum héðan,“ segir Bryndís í samtali við Markaðinn. Hún segist hafa fengið hvatningu fyrir nokkrum vikum úr nokkrum áttum til þess að gefa kost á sér í þetta embætti. „Ég fór þá að velta þessu svolítið fyrir mér og það leiddi til þess að ég ákvað að láta reyna á það með því að sækja um,“ segir hún.

Bryndís hefur umtalsverða starfsreynslu að baki. Eftir lögfræðipróf við Háskóla Íslands fór hún að starfa í dómsmálaráðuneytinu. Hún var þar í skamman tíma en fór síðan að vinna hjá ASÍ. „Þar kynntist ég umhverfi vinnumarkaðarins sem var áhugaverður tími og maður fékk þar innsýn inn í þessi mál,“ segir hún. Frá ASÍ lá leiðin á Alþingi en Bryndís var þingmaður í 10 ár.

„Ég fer síðan inn í háskólageirann og var deildarforseti lagadeildarinnar á Bifröst og seinna aðstoðarrektor og svo rektor,“ segir hún. Á þeim tíma hafi hún kynnst því á vissan hátt að vera atvinnurekandi. „Það var góð reynsla og mikilvæg,“ segir hún. Þaðan fór hún til starfa á spítalanum. „Ég held að ég hafi komið víða að málum sem tengjast vinnumarkaðnum, bæði opinbera markaðnum og almenna markaðnum,“ segir hún.

Bryndís segist ekki geta sagt hvert þessara fyrrgreindu starfa hafi verið skemmtilegast. „Mér finnst alltaf svo skemmtilegt í vinnunni. Það er allavega mjög sjaldan sem mér hefur leiðst þau störf sem ég hef verið að fást við og ef mér hefur farið að leiðast þá hef ég haft mikla þörf fyrir að hreyfa mig,“ segir hún. Þetta hafi allt verið skemmtileg störf og það sé gaman að takast á við krefjandi verkefni. „Þessi störf hafa öll verið það. Þannig að ég á voðalega erfitt með að gera upp á milli,“ segir hún.



**REYNSLUBOLTI** Bryndís byrjaði starfsferilinn í dómsmálaráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Mér finnst líka mjög gaman að fara á fjöll. Finnst gaman að fara í gönguferðir á sumrin hér heima og helst á hálendinu.**

Bryndís er í sambúð með Stefáni Kalmanssyni og á átján ára gamla tvíbura af fyrra sambandi. Hún á ýmis áhugamál sem hún sinnir utan vinnutímans. „Ég er nýbyrjuð að spila golf, byrjaði á því fyrir tveimur árum og finnst það mjög gaman,“ segir hún. Hún spilar golfið með vinafólki og segir að það taki sífellt meiri tíma af frístundum. „Mér finnst líka mjög gaman að fara á fjöll. Finnst gaman að fara í gönguferðir á sumrin hér heima og helst á hálendinu,“ segir hún. Þá séu stundirnar með fjölskyldunni mjög kærkomnar.

jonhakon@frettabladid.is

## RÉTTSÝN OG SAMVISKUSÖM



Við Bryndís unnum fyrst saman í stjórnmálum. Síðar vann ég enn nánar með henni þegar ég varð rektor Háskólans á Bifröst og hún var vararektor og minn nánasti samstarfsmaður. Hún er klár, kemur fljótt að aðalatriðum, er alvörugefin, réttsýn og samviskusöm. Bryndís er hávaxin og það kom sér vel þegar hún varð rektor Háskólans á Bifröst. Þá gat hún notað rektorsskikkjuna mína óbreytta og hún lék, af stakri prýði, hlutverk mitt sem erkiengillinn Gabríel í Jólahelgileiknum í Borgarnesi. Mér þykir vænt um Bryndísi. Hún er með betri manneskjum sem ég hef starfað með. Hún á eftir að vera góður ríkissáttasemjari.

***Ágúst Einarsson,*** *prófessor og fyrrverandi rektor á Bifröst*



Fyrir ríkissáttasemjara held ég að fátt sé mikilvægara en gott eyra og skarpur hugur. Bryndís hefur hvort tveggja til að bera auk þess sem hún hefur afar næmt auga fyrir ólíkum aðstæðum fólks. Hún var mjög fljót að skynja flókna og fjölbreytilega menninguna á Landspítala. Henni tókst að nema þá þætti sem skipta alla máli og leiddi verkefnið „Góður vinnustaður“ af miklum skörungsskap. Ég þykist vita að einhverjir gallar leynist hjá Bryndísi eins og hjá okkur öllum, en þeir eru þá svo minni háttar að ég hef ekki komið auga á þá.

***Páll Matthíasson,*** *forstjóri Landspítalans*

Mat hækkar á 93,4% eigna:

## Hækkun um 11%

Fasteignamat á fjölbýlishúsum hækkar um tæp 11 prósent á höfuðborgarsvæðinu á næsta ári og 5,2 prósent utan höfuðborgarsvæðisins. Fasteignamat á sérbýli hækkar um 5,9 prósent á höfuðborgarsvæðinu og um 4,1 prósent utan þess.

Alls hækkar fasteignamatið á 93,4 prósentum eigna en lækkar á 6,6 prósentum eigna frá fyrra ári.

Fasteignamatið byggir á upplýsingum úr þinglýstum kaupsamningum auk fjölmargra annarra þátta sem hafa áhrif á verðmæti fasteigna. Nýja fasteignamatið miðast við verðlag fasteigna í febrúar 2015. Það tekur gildi 31. desember næstkomandi og gildir fyrir árið 2016. Frestur til að gera athugasemdir við nýtt fasteignamat er til 1. september 2015.

Mat íbúðareigna (127.502) á öllu landinu hækkar samtals um 7,5 prósent frá árinu 2015 og verður samanlagt fasteignamat þeirra 3.844 milljarðar króna í fasteignamatinu 2016. Eins og undanfarin fjögur ár hækkar matsverð íbúða í fjölbýli meira á landinu öllu en mat íbúða í sérbýli.

Fasteignamat atvinnuhúsnæðis í landinu hækkar um 2,3%. Á höfuðborgarsvæðinu hækkar matið um 2,4% en um 2,2% á landsbyggðinni. - jhh

# Starfsmenn FME ánægðari en áður

***Stöðugildi hjá Fjármálaeftirlitinu voru 117,5 á síðasta ári. Í árslok 2008 var heildarfjöldi starfsmanna 62. Dregið hefur úr starfsmannaveltu. Forstjórinn segir veltuna heilbrigða.***

Síðastliðin þrjú ár hefur fjöldi starfsmanna og starfsmannavelta verið nokkuð stöðug, segir í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins. Þar segir að árið 2014 hafi fjöldi greiddra stöðugilda verið 117,5 og starfsmannavelta verið tæp 8 prósent. Þetta þýðir að starfsmönnum hefur fjölgað umtalsvert frá því í aðdraganda bankahrunsins, en þeir voru 44 í árslok 2006 og 62 í árslok 2008.

„Það er velta en hún er mjög heilbrigð,“ segir Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, í samtali við Markaðinn eftir ársfund Fjármálaeftirlitsins sem fór fram á fimmtudaginn. Hún segir að það skipti miklu máli að tekist hafi að ná veltunni niður.

Aðstæður Fjármálaeftirlitsins á árunum fyrir bankahrun voru mikið gagnrýndar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Í skýrslunni segir að starfsmannavelta hjá Fjármálaeftirlitinu hafi verið breytileg á tímabilinu 2000-2008. Samkvæmt skýrslunni var starfsmannavelta hjá stofnuninni að meðaltali 11% frá árinu 2000 til miðs árs 2008. Þá segir í skýrslunni að Fjármálaeftirlitið hafi búið við mikla samkeppni við fjármálamarkaðinn og fyrirtæki tengd honum sem hafi leitt til þess að töluverður fjöldi starfsmanna hafi látið af störfum. Í þeim hópi hafi verið reyndustu sérfræðingar stofnunarinnar.



**Á ÁRSFUNDI** Unnur Gunnarsdóttir ræddi starfsmannamál FME á fundi stofnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í samtali við Markaðinn segist Unnur Gunnarsdóttir skynja það nú að þegar hún talar við stjórnir hjá eftirlitsskyldum aðilum hafi þeir skilning á því að Fjármálaeftirlitið þurfi að vera með sterkt og gott starfsfólk.

Í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins segir að ný vinnustaðagreining sýni að starfsandi hjá Fjármálaeftirlitinu sé góður, eða 4,22 stig af 5 mögulegum, en jafnframt hafi ánægja og stolt starfsmanna aukist til muna.

Unnur segir að Fjármálaeftirlitið skapi tækifæri fyrir fólk sem vilji starfa í þekkingarumhverfi. „Það er mikil þjálfunarþörf og þetta eru sérhæfð störf. Þó að þetta kosti einhverja peninga, þá er það eitthvað sem við verðum að gera,“ sagði Unnur.

jonhakon@frettabladid.is

Póst dreifing

# FJÖLPÓSTUR SEMVIRKAR

**Staðbundin skilaboð, hægt að velja póstnúmer, hverfi, tegund húsa o.s.frv.**

# MARKHÓPADREIFÐUR FJÖLPÓSTUR

**Viðtakandinn er sérstaklega valinn og þannig líklegur til að bregðast við.**

# MARKPÓSTUR FYRIR RÉTTA FÓLKIÐ

**Ódýr og markviss leið til að ná í rétta hópinn.**

ERTU ÓÁKVEÐIN/N EÐA ERTU EKKI VISS?
Fáðu tilboð hjá Póstdreifingu fyrir þín skilaboð, hafðu samband
í síma 585 8300 eða sendu okkur fyrirspurn á netfangið
SALA@POSTDREIFING.IS

PÓSTDREIFING EHF
Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | S. 585 8300
**www.postdreifing.is | postdreifing@postdreifing.is**

Framlag ákveðinna stétta verður ekki metið til fjár:

# Virðingarleysið birtist í launaumslaginu

Það er rétt hjá Kára Stefánssyni að háskólamenntun ein og sér á ekki að vera grundvöllur launahækkana heldur hverju umrædd störf skila samfélaginu. En ef framlag ákveðinna háskólamenntaðra stétta verður ekki metið til fjár?

Þegar ég var blaðamaður á Morgunblaðinu skrifaði ég fréttaskýringu árið 2008 í miðopnu blaðsins um kjaradeilu hjúkrunarfræðinga og ríkisins. Eftir að hafa kynnt mér málið ítarlega vildi ég nota sömu fyrirsögn og á þessum pistli en þáverandi ritstjóri taldi hana of gildishlaðna. Niðurstaðan var bitlaus fyrirsögn, hálfgerður stuðull.



**Markaðshornið**

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

**Það er rétt hjá Kára að það er kolröng hugmyndafræði að einblína bara á menntunina.**

„Menntun skal metin til launa," er slagorð BHM í kjarabaráttunni. Ummæli Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni sl. sunnudag hafa vakið athygli en þar sagði hann m.a: „Ef við tökum baráttu Bandalags háskólamanna og þessa kröfu manna um að þeir fái hærri laun af því þeir hafa fengið einhverja menntun. Ekki hærri laun vegna þess að þeir leggja meira af mörkum til samfélagsins. Ég held að það sé miklu eðlilegra að við reynum að búa okkur til aðferð til þess að meta það hversu mikið menn leggja af mörkum til samfélagsins."

Það er rétt hjá Kára að það er kolröng hugmyndafræði að einblína bara á menntunina sem slíka þegar launakröfur eru settar fram. Eðlilegra er að horfa á framlag viðkomandi eða eftir atvikum þau verðmæti sem viðkomandi skapar. Vandamálið er bara að framlag ákveðinna háskólamenntaðra stétta verður ekki metið til fjár. Hvernig á til dæmis að meta framlag heilbrigðisstarfsmanna eins og lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraþjálfara til fjár? Er það yfirleitt hægt? Það er hægt að meta framlagið til samfélagsins (svo notað sé orðalag Kára) á grundvelli þess hversu mikilvæg umrædd störf eru í samfélaginu. Í þessu sambandi er hægt að færa ákveðin rök fyrir því að samfélag sem greiðir heilbrigðisstarfsmönnum lág laun telji mannslíf lítils virði.

Hjúkrunarfræðingar voru með smánarlega lág laun árið 2008. Þess vegna var rétt að tala um „virðingarleysi" í fyrirsögn fréttaskýringarinnar þótt ritstjórinn minn hafi verið ósammála.

Hjúkrunarfræðingar eru alþjóðlegt vinnuafl. Það skýrir til dæmis mikinn fjölda íslenskra hjúkrunarfræðinga í Noregi. Hvers vegna eiga þeir að þurfa að sæta því að flytja til útlanda til að fá eðlilegt endurgjald fyrir framlag sitt en læknar ekki?

Ríkinu er vandi á höndum vegna nýgerðra kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins. Annars vegar eru samningarnir út af fyrir sig verðbólguhvetjandi. Ofan á þá koma síðan skattalækkanir, sem kynntar voru í síðustu viku, eins og olía á verðbólgubál.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði, sagði í fréttum Stöðvar 2 á sunnudag að nýgerðir kjarasamningar væru þensluhvetjandi, stór hluti kaupmáttar þeirra myndi brenna inni í verðbólgu og taldi líklegt að Seðlabankinn hækkaði vexti í kjölfar þeirra.

Hvernig ætlar þá ríkið að fara að því að hækka laun aðildarfélaga BHM án þess að keyra upp verðbólguna? Hvernig á að hækka laun starfsstétta eins og hjúkrunarfræðinga, hverra framlag verður ekki metið til fjár, þannig að í launaumslagi þeirra birtist einhver virðing fyrir störfum þeirra en gæta að stöðugleika á sama tíma?

Það er milljón dollara spurningin.

## Sjálfstæðiskonur fræddust um deilihagkerfið



**Á GÓÐRI STUND** Landssamband sjálfstæðiskvenna fundaði um deilihagkerfið á Nauthól í gær og voru Ásdís Kristjánsdóttir hagfræðingur og Jökull Sólberg, stofnandi Lemonande, framsögumenn á fundinum. Stefanía Bjarney Ólafsdóttir stýrði fundi. Atburðurinn var að sjálfsögðu skjalfestur með sjálfsmynd, eins og tíðkast nú til dags. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þak yfir höfuðið

**Skoðun**



Unnur Brá Konráðsdóttir
alþingismaður

Húsnæðismál hafa verið mikið í umræðunni undanfarin misseri enda hverjum manni nauðsynlegt að eiga þak yfir höfuðið. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks leggur áherslu á að landsmenn búi við öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins og hafi raunverulegt val um búsetuform. Ljóst er að staðan á húsnæðismarkaðnum er erfið, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Mikill þrýstingur er á markaðnum og vegna mikillar eftirspurnar hækkar húsnæðisverð og leiguverð að sama skapi.

Húsnæðisstefna stjórnvalda á að byggja á því meginmarkmiði að skapa markaðnum þann ramma að einstaklingum sé kleift að eignast eigið húsnæði og að til staðar sé virkur leigumarkaður. Séreignastefnan er eitt af þeim grunnviðmiðum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur ávallt staðið vörð um og mun gera áfram. Það er sérstakt markmið okkar að auðvelda ungu fólki sín fyrstu kaup með skattalegum hvötum til sparnaðar gegnum séreignasparnaðarkerfið til að standa undir útborgun við fyrstu kaup. Það úrræði á að festa varanlega í sessi. Þá þarf að grípa til aðgerða til að auka framboð leiguhúsnæðis og draga með því úr þrýstingi á leigumarkaðnum.

Það er ekki farsælt til framtíðar að viðhalda núverandi húsnæðiskerfi sem byggir á Íbúðalánasjóði, vaxtabótakerfi og húsaleigubótakerfi og dæla þar inn auknu fjármagni. Það er ekki lausn til framtíðar. Kostnaður skattgreiðenda af rekstri Íbúðalánasjóðs hefur verið mikill og er vera ríkisins á húsnæðismarkaði dýru verði keypt fyrir skattgreiðendur. Erfitt er að réttlæta tilvist sjóðsins í óbreyttri mynd þar sem hann er að stærstum hluta rekinn í samkeppni við einkaaðila. Í allri umræðu um breytingar á húsnæðismarkaði verðum við að hafa í huga þá gullnu reglu að lágmarka áhættu skattgreiðenda.

### Skuldir lækka

Efnahagslegur stöðugleiki er nauðsynleg forsenda þess að við náum árangri og að lífskjör okkar, þar á meðal hvað varðar húsnæðismál, verði enn betri en þau eru í dag. Tölur frá Seðlabankanum, Hagstofunni og fjármála- og efnahagsráðuneytinu leiða í ljós að við erum að ná árangri.

Skuldir heimilanna hafa lækkað hratt og hafa ekki verið minni frá 2004. Í samanburði við þær þjóðir sem við helst berum okkur saman við er þróunin á Íslandi mjög til fyrirmyndar. Skuldirnar eru ekki einungis komnar niður fyrir þensluáhrif hrunsins heldur einnig niður fyrir þá bólu sem myndaðist fyrir hrun. Þegar litið er til skulda heimilanna sem hlutfalls af vergri landsframleiðslu er það nú það sama og árið 2004. Við höfum náð miklum árangri en betur má ef duga skal.

Þessa breyttu og bættu skuldastöðu heimilanna má rekja til margra þátta. Ákjósanlegar efnahagslegar aðstæður og stöðugleiki sem hefur leitt til verulegrar kaupmáttaraukningar hjá almenningi spilar þar stærst hlutverk en kaupmáttur launa hefur aukist um 8% frá ársbyrjun 2013.

Skuldaaðgerðir ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem samþykktar voru á Alþingi hafa haft mikil áhrif. Íbúðaskuldir hafa lækkað úr 72% í 65% af VLF og áhrifa þess mun gæta áfram til frekari lækkunar næstu misseri.

Allt bendir til þess að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar, árferði og ytri aðstæður skili okkur enn frekari ávinningi á næstu árum. Efnahagslegur stöðugleiki er nauðsynleg forsenda þess að við náum árangri og að lífskjör okkar verði enn betri en þau eru í dag.

# Framleiðni

**Hin hliðin**

Guðný Benediktsdóttir
Sjálfstætt starfandi stjórnunarráðgjafi



Okkur er sagt að í alþjóðlegum samanburði komi Ísland illa út hvað framleiðni vinnuafls varðar. Lítil framleiðni þýðir að við erum óhagkvæmari, við þurfum að kosta meiru til, til að framleiða sömu vöru/þjónustu en samkeppnislönd okkar. Þetta er því stórt mál fyrir okkur sem þjóð. Ef framleiðni eykst hjá fyrirtæki stendur það sig betur í samkeppninni og meiri líkur eru á því að það geti greitt hærri laun. Það er því sameiginlegur hagur atvinnuveitanda og starfsmanns að auka framleiðni. En hvað þarf til?

Stjórnendur fyrirtækja sem leggja áherslu á góðan rekstur eru stöðugt að huga að aukinni framleiðni og stuðla að því að ferlar fyrirtækisins þróist í átt að meiri skilvirkni. Þeir vita að þetta kostar bæði tíma og peninga en er sparnaður á endanum. Þeir innleiða nýja hugsun í rekstri og sjá til þess að árangri sé viðhaldið. Þeir hafa úthald og eru meðvitaðir um að stöðugar umbætur skila árangri en krefjast stöðugrar vinnu.

Til að innleiða hugsun og verklag stöðugra umbóta þurfa stjórnendur að byrja á sjálfum sér. Þeir þurfa að leiða vinnuna til að aðrir fylgi með. Þeir þurfa að þekkja ferlana, sjá til þess að þeir séu skráðir og verklagsreglur og vinnulýsingar séu aðgengilegar fyrir starfsmenn.

Stöðugar umbætur kalla á breytingar sem geta reynst mörgum erfiðar. Farsælast til árangurs er að vinna að breyttu verklagi með því fólki sem sinnir verkefninu, það þekkir málið best. Þátttaka starfsfólks eykur svo ábyrgðartilfinningu og metnað sem leiðir til meiri starfsánægju.

Til að auka framleiðni fyrirtækis er mikilvægt að allir starfsmenn séu með á árunum og rói í sömu átt. Starfsmenn vilja upplifa sig sem þátttakendur og hluta af góðu teymi. Gott upplýsingastreymi er því mikilvægt svo og skýr stefna, allir þurfa að vita hvert er verið að fara og af hverju.

Mælingar á lykilþáttum rekstrar og kynning á niðurstöðu til starfsmanna hefur reynst góð aðferð til að virkja starfsmenn til þátttöku svo og að virkja eðlislægan áhuga starfsmannsins með því að velja réttan aðila í rétt starf.

Til að auka framleiðni fyrirtækja þarf að velja til starfa stjórnendur og leiðtoga sem geta virkjað fólk til góðra verka og leitt teymi til árangurs.

# SUMARVERÐ

## FJÖGURRA KJARNA SPJALDTÖLVA FYRIR SUMARIÐ Á KR. 16.990 !

**Nextbook er vinsælasta spjaldtölvan okkar fyrir börn og fullorðna. Frábært verð vegna magnkaupa.**




## SUMARVERÐ

# 16.990

SAMA VERÐ UM ALLT LAND

nextbook NEX-NX785QC8G

**Skemmtilega hönnuð og meðfærileg 7,85" Nextbook spjaldtölva með 1.6GHz Quad Core ARM Cortex A9 örgjörva. Kristaltær snertiskjár með 1024x768 punkta upplausn. 1GB DDR RAM vinnsluminni og 8GB Flash minni sem má stækka í 40GB með MicroSD minniskorti. Android 4.4 KitKat stýrikerfið. Myndavél að framan og aftan.**

### Vinsælasta spjaldtölvan okkar
Þessi spjaldtölva rýkur út hjá okkur fyrir börn og fullorðna. Frábær skemmtun með Google Play þar sem hægt er að nálgast þúsundir ókeypis leikja og fræðsluforrita.

### Hentug barnastærð
8" passar mjög vel í litlar hendur og er góð millistærð á milli farsímastærðar og fullvaxinnar 10" spjaldtölvu.

### Létt og meðfærileg
Nextbook er skemmtilega hönnuð og sérstaklega þunn. Vegur aðeins 387 grömm.

### Quad Core örgjörvi
Fjögurra kjarna Cortex A9 örgjörvi sem skilar hraðri vinnslu með 1GB vinnsluminni.

### Allt að 40GB minni
Kemur með 8GB innbyggðu Flash minni sem hægt er að stækka í 40GB með 32GB MicroSD minniskorti.

### Kristaltær fjölsnertiskjár
Næmur og hraðvirkur skjár með 1024x760 punkta upplausn og skýrum skjá.

### Myndavél að framan og aftan
Tvær myndavélar til að taka ljósmyndir eða myndbönd. 2MP að aftan og VGA upplausn að framan.

### Android 4.4 KitKat
Nýja Android stýrikerfið með skemmtilegum nýjungum. Aðgangsstýring þannig að hægt er að stofna sérstakan aðgang fyrir alla notendur tölvunnar.

### 2 ára traust ábyrgð
Tölvulistinn hefur í yfir 21 ár rekið sitt eigið þjónustuverkstæði og veitt ábyrgðarþjónustu sem hægt er að treysta.

tl.is

**ALLT SPJALDTÖLVUÚRVALIÐ Á TL.IS**




**OPIÐ 10-18**

TÖLVULISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 132,48 | DKK 19,80 | NOK 16,92 | CHF 141,90 |
| GBP 203,22 | EUR 147,70 | SEK 15,69 | JPY 1,07 |

**FTSE 100**
6.928,27 -25,31
(-0,36%)

**Viðskiptavefur Vísis**
**@VisirVidskipti**

## 3 NÝIR Í STJÓRN

### Fulltrúi golfnefndar í stjórn FVH

Ný stjórn Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga hefur verið kjörin fyrir starfsárið 2015-2016. Þrír nýir tóku sæti í stjórninni, þau Ólafur Reimar Gunnarsson og Vala Hrönn Guðmundsdóttir, auk Sverris Sigurveinssonar sem er fulltrúi golfnefndar í stjórninni. Golfmót FVH verður haldið í lok ágúst. Kosið er í embætti stjórnar til tveggja ára í senn.

**02.06.2015** Ég er harmi sleginn yfir fregnum dagsins. Hugur minn er hjá þeim sem um sárt eiga að binda vegna þessa máls. Forsætisráðherra fjármagnaði ekki kaup Pressunnar á DV. Hann á ekki hlut í blaðinu. Að öðru leyti óska ég eftir því að tekið sé tillit til þess að hér er mannlegur harmleikur á ferðinni og að aðgát skuli höfð í nærveru sálar.

*Björn Ingi Hrafnsson útgefandi.*



## 19,5 MILLJARÐAR

### Þjónustujöfnuður jákvæður

Samkvæmt Hagstofu Íslands var þjónustujöfnuður við útlönd jákvæður um 19,5 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi 2015. Heildarútflutningur á þjónustu á fyrsta ársfjórðungi 2015 var, samkvæmt bráðabirgðatölum, 101,2 milljarðar króna en innflutningur á þjónustu 81,8 milljarðar. Þjónustujöfnuður við útlönd var því jákvæður um 19,5 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi en var jákvæður um 15,6 milljarða á sama tíma árið 2014 á gengi hvors árs.

## STJÓRNARMAÐURINN

### Eilífðarvél Kaupþings

Í fréttum síðustu viku var sagt frá því að háar greiðslur tíðkuðust til starfsmanna Kaupþings fyrir stjórnarsetu erlendis – til að mynda væru meðalárslaun stjórnarmanna í bresku tískukeðjunni Karen Millen tæplega 60 milljónir króna en þar situr meðal annars yfirmaður eignastýringar Kaupþings.

**ÞETTA** er til viðbótar ríflegum mánaðarlaunum, sem að sögn nema að meðaltali 1,6 milljónum króna á mánuði hjá starfsmönnum Kaupþings. Þeir starfsmanna, sem treyst er fyrir stjórnarsetu erlendis, bera væntanlega talsvert meira úr býtum.

**STJÓRNARMAÐURINN** verður síðastur til að gagnrýna vegleg launakjör fyrir fólk sem stendur sig vel, og sinnir störfum sem skapa verðmæti.

**ERFITT** er hins vegar að halda því fram að slíkt eigi við í tilviki fallins íslensks banka, þar sem fólk hefur frekar skipast í störf á grundvelli tilviljunar en sérþekkingar eða reynslu. Það er heldur engin alþjóðleg eftirspurn eftir því annars ágæta fólki sem séð hefur um uppgjör íslensku bankanna, og óljóst hvað réttlætir betri kjör en almennt gengur og gerist í íslenskum fjármálageira.

**KAUPÞING** er í slitameðferð og hefur verið síðan á haustdögum 2008. Merkilegt í ljósi þess markmiðs allra skiptastjóra að hámarka þær eignir sem liggja í búinu og ljúka skiptum á tilhlýðilegum tíma.

**Á ÞEIM** sjö árum sem liðin eru frá hruni hafa orðið sáralitlar breytingar á erlendu eignasafni Kaupþings. Bankinn hefur ekki selt verulega eign ótilneyddur frá sölunni á tískufatakeðjunni All Saints árið 2011. Til samanburðar þá lauk formlegum skiptum þrotabús fjárfestingarbankans Lehman Brothers fyrir réttum þremur árum. Skýringa á aðgerðaleysi Kaupþingsmanna þarf hins vegar varla að leita langt.

**ÞEIR** fá ríkulega umbunað, og af fréttaflutningi virðast þeir fá að stinga stjórnarlaunum í eigin vasa. Það er nokkuð óvanalegt en hefðin er sú að umsýslulaun vegna fjárfestinga renni til félagsins sem á hlutinn, en ekki þess starfsmanns sem sér um fjárfestinguna fyrir þess hönd.

**FYRIR** liggur að margir hafa sýnt eignum Kaupþings í Bretlandi áhuga, og þá ef til vill sérstaklega tískuverslanakeðjunum Karen Millen, Warehouse, Oasis og Coast. Efnahagshorfur í Bretlandi eru góðar og Kaupþingsmenn sitja á þekktum vörumerkjum sem þeir hafa ekki sérstaka kunnáttu eða eigendaástríðu til að reka.

**HINGAÐ** til hafa þeir hins vegar ekki hirt um að svara símtölum frá áhugasömum kaupendum. og skyldi engan undra. Hvatinn er enginn.

**@stjornarmadur**




## Viðgerðir

**BÍLAVERKSTÆÐIÐ SMÁPARTAR**
Getum bætt við okkur nokkrum kúnnum

Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**ÁRATUGA REYNSLA**
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja







Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www. velaverkjs.is




**FYRIRMYNDAR GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og vandaður garðsláttur og trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf 615-1605, grasblettur@gmail.com

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@ flytja.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Nú getur þú útbúið sálmaskrá á heimasíðu okkar www.samskipti.is eða látið okkur gera hana fyrir þig. S: 5807820 eða sendu fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is

Bílskúrshurðar til sölu Vegna breytinga úr 2 í eina hurð eru 2 stk. Hörmann m/gluggum til sölu ásamt móturum og fylgihlutum. Hæð 253cm, breidd 225cm. 8999520

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskútu, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www. brokey.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**
Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

Til leigu nýuppgerð 60fm íbúð í 105 með 1 stóru svefnherbergi. Góð staðsetning og skemmtileg íbúð, leigist helst með húsgögnum. Uppl. í síma 844-1154 eða á netfangið bjorkbjornsd@hotmail.com

Til leigu 106m2 fjögurra herbergja íbúð á góðum stað í Hafnarfirði. Íbúðin er laus. Langtímaleiga. Fyrirspurnir óskast sendar á leigufelagid@gmail.com

Til leigu í 105 Reykjavík, 270m2 íbúð, 2. hæð og rishæð. Íbúðin er laus. Langtímaleiga. Fyrirspurnir óskast sendar á haland.ehf@gmail.com

## Húsnæði óskast

Stúdíó íbúð óskast. Sími: 8672145

## Húsnæði til sölu



Ferðaþjónustutækifæri í Ölfus hjá Rvk. 612,5 fm tæpl.fokhelt hús m. teikningar f. heimagistingu. S: 7741008

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Bílskúr

Óska eftir að taka á leigu bílskúr undir vörulager. Parf að vera laus fljótlega. Vinsamlega sendið svör til einar. gudjonsson@gmail.com eða einar@ kaffifelagid.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði




**FRAMTÍÐARSTARF!**
Pökkun hjá Jóa Fel Holtagörðum. Vinnutími frá kl. 05-13:00 + laugardaga, íslensku kunnátta skilyrði.
**Vinsamlega sendið umsókn á linda@joifel.is og í s. 863 7579**

**CAFÉ ROSENBERG**
Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslustörf. Íslensku kunnátta skilyrði.
**Café Rosenberg S. 551 2442 & Þórður 862 2492**

**VÉLAVERKSTÆÐI**
Vanur maður eða lagtækur óskast við viðgerðir og smíðar .Góð laun í boði.
Skólamaður kemur einnig til greina .
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is ásamt símanúmeri og upplýsingar merkt:"Vélaverkstæði"**

**KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR**
óskar eftir starfsmanni í eldhús. Viðkomandi þarf að vera með reynslu af matreiðslu og geta unnið undir álagi. Unnið er á kokkavöktum. Ráðið verður í starfið strax.
**Umsóknir berist á 10dropar@gmail.com.**




**TÆKJAMAÐUR ÓSKAST.**
Björgun ehf óskar eftir að ráða tækjamann á hjólaskóflu. Upplýsingar í síma 8435611

Gröfumaður, trailerbílstjóri og vörubílstjóri óskast. Eingöngu vanir menn. Uppl. í s. 897 0731 milli kl. 16-18

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegu starfsfólki í sumarvinnu, æskilegt er að viðkomandi sé með bílpróf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@ gmail.com

**RÚTUBÍLSTJÓRI ÓSKAST.**
Mest í hálendisferðir. Uppl. í s. 893 4246

## Atvinna óskast

Getum bætt við verkum, öll málningarvinna. Áratuga reynsla. Einar S: 661 4519. Tölvup. malarinnmikli@ gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Einkamál






## atvinna

ÁB LYFTING

### KRANAMAÐUR ÓSKAST

ÁB Lyfting óskar eftir að ráða starfsmann á Krana fyrirtækisins.

Umsóknir óskast sendar á netfangið astthor@ablyfting.is

**ÁB Lyfting er dótturfyrirtæki VHE og rekur í dag 7 bílkrana.**

## fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Strandvegur 2 - Sjálandi Garðabæ**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Virkilega falleg og vönduð 107,4 fm. 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með verönd til suðurs í lyftuhúsi í Garðabæ auk sér bílastæðis í bílageymslu. Gott aðgengi fyrir fatlaða er að íbúðinni.
Nýtt ljóst parket er á gólfum. Stofan er mjög stór og björt og eldhúsið er rúmgott með góðri borðaðstöðu við útbyggðan glugga til suðurs. Leikvöllur er nærri húsinu og stutt er í Sjálandsskóla. **Verð 37,9 millj. Íbúð merkt 0101. Verið velkomin.**

## tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

### Kjalarnes, Esjumelar - lýsing

Vegna fyrirhugaðrar stækkunar á núverandi athafnasvæði Esjumela sem liggur við Vesturlandsveg, er nú til kynningar verkefnislýsing sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Tilgangur lýsingarinnar er að lýsa svæðinu og þeirri hugsun sem liggur að baki gerð fyrirhugaðs deiliskipulags, en þar verður gert ráð fyrir fjölbreyttu framboða athafnalóða af mismunandi stærðum og gerðum. Deiliskipulagssvæðið er um 50 ha að stærð og nær frá Vesturlandsvegi í suðvestri, Kollafjarðará til norðurs, að Leirvogsá (sveitarfélagamörkum) í suðri og að gatnamótum Norðurgrafarvegar og Varmadalsvegar í austri.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er svæðið skilgreint sem; AT5 Esjumelar - svæði þar sem fyrst og fremst má vera iðnaður og önnur starfsemi sem ekki hefur teljandi mengunarhættu í för með sér, s.s. verkstæði, gagnaver og vörugeymslur. Um er að ræða stækkun á því athafnasvæði sem þegar er að hluta til risið við Vesturlandsveg en það var stækkað við endurskoðun aðalskipulagsins.

**Lýsingin er orðin aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma ábendingum eða athugasemdum á framfæri til skipulagsfulltrúa, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is* fyrir 25. júní nk.**

Reykjavík, 2. júní 2015,
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Hamrahlíð 27 - 105 Reykjavík**




3 herbergja, 95,8 fm, íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi við Hamrahlíð í Reykjavík. Stór stofa. Tvö herbergi, annað með útgengi á austursvalir. Hol. Eldhús. Baðherbergi. **V. 32,5 m.**

**Flúðasel 63 - 109 Reykjavík**




5 herbergja, 109,0 fm, íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílastæði í bílageymslu við Flúðasel í Reykjavík. **V. 27,5 m.**

**Torfufell 31 - 111 Reykjavík**




3 herbergja, 79,8 fm, íbúð á 4 hæð í fjölbýlishúsi við Torfufell í Reykjavík. Tvö svefnherbergi. Eldhús með borðkrók. Hol. Baðherbergi. Stofa með útgengi á lokaðar svalir. **V. 19,9 m.**

**Hrísrimi 35 - 112 Reykjavík**




260,3 fm, hæð, ris og jarhæð, ásamt bílskúr í þríbýlishúsi. Íbúð á hæð er skráð 134,7 fm, risíbúð 63,9 fm, geymsla 26,3 fm og bílskúr 35,4 fm, alls 260,3 fm. Eignin þarfnast viðgerða og standsetningar. **V. 45,0 m.**

**Smyrlahraun 20 - 220 Hafnarfjörður**




6 herbergja, 181,6 fm íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr við Smyrlahraun í Hafnarfirði. Íbúð er skráð 181,6 fm þar af bílskúr 26,6 fm. **V. 36,9 m.**

**Sléttahraun 24 - 220 Hafnarfjörður**




4 herbergja, 100,7 fm íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi við Sléttahraun í Hafnarfirði. Íbúð er skráð 89,5 fm og geymsla 11,2 fm, alls 100,7 fm. **V. 25,0 m.**

**Einar Páll Kjærnested Löggiltur fasteignasali**

## Veðurspá

Miðvikudagur

Í dag er útlit fyrir minnkandi norðanátt. Sunnan til þykknar upp og fer að rigna seinnipartinn, en að sama skapi mun stytta upp fyrir norðan. Líklegt er að eitthvað sjáist til sólar um vestanvert landið síðdegis. Hitastig er áfram svipað, 1 til 6 stig norðanlands en allt að 12 stig fyrir sunnan.







## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** lappi, **6.** þys, **8.** mál, **9.** því næst, **11.** í röð, **12.** hindra, **14.** miklu, **16.** karlkyn, **17.** léreft, **18.** stansa, **20.** tvíhljóði, **21.** andstreymi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** löngun, **3.** ólæti, **4.** mýrakalda, **5.** angan, **7.** þurrkuð plóma, **10.** einatt, **13.** hátíð, **15.** sæla, **16.** hugfólginn, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sami, **6.** ýs, **8.** tal, **9.** svo, **11.** lm, **12.** tefja, **14.** stóru, **16.** kk, **17.** lín, **18.** æja, **20.** au, **21.** raun.
**LÓÐRÉTT: 1.** lyst, **3.** at, **4.** malaría, **5.** ilm, **7.** sveskja, **10.** oft, **13.** jól, **15.** unun, **16.** kær, **19.** au.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Hilmir Freyr Heimisson (1.982), hafði hvítt gegn Heimi Páli Ragnarssyni (1.591) á Meistaramóti Skákskóla Íslands.**



**Hvítur á leik**
**26. Hxf7+! Hxf7 27. Bxd5** (27. b8D+ jafnvel enn betra) **27.... Dc7 28. bxc3 Hxf2 29. Hb1!** (Þótt svartur er hróki yfir er hann varnarlaus). **29.... Df4 30. Dxe8+!** og svartur gafst upp.
**www.skak.is:** Jón Trausti skákmeistari Skákskólans.







## Myndasögur

**PONDUS**

Eftir Frode Øverli




**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 2 | | 5 | 3 | 1 | | |
| | | 5 | | 4 | | | 3 | 6 |
| | 3 | | 2 | 6 | | | 9 | 5 |
| | 1 | | | | 9 | | 6 | |
| 7 | | | 6 | 8 | 4 | | 5 | |
| 3 | | | | | | | | |
| 2 | | | 7 | 3 | 6 | | 4 | |
| | | | 4 | | | | | |
| | 8 | 7 | 1 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 4 | 8 | | 6 | |
| | | 6 | | | | 2 | | |
| 8 | | | | 2 | 1 | | 5 | |
| 1 | | | | | 2 | | 8 | |
| 4 | 3 | | | | | | | 2 |
| | 7 | 8 | 4 | 1 | | | | |
| | | | | | | 5 | 2 | 6 |
| | 8 | | | | 6 | 9 | 3 | |
| | | | 5 | | 4 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 7 | 5 | | | | 4 | |
| 1 | | | | 4 | | | | 9 |
| | | | | | | 6 | | |
| | | 5 | | | 2 | | | 4 |
| | 4 | | 6 | 5 | 1 | | 3 | 2 |
| | | | 9 | | | 5 | | |
| | 5 | | | | | | | 1 |
| | 6 | 2 | | 8 | | | | |
| 7 | 8 | | | | | | | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 1 | 9 | 6 | 4 | 5 | 3 | 2 |
| 2 | 3 | 6 | 5 | 7 | 8 | 4 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 7 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 9 | 6 | 7 | 2 | 1 |
| 6 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 1 | 2 | 4 | 7 | 8 | 5 | 9 | 6 | 3 |
| 7 | 5 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 9 | 4 |
| 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 |
| 4 | 6 | 2 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 3 | 1 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 6 | 8 | 1 | 4 | 5 | 7 | 9 |
| 1 | 5 | 8 | 6 | 9 | 3 | 7 | 2 | 4 |
| 3 | 2 | 7 | 4 | 8 | 1 | 9 | 6 | 5 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 1 | 3 | 8 |
| 5 | 7 | 2 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 3 |
| 6 | 9 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 | 5 | 7 |
| 8 | 4 | 3 | 2 | 5 | 7 | 6 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 4 | 7 | 2 | 8 | 5 | 3 | 6 |
| 2 | 8 | 3 | 9 | 6 | 5 | 7 | 1 | 4 |
| 5 | 6 | 7 | 3 | 1 | 4 | 2 | 8 | 9 |
| 6 | 3 | 5 | 2 | 4 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 4 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 3 | 2 | 5 |
| 8 | 1 | 2 | 5 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 3 | 9 | 6 | 4 | 2 |
| 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 6 | 1 | 7 | 2 | 9 | 5 | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í línunni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is

# Verður þú á hreyfingu í sumar?

*Sumarið er gengið í garð með tilheyrandi fjallgöngum og útiveru. Hlúðu að líkamanum og vertu klár í ævintýri sumarsins.*





## Hawaiian Tropic mini 100 ml

**Verjum húðina fyrir sólargeislum.**
Handhægar umbúðir sem passa vel í töskuna.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*




## Arctic Root & Hyaluronic Acid

**Eykur einbeitingu og kraft.**
Heldur liðunum mjúkum og bætir áferð húðarinnar.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*




## Pharmadoct & Compeed

Ferðasett – fyrsta hjálp.
Varasalvi með E vítamíni, SPF 30 sólarvörn og Compeed hælsærisplástur.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*



## Vulkan

Hita- og stuðningshlífar í miklu úrvali; fyrir hæla, kálfa, læri, nára og bak.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*




## Sjúkrataska

Verum alltaf viðbúin.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*




## Spirulina

Styrkir þrek og langvinnt úthald.
Eykur súrefnisflutning blóðs og gefur samstundis orku.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*




## Fast freeze

Hraðvirk alvöru kæling sem ræðst á sársauka.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*



## Heelen

Heelen býður einfaldar lausnir við erfiðum vandamálum.
Ekki þjást að óþörfu!

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*

INNIHELDUR MAGNESÍUM




## Resorb Sport

Bætir upp vökvatap og minnkar líkur á vöðvakrampa.
Flýtir bata í sárum vöðvum.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*

Lágmúla
Laugavegi
Nýbýlavegi
Smáralind
Smáratorgi
Borgarnesi
Grundarfirði
Stykkishólmi
Búðardal
Patreksfirði
Ísafirði
Blönduósi
Hvammstanga
Skagaströnd
Sauðárkróki
Húsavík
Þórshöfn
Egilsstöðum
Seyðisfirði
Neskaupstað
Eskifirði
Reyðarfirði
Höfn
Laugarási
Selfossi
Grindavík
Keflavík

# Fiskurinn er farinn – listin er komin

Spessi ljósmyndari sýnir ljósmyndir frá Fogo-eyju við Nýfundnaland. Fiskimannasamfélagi þar sem fiskurinn fór en listin kom.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



**LISTAMAÐURINN** Spessi bendir á hversu miklu fjárfesting í listum og menningu getur skilað fyrir lítil samfélög. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sigurþór Hallbjörnsson er mörgum kunnur undir nafninu Spessi ljósmyndari. Um liðna helgi opnaði Spessi sýningu í Galleríi Listamönnum þar sem hann sýnir ljósmyndir frá eyjunni Fogo við Nýfundnaland á austurströnd Kanada.

„Mér var fyrst boðið að koma þarna árið 2010. Það kom þannig til að Elísabet Gunnarsdóttir var að vinna fyrir konu sem heitir Zita Cobb og er milljarðamæringur en hún er frá Fogo. Verkefni Elísabetar fólst í að setja upp listamannabústaði, svokallað artist-residence, fyrir þessa konu sem vildi fjárfesta og gera eitthvað fyrir heimabyggð sína. Elísabet er í raun stofnandi og fyrsti stjórnandi þessarar listamannabyggðar en hún hafði komið að slíku áður í Noregi og Zita Cobb var mjög hrifin af því konsepti öllu. Þær vantaði ljósmyndara sem tekur ekki þessar venjulegu póstkortamyndir heldur er meira að taka raunmyndir af samfélaginu og ég var fenginn til verksins.“

**Þungt samfélag**

Spessi segir að fyrir um þrjátíu árum hafi Fogo-eyja verið sett í fiskveiðibann eftir að ofnýting stofna hafði verið gríðarleg um langan tíma. „Það var hreinlega búið að veiða allan fiskinn úr sjónum og ekkert annað í stöðunni en að setja fiskveiðibann á svæðið. Þá var þetta búið að vera nokkuð farsælt fiskimannasamfélag um langa hríð. Fyrir þremur öldum voru það Englendingar, Frakkar og Írar sem sóttu mikið í þessa matarkistu og í framhaldinu myndaðist samfélagið. Eitt þorpið er þannig til að mynda alfarið írskt og svona hefur þetta lifað. Þegar fiskveiðin hrundi var þetta um 5.000 manna samfélag en nú búa þarna um 2.000 manns.

Það er þungt yfir þessu samfélagi. Þegar ég kom þarna fyrst þá hugsaði ég nú fljótlega hvernig ég ætlaði að fara að því að vera á staðnum í heilan mánuð. Ég er frá Ísafirði og þekki þessa stemningu og þessar tilfinningar. Þessa þungu undiröldu sem getur verið í fólki þegar lítið er um vinnu og lítil von um betri tíð. En síðan fékk ég aðstoðarkonu sem tengdi mig við nærsamfélagið og þá fóru hlutirnir að gerast.“

**Matarleifar og pósthús**

Sýning Spessa ber yfirskriftina: Matur, fólk & pósthús. Í portrettmyndum Spessa er engu líkara en viðfangsefnið, umhverfið og vætt-

**„Ég myndaði fólkið og ég myndaði matinn en þó mest matarleifarnar til þess að búa til tíma og segja þessa sögu.**

ingar ljósmyndarans renni saman í eina órofa heild. Hann veit að hverju hann leitar en er ekki alveg öruggur um hvað hann fær. „Ég myndaði mikið í fyrstu ferðinni og þá var ég enn dálítið leitandi. En síðan sneri ég aftur 2011 og það var að vetrarlagi og þá var ég meira með á hreinu hvað ég vildi. Titill sýningarinnar kom til mín í seinni ferðinni þegar ég fór að horfa á samfélagið. Þá fór ég að hugsa um þessa eyju sem matarkistu og tók líka eftir að lífið þarna snýst mikið um mat. Mat í dagsins önn og mat sem er uppurinn. Ég myndaði fólkið og ég myndaði matinn en þó mest matarleifarnar til þess að búa til tíma og segja þessa sögu matarins sem er búinn.

Svo er alveg stórmerkilegt þarna að ef það er fólk þá er pósthús og við það er flaggað. Það eru pósthús úti um allt, jafnvel bara í litlum skúrum þar sem getur vart heitið að sé að finna þorp. Þar er pósthús. En þetta þróast einhvern veginn svona hjá mér að áður en ég veit af er ég farinn að segja sögu samfélagsins. Samfélags sem er um margt skylt ýmsu sem við þekkjum hér heima.“



**FÓLKIÐ Á FOGO-EYJU** Spessi myndaði mikið daglegt líf fólks og aðstæður á Fogo-eyju við Nýfundnaland. LJÓSMYND/SPESSI

**Listin er leið**

Spessi segir að sú uppbygging sem hafi komið með listamannabyggðinni hafi greinilega haft gríðarlega mikla þýðingu fyrir svona smátt samfélag sem hefur átt í vök að verjast. „Það er afskaplega gefandi í skapandi vinnu að njóta vinnudvalar á svona stað. Þarna eru listmenn sem veita hver öðrum innblástur og fá innblástur frá samfélaginu. Það sem gerist líka er að samfélagið fær innblástur frá listamönnunum og í heildina virkar þetta gríðarlega hvetjandi á allt. Byggðin fyrir listamennina er mjög flott og svo er líka komið þarna fjögurra stjarna hótel þar sem eru haldnar ráðstefnur, vinnufundir og alls konar viðburðir. Fyrir fólk sem kemur frá borgum á borð við New York og Toronto þá þykir þetta rosalega kúl en fyrir okkur sem komum frá Íslandi þá er þetta eins og ákveðið birtingarform af Vestfjörðunum. Vestfirðir kynntir með timbri.

En það er forvitnilegt fyrir okkur að sjá hvað listir og menning geta skapað mikið með réttu fjárfestingunum á ótrúlegustu stöðum. Eftir að hafa verið þarna getur maður rétt ímyndað sér hvað væri hægt að gera mikið með milljarð í uppbyggingu í listum og menningu á Vestfjörðum svo dæmi sé tekið. Það er hægt að skapa störf, skapa verðmæti, skapa líf og uppbyggingu sem hverfur ekki þó svo þorskurinn láti ekki sjá sig.“

# Píanóleikarinn lá undir flyglinum

TÓNLIST ★★★★☆

**Solid Hologram**

Frá Beethoven til Þuríðar Jónsdóttur

**NICOLA LOLLI OG DOMENICO CODISPOTI LÉKU VERK EFTIR ÞURÍÐI JÓNSDÓTTUR, SOFIU GUBAIDULINU, PROKOFIEV OG BEETHOVEN**

**Í NORÐURLJÓSUM Í HÖRPU FÖSTUDAGINN 29. MAÍ.**

LISTAHÁTÍÐIN Í REYKJAVÍK

Niles Crane, bróðir Frasiers í samnefndum sjónvarpsþáttum, flúði einu sinni undir flygil. Það var hans öruggi staður til að vera á frá því í bernsku. Ég gat ekki séð neina angist á Domenico Codispoti píanóleikara þar sem hann lá undir flygli á tónleikum í Norðurljósum. Honum hlýtur að hafa liðið svona vel.

Um var að ræða verkið Solid Hologram eftir Þuríði Jónsdóttur. Ásamt Codispoti lék Nicola Lolli á fiðlu. Hann er konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands ásamt Sigrúnu Eðvaldsdóttur. Tónsmíðin var hin kúnstugasta. Ýmsir hljóðeffektar komu við sögu. Míkrófónar mögnuðu hljóðin í hljóðfærunum upp og skiluðu þeim til baka með bergmáli. Codispoti bankaði í hljómbotn flygilsins með kjuða þar sem hann lá í makindum sínum. Rytminn rammaði inn fíngerðan tónavef fiðlunnar, sem oftar en ekki var á efstu tónum tónstigans. Útkoman var draumkennd og fögur. Það var eitthvað himneskt við skáldskapinn sem var borinn fram fyrir áheyrendur.

Efnisskráin var skemmtileg blanda hins nýja og gamla. Það klassískasta var sónata nr. 10 eftir Beethoven, sem var upphafsatriði tónleikanna. Sónatan var vel leikin. Lolli virtist að vísu dálítið til baka, túlkunin var feimnisleg, e.t.v. vegna þess að þetta var byrjunin á tónleikunum. En spilamennskan hjá Codispoti var óaðfinnanleg, hún var unaðslega mjúk, full af söng og andakt.

Hin klassíkin var sónata nr. 1 eftir Prokofiev. Hann samdi tvær slíkar fyrir fiðlu og píanó. Sú síðari er mun aðgengilegri og rennur betur niður, en þær eru báðar ákaflega fallegar. Hin fyrri er harmrænni og innhverfari, en Lolli og Codispoti skiluðu henni prýðilega til áheyrenda. Rauði þráðurinn slitnaði aldrei. Tónlistin var þrungin myrkri ástríðu sem var lokkandi.

Sofia Gubaidulina átti einnig verk á tónleikunum, Línudansarann svokallaða. Þar táknaði röð píanósins línuna, en fiðluleikarinn dansaði á henni, ef svo má segja. Lengst af hamraði píanóleikarinn ekki á strengina, heldur myndaði hann tónana með glasi sem hann strauk eftir strengjunum. Við þennan sérkennilega hljóm lék fiðluleikarinn síendurteknar, fjörlegar hendingar sem voru fullar af spennu. Smám saman læddist tónlistin upp eftir tónstiganum og magnaðist upp, varð stöðugt kraftmeiri. Það var ótrúlega flott. Flutningur þeirra Lolla og Codispoti var einfaldlega óaðfinnanlegur. Einbeitingin var alger.



**ÓAÐFINNANLEGIR** Flutningur Nicola Lolli og Dominico Codispoti var einfaldlega óaðfinnanlegur á tónleikum á vegum Listahátíðarinnar í Reykjavík. MYND/VALGARÐUR GÍSLASON

Hver einasti tónn var áleitinn og fullkomlega mótaður, framvindan spennandi og áleitin.

Codispoti er orðinn hálfgerður Íslandsvinur, svo oft hefur hann komið fram hér. Það er alltaf gaman að heyra hann spila. Þetta voru hins vegar fyrstu einleikstónleikar Lollis á Íslandi; megi þeir verða miklu fleiri.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Afburðaskemmtilegir tónleikar með magnaðri túlkun á nýrri og gamalli tónlist.

# NÚ EINNIG Í HLJÓMAHÖLLINNI 12. JÚNÍ OG HOFI 13. JÚNÍ

MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 12 Á TIX.IS, MIDI.IS, HLJOMAHOLL.IS OG MENNINGARHUS.IS




## ÖRFÁIR MIÐAR LAUSIR Í HÖRPU



1. ÚT Á STOPPISTÖÐ 2. STRAX Í DAG 3. TÆTUM OG TRYLLUM 4. SHE BROKE MY HEART 5. GIV MIG ET BILLEDE 6. Í BLÁUM SKUGGA 7. FLJÚGÐU



8. SÖNGUR DÝRANNA Í TÝRÓL 9. Á SPÁNI 10. GEFÐU OKKUR GRIÐ 11. ANDAFUNDURINN MIKLI 12. SUMAR Á SÝRLANDI 13. DAGUR AÐ RÍSA

**40 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR**
PLÖTUNNAR **SUMAR Á SÝRLANDI**
**Í ELDBORGARSAL HÖRPU**

---

5. JÚNÍ KL. 20 – UPPSELT
5. JÚNÍ KL. 23 OG 6. JÚNÍ KL. 20

MIÐASALA Á **HARPA.IS, TIX.IS** OG Í **MIÐASÖLU HÖRPU**

---

**SÉRSTAKIR GESTIR:** EGGERT ÞORLEIFSSON SEM DÚDDI, ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR (SEM HÚN SJÁLF, STÍNA STUÐ, STEINKA BJARNA O.FL.), STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR, ELÍSABET EYÞÓRSDÓTTIR, ANDRI ÓLAFSSON OG ARNAR INGI SEM MEÐLIMIR STUÐMENNSKU SÖNGSVEITARINNAR. ARI BRAGI KÁRASON OG JÓEL PÁLSSON SEM MEÐLIMIR Í LÚÐRAVERKI SVEITALÝÐSINS.

---

**ATH:** Í TILEFNI ÚTGÁFUSTÓRAFMÆLIS SUMARS Á SÝRLANDI GEFUR SENA ÚT PLÖTUNA ENDURUNNA 1. JÚNÍ Á FYRSTA FLOKKS VÍNYL!

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| SAN ANDREAS 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| SAN ANDREAS 2D | KL. 6:30 - 9 |
| SAN ANDREAS 2D VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| GOOD KILL | KL. 10:55 |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 - 8 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| SAN ANDREAS 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:20 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 8 - 10:40 |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 |
| CHILD 44 | KL. 10 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| SAN ANDREAS 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| SPY | KL. 5:25 - 8 - 10:35 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 8 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 5:30 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| SAN ANDREAS 3D | KL. 8 - 10:20 |
| SPY | KL. 8 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 10:30 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| SAN ANDREAS 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:30 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 8 - 10:30 |




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁSBÍÓ midi.is




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SAN ANDREAS 3D | 5:30, 8, 10:30 |
| SPY | 5:30, 8, 10:30 |
| HRÚTAR | 6, 8 |
| PITCH PERFECT 2 | 10:15 |




**GEGGJUÐ** Miley ruglar fólk ítrekað í ríminu og er yfirleitt mikið á milli tannanna á öllum. Áfram Miley! FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

# Hjartað á réttum stað

Miley notar frægðina til að hjálpa minnihlutahópum.

Á meðan heimsbyggðin hneykslast á ástarlífi Miley Cyrus eða tungutilburðum hennar á sviðinu, er hún upptekin við að koma á fót sérstökum sjóð, Happy Hippie Foundation. Hefur sjóðurinn þann tilgang að styðja við bakið á heimilislausum unglingum og styrkja ungt fólk sem tilheyrir minnihlutahópum, svo sem transhópum og samkynhneigðum.

Cyrus segist meðvituð um þá forréttindastöðu sem hún sé í, og hún hafi heilmikil völd sem kjörið sé að nýta til góðs.

Sagði söngkonan í viðtali við The Associated Press sem fjallaði um sjóðinn, að fjölmiðlar hefðu svo mikinn áhuga á brjóstunum á henni svo dæmi væri tekið, að hún sæi ekki ástæðu til að hylja þau, þannig fengi hún einmitt athyglina sem hana vantaði þegar hún ræddi um sjóðinn og þannig kæmust upplýsingarnar út í kosmósið.

Cyrus sagði jafnframt að Catlyn Jenner, væri hennar fyrirmynd og ekki annað en hetja í hennar augum, og vildi hún stuðla að aukinni vitund um stöðu fólks í slíkum aðstæðum.


heimkaup.is

RISAÚTSALA!

Gerðu bestu barnafatakaup sumarsins á vefnum!




TIMMY STUTTERMABOLIR
STÆRÐIR: 104-140
VERÐ ÁÐUR
4.990,-
2.990,-

Nú versla Íslendingar á netinu... á Heimkaup.is!

HEIMKAUP
Smáratorgi 3 · Kópavogi · 550 2700




**COLIN SALMON** Ekki ókunnugur Bondumhverfinu, en þennan langar Brosnan að sjá sem hinn eina sanna Bond.



**ELBA** Kappinn þykir afar heillandi, en það er einmitt meginhlutverk njósnarans. Þessi þykir líklegastur samkvæmt veðbönkum vestanhafs.



**HARÐUR** Statham er þekktur fyrir að vera mikið hörkutól, en hann er óður í að verða næsti Bond.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

# Hver verður valinn næsti James Bond?

Daniel Craig á tvær myndir eftir, en þó eru veðbankar farnir að velta fyrir sér hver muni leysa hann af hólmi. Sjálfur Pierce Brosnan hefur blandað sér í málið.

007

Tökur á Spectre, tuttugustu og fjórðu myndinni um kvennabósann sínjósnandi James Bond, standa nú yfir og mun myndin koma í kvikmyndahús vestanhafs í nóvember á þessu ári.

Daniel Craig er í hlutverki Bonds, líkt og í undanförnum fimm Bond-myndum. Er talið að hann eigi eina eftir, sé Spectre talin með.

Því er ekki seinna vænna að fara að velta fyrir sér hver næsti Bond verði, og hafa veðbankar þegar tekið við sér. Leikararnir hafa heldur ekki setið auðum höndum og keppast við að láta umheiminn vita af áhuga sínum á þessu bitastæða hlutverki.

Ofurtöffarinn Jason Statham er einn þeirra sem vel gætu hugsað sér að bregða sér í hlutverk Bonds og sagði hann frá því á dögunum í viðtali við The Guardian.

Tók hann jafnframt skýrt fram að hann hefði ekki áhuga á að leika illmennið, líkt og sums staðar hefur verið látið skína í.

Þá hefur sjálfur Pierce Brosnan, sem lék Bond alls fjórum sinnum, og á undan Craig, bent á þá sem honum þykir bestir. Annar þeirra er Colin Salmon, sem hefur leikið í þremur James Bond-myndum til þessa, þá sem Charles Robinson, og hinn er Idris Elba, sem þekktur er fyrir að leika hinn harðsnúna Luther í samnefndum spennuþáttum. Eru þeir afar vinsælir kostir meðal veðbankanna.

Þá hafa kappar á borð við Tom Hardy, Michael Fassbender, Henry Cavil, Luke Evans og Downton Abbey-leikarann Dan Stevens skotið upp kollinum í þessu samhengi.

Þrátt fyrir hve borubrattur Jason hefur verið varðandi málið, eru líkurnar ekki að vinna með honum, en þær eru sextíu og sex gegn einum. Hins vegar má Elba byrja að hlakka til, því menn eru á því að hann komi til með að hreppa hnossið, og verður þá fyrsti svarti maðurinn til að túlka James Bond á hvíta tjaldinu.

➜ **1962-1967** Sean Connery
**1969** George Lazenby
**1971** Sean Connery
**1973-1985** Roger More
**1987-1989** Timothy Dalton
**1995-2002** Pierce Brosnan
**2006-2015** Daniel Craig

# Svipað að banna byssur og gaffla

Vince Vaughn telur vel við hæfi að Bandaríkjamenn beri skotvopn öllum tímum.

Grínleikarinn Vince Vaughn sló heldur betur ekki á létta strengi þegar hann viðraði skoðanir sínar á byssueign Bandaríkjamanna í viðtali við tímaritið GQ nýlega. Þar fór hann mikinn og sagði fullkomlega eðlilegt að samlandar hans hefðu rétt til að bera skotvopn, ekki bara heima hjá sér, heldur alltaf, alls staðar. Brá mörgum í brún, en undanfarið hefur umræðan um hvort banna ætti almenningi að bera skotvopn verið hávær þar vestra, og margir á þeirri skoðun að vopnin megi missa sín, í ljósi tíðra skotárása í skólum landsins.

Bar hann tjáningarfrelsið fyrir sig og benti á að álíka gáfulegt væri að banna skotvopn í baráttunni gegn voðaverkum eins og að banna gaffla gegn offitu.



**BRATTUR** Vince mun birtast í sjónvarpinu fyrr en síðar í þáttunum True Detective, sennilega byssuglaður.

# Rikka fyrirmynd í eldhúsi og útliti

Fjölmiðlakonan Lilja Katrín Gunnarsdóttir fræðir fólk um bakstur og kökugerð.

„Ég hef alltaf haft mjög gaman af bakstri og einn daginn hugsaði ég: Hvað á ég að taka mér fyrir hendur, sem gerir mig virkilega ánægða? og svarið var augljóst, kökublogg,“ segir fjölmiðlakonan og bakarinn Lilja Katrín Gunnarsdóttir. Hún hefur nú sett í loftið kökubloggsíðuna blaka.is. Hún ætlar að baka alls konar kökur, litríkar, flippaðar, jafnt óvenjulegar og venjulegar, og blogga um það á síðunni sinni.

„Þetta er vissulega ekki frumlegasta hugmynd í heimi en gerir mig ánægða,“ segir Lilja Katrín, sem ætlar að vera með sérstakt kökuþema í hverjum mánuði. „Þemað fer bara algjörlega eftir skapi mínu. Þennan mánuðinn er þemað liturinn gulur, það er vegna þess að ég sakna sólarinnar mikið,“ segir Lilja Katrín létt í lundu og hlær.

Spurð út í sínar helstu fyrirmyndir í eldhúsinu er svarið einfalt. „Rikka er mín helsta fyrirmynd, ekki bara í bakstri heldur líka útlitslega og að öllu leyti.“

Lilja Katrín fékk sama hönnuð og þann sem hannaði vef Daily Mail, sem er einn vinsælasti fréttavefur í heimi. „Minn heittelskaði kærasti, Guðmundur R. Einarsson, sá um að setja upp síðuna.“ - glp

> **Þemað fer bara algjörlega eftir skapi mínu. Þennan mánuðinn er þemað liturinn gulur, það er vegna þess að ég sakna sólarinnar mikið.**



**BROSANDI BAKARI** Lilja Katrín Gunnarsdóttir hefur gaman af því að baka litríkar og flippaðar kökur. MYND/MARÍN MANDA



**LOÐIN** Inga segir fólk sífellt opnara um þessi mál og segir greinilegt að fleiri hugsi á sömu nótum og hún. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Kafloðin í kjól svarar kallinu

„Ef kona sést með hár annars staðar en á höfðinu fer allt á hliðina,“ segir Inga Mekkin Guðmundsdóttir, konan á bak við síðuna Loðin í kjól.

Síðan er stuðningsyfirlýsing við konur og náttúrulegan hárvöxt þeirra sem einhverra hluta vegna er litinn hornauga og má helst ekki sjást. Hefur síðan fengið gríðarlega góð viðbrögð frá íslenskum konum og segist Inga fá býsna mikið af skilaboðum frá konum úr ýmsum áttum sem þakki henni fyrir að storka þessum stöðluðu ímyndum samfélagsins varðandi fegurð. Hún vonast til að boðskapurinn dreifist sem víðast.

„Eftir að ég hætti að raka af mér öll þessi hár, viðurkenni ég alveg að það var sannkölluð kvöl og pína að fara í sund og annað slíkt, fólk spáir ofboðslega mikið í þetta,“ segir Inga, og bendir á að fordómar gagnvart „óæskilegum“ hárum kvenna séu gríðarlegir. „Ég þekki fullt af fólki sem finnst beinlínis ógeðslegt að vera ekki rakað eða vaxað, og skefur ekki af því við fólkið í kringum sig,“ útskýrir Inga. Hún lætur slíkt þó ekki á sig fá, og svarar fólki alla jafna fullum hálsi þegar það sér sig knúið til að tjá sig um hárvöxt hennar.

„Ég fór af stað með þessa síðu vegna þess að mig langaði að sjá hvert viðhorf fólks væri í þessum efnum, hvort fleiri væru á sömu bylgjulengd og ég, og hefur ekki staðið á viðbrögðunum,“ bendir Inga á og bætir við að sér hafi til að mynda borist myndir af konum sem vilja leggja sitt af mörkum.

„Ég velti fyrir mér hvar þetta hárleysi byrjaði og velti enn frekar fyrir mér hvar þetta muni enda.“ - ga






## Birkir og Hjördís komust áfram

**TENNIS** Birkir Gunnarsson, fremsti tenniskappi Íslands, komst auðveldlega áfram í 2. umferð á Smáþjóðaleikunum í gær þegar hann vann Bradley Callus frá Möltu í tveimur settum; 6-2 og 6-1. Hann mætir andstæðingi frá Andorra í næstu umferð.

Rafn Kumar Bonifacius er aftur á móti úr leik, en hann tapaði fyrir Lauren Recouderc frá Andorra í gær í tveimur settum. Hjördís Rósa Guðmundsdóttir komst einnig áfram í einliðaleik í tennis þegar hún vann Judit Cartana frá Andorra í gær, 6-4 og 6-2.

Tenniskeppnin fór vel af stað í Kópavogi í gær og var sjálfur Albert prins af Mónakó mættur í Tennishöllina til að fylgjast með sínu fólki. Birkir og Hjördís halda áfram í dag þegar keppni í 2. umferð hefst.



## Hrafnhildur stórbætti met Eyglóar

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir og Anton Sveinn McKee bættu bæði Íslandsmet í sundi á Smáþjóðaleikunum í gær. Hrafnhildur vann gull í 200 m fjórsundi á nýju og glæsilegu Íslandsmeti þar sem hún bætti met Eyglóar Óskar Gústafsdóttur um 1,04 sekúndu. Tími Hrafnhildar var 2:13,83 mínútur og var einnig mótsmet.

Eygló sigraði í sinni sterkustu grein í gær, 200 m baksundi, og kom í mark á 2:12,52 mínútum sem er um þremur sekúndum frá Íslands- og Norðurlandameti hennar.

Íslandsmet Antons kom í 200 m fjórsundi og dugði til silfurs. Tími hans var 2:04,53 mínútur.

Jóhanna Gerða Gústafsdóttir vann tvenn silfurverðlaun í gær en hún er systir Eyglóar. Þær voru saman í tveimur efstu þrepunum í 200 m baksundi í gær.

Bryndís Rún Hansen varð önnur í 100 m skriðsundi en Ísland hlaut þrenn bronsverðlaun til viðbótar, Kristinn Þórarinsson í 200 m baksundi, Inga Elín Cryer í 200 m flugsundi og Ingibjörg Kristín Jónsdóttir í 100 m skriðsundi.

Keppni í sundi heldur áfram í Laugardalslauginni í dag. **- esá**



**GULL** Hrafnhildur komst á pall í 200 m fjórsundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## ÚRSLIT

### PEPSI-DEILD KVENNA

**STJARNAN - VALUR 4-0**
1-0 Írunn Þorbjörg Aradóttir (11.), 2-0 Ana Victoria Cate (19.), 3-0 Ásgerður Stefanía Baldursdóttir (58.), 4-0 Guðrún Karítas Sigurðardóttir (74.).

**SELFOSS - ÞRÓTTUR 5-0**
1-0 Donna Kay Henry (10.), 2-0 Erna Guðjónsdóttir (18.), 3-0 Guðmunda Brynja Óladóttir (24.), 4-0 Dagný Brynjarsdóttir (29.), 5-0 Erna Guðjónsdóttir (76.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Breiðablik | 4 | 3 | 1 | 0 | 15-2 | 10 |
| Þór/KA | 4 | 3 | 1 | 0 | 13-5 | 10 |
| Stjarnan | 4 | 3 | 0 | 1 | 10-2 | 9 |
| Valur | 4 | 3 | 0 | 1 | 11-5 | 9 |
| Selfoss | 4 | 3 | 0 | 1 | 10-5 | 9 |
| ÍBV | 4 | 2 | 1 | 1 | 7-4 | 7 |
| Fylkir | 4 | 1 | 0 | 3 | 3-11 | 3 |
| KR | 4 | 0 | 1 | 3 | 3-11 | 1 |
| Afturelding | 4 | 0 | 0 | 4 | 3-16 | 0 |
| Þróttur | 4 | 0 | 0 | 4 | 0-14 | 0 |

### BORGUNARBIKAR KARLA

**32-LIÐA ÚRSLIT**

**FJARÐABYGGÐ - KÁRI 4-0**
1-0 Brynjar Jónsson (3.), 2-0 Ólafur Örn Eyjólfsson (28.), 3-0 Ingvar Ásbjörn Ingvarsson (78.), 4-0 Viðar Þór Sigurðsson (88.).

**VÖLSUNGUR - GRINDAVÍK 3-4**
0-1 Alejandro Hernandez (7.), 0-2 Ásgeir Þór Ingólfsson (12.), 0-3 Óli Baldur Bjarnason (33.), 0-4 Óli Baldur Bjarnason (41.), 1-4 Peter Odrobena (61.), 2-3 Sæþór Olgeirsson (82.), 3-4 Rafnar Smárason (87.).

**KA - ÁFLTANES 4-0**
1-0 Ævar Ingi Jóhannesson (49.), 2-0 Orri Gústafsson (73.), 3-0 Ólafur Aron Pétursosn (75.), 4-0 Ben Everson (85.).

**ÞRÓTTUR R. - BÍ/BOLUNGARVÍK 4-1**
0-1 Josepth Spivack (27.), 1-1 Viktor Jónsson (47.), 2-1 Viktor Jónsson (59.), 3-1 Viktor Jónsson (68.), 4-1 Davíð Þór Ásbjörnsson (89.).

**KV - FRAM 2-1**
1-0 Davíð Steinn Sigurðarson (46.), 1-1 Orri Gunnarsosn (52.), 2-1 Brynjar Orri Bjarnason (80.).

### SMÁÞJÓÐALEIKAR

**Fimleikakonur fengu gull**

Ísland bar sigur úr býtum í liðakeppni kvenna í keppni í áhaldafimleikum sem fór fram á Smáþjóðaleikunum í gær. Íslenska kvennaliðið varði þar með titilinn frá því í Lúxemborg fyrir tveimur árum og það gerði einnig Dominiqua Alma Belanyi sem bar sigur úr býtum í fjölþraut kvenna. Karlalandsliðið vann silfur en bestum árangri í fjölþraut náði Valgarð Reinhardsson sem vann brons.

# Gulldísir í Laugardalnum

Ásdís Hjálmsdóttir og Hafdís Sigurðardóttir fóru fyrir íslenska frjálsíþróttalandsliðinu á fyrsta keppnisdegi Smáþjóðaleikanna. Þær unnu gull í sínum greinum við erfiðar aðstæður. Aníta Hinriksdóttir fékk silfur.



**UPP Á SITT BESTA** Ásdís sýndi mikinn stöðugleika við krefjandi aðstæður í Laugardalnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**FRJÁLSAR** Keppni hófst í frjálsum íþróttum á Laugardalsvelli í gær og fór íslenska keppnisliðið vel af stað. Tvær af fremstu frjálsíþróttakonum landsins, Ásdís Hjálmsdóttir og Hafdís Sigurðardóttir, fóru fyrir íslenska liðinu með því að vinna gull í sínum greinum. Aníta Hinriksdóttir, fremsta hlaupakona landsins, varð hins vegar að sætta sig við silfur í sinni sterkustu grein, 800 m hlaupi, þar sem hún var langt frá sínu besta.

Karlarnir lögðu einnig sitt af mörkum en Hlynur Andrésson vann gull í 5000 m hlaupi. Stangarstökkvarinn Krister Blær Jónsson og kúluvarparinn Óðinn Björn Þorsteinsson fengu silfur í sínum greinum.

**Spjótið fór næstum þversum**

Ásdís bar höfuð og herðar yfir keppinauta sína í spjótkasti en lengsta kast hennar var 58,85 m. Hún er nýbúin að tryggja sig inn á HM í sumar og ÓL í Ríó á næsta ári með kasti upp á 62,14 m á móti í Lettlandi í síðustu viku. Hún er því í frábæru formi en sterkur vindur í gær gerði henni sem og öðrum keppendum erfitt fyrir.

„Mér leist ekki á blikuna þegar ég fór að hita upp. Það var kalt og mikið rok,“ sagði Ásdís eftir sigurinn í gær. „En það rættist úr þessu og að kasta rétt tæpa 59 metra í svona aðstæðum – þar sem spjótið fór næstum þversum í kastinu – er mjög gott. Þetta lofar ofboðslega góðu fyrir framhaldið.“

Hún var ekki nema 8 sentímetrum frá mótsmetinu sem hún setti á leikunum í Kýpur árið 2009. „Markmiðið var að bæta það og það var pínu svekkjandi [að ná því ekki],“ segir Ásdís sem keppir einnig í kringlukasti á fimmtudag.

**Of sterkur meðvindur**

Hafdís Sigurðardóttir vann gull í langstökki og silfur í 100 m hlaupi. Hún náði risastökki strax í fyrstu atrennu er hún stökk 6,50 m. Það er bæting á Íslandsmeti hennar, 6,45 m, en er ekki gilt vegna of sterks meðvinds sem mældist 5,8 metrar á sekúndu. Hámarkið er 2 m/sek.

„Það er frábært að fá gull í fyrstu grein og ágætis árangur. En veðrið setti strik í reikninginn,“ sagði Hafdís sem hefði einnig bætt mótsmetið með stökki sínu.

**Hefði átt að keyra upp hraðann**

Aníta Hinriksdóttir þótti sigurstranglegust í 800 m hlaupi þar sem hún er í heimsklassa. En hún fann sig ekki í rokinu í Laugardalnum og varð önnur, tæpum níu sekúndum frá sínum besta tíma.

„Ég gerði smá mistök í hlaupinu. Það var vindur en maður er vanur að æfa og keppa í þessu og það hefur gengið mjög vel,“ sagði Aníta eftir keppnina í gær.

„Ég gerði mistök með því að fara of hægt af stað sem er önnur taktík en ég er vön. Ég hefði bara átt að keyra upp hraðann í byrjun.“

Hún segir að það hafi komið hik á keppendur þegar enginn tók af skarið. „Ég var ekki nógu grimm. Ég myndi segja að þetta hafi verið frekar misheppnað hlaup en hinar tvær eru mjög sterkar,“ sagði Aníta og bætti við að hún hefði alls ekki vanmetið keppinauta sína.

Aníta keppir í 1500 m hlaupi á fimmtudag og svo boðhlaupi á laugardaginn. Hún fær því annað tækifæri þá til að vinna gullverðlaun fyrir íslenska liðið á Smáþjóðaleikunum.

**Þórdís Eva stórefnileg**

Alls vann íslenska keppnisliðið til tíu verðlauna í gær. María Rún Gunnlaugsdóttir hlaut brons í spjótkasti, sem og Kristinn Þór Kristinsson í 800 m hlaupi og Ari Bragi Kárason í 100 m hlaupi.

Keppni heldur áfram á morgun en í gær sýndu hlauparanir Kolbeinn Höður Gunnarsson og Þórdís Eva Steinsdóttir að þau eru til alls líkleg í 400 m hlaupi en bæði urðu þau fyrst í undanúrslitum greinanna í gær. Þórdís Eva er aðeins fimmtán ára gömul og meðal efnilegasta frjálsíþróttafólks landsins.

**eirikur@365.is, ingvithor@365.is**




# Bjartsýnn á að finna eitthvert lið

Fannar Friðgeirsson er atvinnulaus eftir að félag hans fór á hausinn.

**HANDBOLTI** „Ég er búinn að vera í fimm ár úti og hef náð að spara. Maður hefur verið að lifa á sparnaðinum síðustu mánuði,“ segir Fannar Friðgeirsson sem er orðinn atvinnulaus eftir að félag hans, Grosswallstadt, varð gjaldþrota. Fannar hefur ekki fengið greidd laun frá félaginu í fimm mánuði.

„Sumir hafa ekki fengið laun í lengri tíma en það en það var alltaf sagt við okkur að þetta yrði í lagi. Þetta myndi reddast. Það gekk ekki alveg eftir hjá þeim. Við trúðum þeim í lengstu lög en því miður var ekkert að marka sem þeir sögðu.“

Félagið er farið í greiðslustöðvun og leikmenn liðsins eru með lausan samning. Grosswallstadt mun hefja leik í neðstu deild en leikmenn liðsins þurfa að finna sér nýjan samastað.

„Minn umboðsmaður er á fullu að finna möguleika núna en ekkert komið inn á borð. Ég er samt bjartsýnn á að finna mér eitthvað. Ég myndi helst vilja vera áfram í Þýskalandi en ég er samt opinn fyrir öðrum löndum. Ég er minnst spenntur fyrir því að koma heim,“ segir afmælisbarnið Fannar en hann varð 28 ára í dag.

„Það er kominn júní og markaðurinn er svolítið mettaður. Þetta hefði mátt gerast fyrr. Ég tel mig hafa staðið mig ágætlega og vonandi hef ég lagt eitthvað inn á þessum fimm árum sem skilar mér samningi annars staðar.“

Leikmenn Grosswallstadt munu ekki spila lokaleik tímabilsins þar sem þeir eru ekki tryggðir lengur. **- hbg**



**HVAÐ NÆST?** Fannar vill finna sér annað félag í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Keilir | Ásbrú | 578 4000 | keilir.net | facebook.com/keilir







Háskólabrú Keilis býður upp á nám fyrir einstaklinga sem hafa ekki lokið stúdentsprófi. Rúmlega 1.200 nemendur hafa þegar lokið námi á Háskólabrú og uppfylla inntökuskilyrði í háskóla hérlendis og erlendis.

Keilir hefur tekið frumkvæðið að nýstárlegu og spennandi háskólanámi. Við bjóðum vandað háskólanám (BSc gráðu) í tæknifræði á vegum Háskóla Íslands og á vettvangi Keilis, bæði í Orku- og umhverfistæknifræði og Mekatróník hátæknifræði.

**Sæktu um á keilir.net**
**facebook.com/keilir**

**Keilir**
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

# DAGSKRÁ



**20:05**
### HEIMSÓKN
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekkvísi.


FJÖLBREYTT
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD!**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365


**20:30**
### WEIRD LONERS
Glænýir þættir um fjóra einstaklinga á fertugsaldri sem búa öll í sama fjölbýlishúsinu og eiga það sameiginlegt að ástarmálin ganga brösuglega.



**20:55**
### OUTLANDER
Mögnuð þáttaröð um hjúkrunarkonuna Claire Beauchamp sem ferðast aftur til ársins 1743.



**22:35**
### WEEDS
Áttunda þáttaröðin um hina úrræðagóðu Nancy Boewden sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn.



**20:15**
### EDWARD SCISSORHANDS
Stórskemmtileg kvikmynd með Johnny Depp og Winona Ryder í aðalhlutverkum.



**21:35**
### COLD CASE
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við að leysa úr gömlum rykföllnum sakamálum.



Krakkastöðin | **07:00-20:30**
### BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.




**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** **365.is**


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Don't Trust the B*** in Apt 23**
**08.30** **The Middle**
**08.55** **Mom**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Spurningabomban**
**11.05** **Around the World in 80 Plates**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Mayday**
**14.00** **The Lying Game**
**14.45** **Don't Blame The Dog**
**15.45** **Man vs. Wild**
**16.30** **Big Time Rush**
**16.55** **Baby Daddy**
**17.20** **Bold and the Beautiful**
**17.40** **Nágrannar**
**18.05** **Simpson-fjölskyldan**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.35** **Víkingalottó**
**19.40** **The Middle**
**20.05** **Heimsókn** *(6:8)* Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
**20.30** **Weird Loners** *(2:6)* Frábærir nýir þættir um fjóra einstaklinga á fertugsaldrinum sem búa öll í sama fjölbýlishúsinu í Queens í New York. Þau eru öll mjög ólík en þó eiga þau það sameiginlegt að vera mjög léleg í ástarmálum en á milli þeirra myndast djúp vinátta sem getur oft af sér ansi spaugileg augnablik.
**20.55** **Outlander** *(13:16)* Magnaðir þættir sem fjalla um hjúkrunarkonuna Claire Beauchamp en hún vinnur við að hjúkra særðum hermönnum í seinni heimsstyrjöldinni.
**21.50** **Major Crimes** Önnur röðin af þessum hörkuspennandi þáttum sem fjalla um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.
**22.35** **Weeds**
**23.05** **Battle Creek**
**23.50** **NCIS**
**00.35** **Person of Interest**
**01.20** **Green Hornet**
**03.15** **Europa Report**
**04.45** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**10.30** **Golden State - Houston.**
**12.40** **Kiel - Kielce**
**14.15** **Juventus - Real Madrid**
**16.00** **Spænsku mörkin**
**16.30** **Goðsagnir - Ólafur Þórðarson**
**17.20** **Þýsku mörkin**
**17.50** **RN Löwen - Füchse Berlin**
**19.00** **Keflavík - KR** Bein útsending frá leik í Borgunarbikar karla.
**21.10** **Golden State - Houston.**
**23.20** **Keflavík - KR**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.10** **Man. City - Southampton**
**12.50** **Goals of the Season**
**13.45** **Premier League World**
**14.15** **Arsenal - WBA**
**15.55** **Everton - Chelsea**
**17.45** **PL Classic Matches.**
**18.15** **Manstu**
**19.00** **Keflavík - KR**
**21.10** **Breiðablik - Stjarnan**
**22.55** **Pepsímörkin**

## ÍNN

**20.00** **Björn Bjarna**
**20.30** **Auðlindakistan**
**21.00** **Á ferð og flugi**
**21.30** **Ferðafélagsþættir**

## STÖÐ 3

**18.15** **Last Man Standing**
**18.35** **Hot in Cleveland**
**19.00** **Hart of Dixie**
**19.45** **Silicon Valley**
**20.15** **Awake** *(1:13)* Spennandi þættir um lögreglumanninn Michael Britten sem missir bæði eiginkonu sína og son í skelfilegu bílslysi.
**21.00** **The Originals** *(2:22)* Önnur spennuþáttaröðin sem fjallar um Mikaelsons-fjölskylduna en meðlimir hennar eru jafnframt þeir fyrstu af hinum svokölluðu ofurvampírum en þær geta lifað í dagsljósi.
**21.45** **The 100** *(10:16)* Önnur röðin af þessum spennandi þáttum sem gerast í framtíðinni eða 97 árum eftir að kjarnorkusprengja lagði heiminn eins og við þekkjum hann í rúst.
**22.30** **Dallas**
**23.15** **Sirens**
**23.40** **Supernatural**
**00.25** **Hart of Dixie**
**01.10** **Silicon Valley**
**01.40** **Awake**
**02.25** **The Originals**
**03.10** **The 100**
**03.55** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.49** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Brunabílarnir **08.22** Kalli á þakinu **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Strumparnir **09.25** Latibær **09.47** Töfrahetjurnar **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.49** Tommi og Jenni **11.55** UKI **12.00** Brunabílarnir **12.22** Kalli á þakinu **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Strumparnir **13.25** Latibær **13.47** Töfrahetjurnar **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.49** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Brunabílarnir **16.22** Kalli á þakinu **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Strumparnir **17.25** Latibær **17.47** Töfrahetjurnar **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Skoppa og Skrítla í bíó

## GULLSTÖÐIN

**17.05** **Friends**
**17.30** **Modern Family**
**17.55** **Mike and Molly**
**18.15** **The Big Bang Theory**
**18.40** **Fiskur án reiðhjóls**
**19.05** **Hannað fyrir Ísland** *(2:7)*
**19.50** **The Newsroom** *(3:6)*
**20.50** **Chuck** *(5:24)*
**21.35** **Cold Case** *(10:23)*
**22.20** **Curb Your Enthusiasm** *(4:10)* Larry gerir mikið mál úr því þegar hann grunar framkvæmdastjóra HBO um að hafa stolið rækjunum sínum þegar ruglingur verður á skyndibitamat.
**22.55** **Tyrant** *(2:10)* Hörkuspennandi þáttaröð um afar venjulega fjölskyldu í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum.
**23.40** **Sullivan & Son** *(3:10)*
**00.05** **Fiskur án reiðhjóls**
**00.30** **Hannað fyrir Ísland**
**01.15** **The Newsroom**
**02.15** **Chuck**
**03.00** **Cold Case**
**03.45** **Curb Your Enthusiasm**
**04.15** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.10** **LOL**
**13.50** **Africa United**
**15.20** **Edward Scissorhands**
**17.05** **LOL**
**18.45** **Africa United**
**20.15** **Edward Scissorhands**
**22.00** **The Conjuring**
**23.55** **Kites**
**01.35** **The Counselor**
**03.35** **The Conjuring**

## RÚV

**16.35** **Blómabarnið**
**17.20** **Disneystundin**
**17.21** **Finnbogi og Felix**
**17.43** **Sígildar teiknimyndir**
**17.50** **Fínni kostur**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Heilabrot**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.00** **Vinur í raun** *(2:6) (Moone Boy II)* Martin Moone er ungur strákur sem treystir á hjálp ímyndaðs vinar þegar á móti blæs. Þættirnir gerast í smábæ á Írlandi á níunda áratugnum.
**20.25** **Silkileiðin á 30 dögum** *(4:10) (Sidenvägen på 30 dagar)* Margverðlaunuð finnsk þáttaröð um 30 daga ferðalag eftir Silkileiðinni sem liggur frá Georgíu í Kákasusfjöllum til Mongólíu.
**21.15** **Neyðarvaktin** *(16:22) (Chicago Fire III)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago en hetjurnar á slökkvistöð 51 víla ekkert fyrir sér.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Smáþjóðaleikarnir á Íslandi - samantekt** *(2:4)*
**22.35** **Október 43***(October 43)*
**23.35** **Gárur á vatninu**
**00.25** **Kastljós**
**00.50** **Fréttir**
**01.05** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **The Talk**
**09.45** **Pepsi MAX tónlist**
**13.40** **Cheers**
**14.05** **Dr. Phil**
**14.45** **Reign**
**15.30** **Britain's Next Top Model**
**16.20** **Minute to Win It**
**17.05** **Royal Pains**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **The Talk**
**19.10** **Million Dollar Listing (**
**19.55** **The Millers** *(22:23)*
**20.15** **Black-ish** *(6:13)* Nýrík fjölskylda tekst á við þær breytingar að efnast hratt og koma sér sífellt í aðstæður sem þau eiga erfitt með að vinna úr.
**20.35** **The Odd Couple** *(11:13)*
**21.00** **Franklin & Bash** *(2:10)* Lögmennirnir og glaumgosarnir Franklin og Bash eru loks mættir aftur á SkjáEinn. Þeir félagar starfa hjá virtri lögmannsstofu en þurfa reglulega að sletta úr klaufunum.
**21.45** **Blue Bloods**
**22.30** **Sex & the City**
**22.55** **Madam Secretary**
**23.40** **Agents of S.H.I.E.L.D.**
**00.25** **American Crime**
**01.10** **Franklin & Bash**
**01.55** **Blue Bloods**
**02.40** **Sex & the City**
**03.05** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2015
**13.35** Golfing World 2015
**14.25** PGA Tour 2015 - Highlights
**15.20** PGA Tour 2015
**17.50** Golfing World 2015
**18.40** US OPEN 2000
**22.00** European Tour 2015

## HRINGBRAUT

**10.00** Fólk með Sirrý **11.00** Atvinnulífið **11.30** Ritstjórarnir **12.00** Fólk með Sirrý **13.00** Atvinnulífið **13.30** Ritstjórarnir **14.00** Fólk með Sirrý **15.00** Atvinnulífið **15.30** Ritstjórarnir **16.00** Fólk með Sirrý **17.00** Atvinnulífið **17.30** Ritstjórarnir **18.00** Fólk með Sirrý **19.00** Atvinnulífið **19.30** Ritstjórarnir **20.00** Mannamál **20.40** Heimsljós **21.15** 433.is **21.45** Tara og Trixin **22.00** Mannamál **22.45** Heimsljós **23.15** 433.is **23.45** Tara og Trixin

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




prime
EITTLAGENN
HARPA
MIÐASALA Á WWW.HARPA.IS, Í SÍMA 528 5050 OG Á WWW.TIX.IS

## MORGUNMATURINN



**„Lófafylli af Spirulina frá Life Stream og soðið egg, kryddað með svörtum pipar og Himalaya-salti. Um helgar hendi ég í mömmuklatta fyrir strákana mína, það er svona spari.“**

Védís Hervör Árnadóttir

# YouTube og STEF gera samning

Möguleiki á fjárhagslegum ávinningi rétthafa eykst. Skapar ný tækifæri.

YouTube og íslensku höfundaréttarsamtökin STEF hafa gert með sér samning sem felur í sér að meðlimir STEFs svo og erlendra systursamtaka munu geta fengið greitt fyrir notkun tónlistar sinnar á YouTube á Íslandi. „Þessi nýja tekjuleið eykur möguleika á fjárhagslegum ávinningi rétthafa á notkun verka þeirra á YouTube á Íslandi. Það að ná samningi við YouTube markar þáttaskil í að skapa ný tækifæri fyrir okkar rétthafa,“ segir Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEFs.

Munu meðlimir STEFs og tengdir aðilar geta fengið greitt þegar tónlist þeirra aflar tekna með spilun eða birtingu auglýsinga á YouTube. STEF fær tiltekið hlutfall af tekjum YouTube á Íslandi sem fer í greiðslur til listamannanna.

„Við erum einstaklega ánægð með að hafa náð samningi við STEF og höfunda innan samtakanna. Þetta mun hlúa að nýsköpun íslensks efnis og um leið gera tónlistarflytjendum, tónskáldum og textahöfundum kleift að fá greitt fyrir myndbönd á YouTube,“ segir Gudrun Schweppe, framkvæmdastjóri leyfismála hjá YouTube EMEA. „Þetta er líka sigur fyrir YouTube-samfélagið, en mikilvægur hluti upplifunar þeirra á netinu er að hlusta á tónlist og uppgötva nýja tónlistarmenn á YouTube.“

Samningurinn mun hafa áhrif en Guðrún segir að væntingum félagsmanna ætti að stilla í hóf. „Á Norðurlöndunum hafa svona samningar verið gerðir en þá hafa þetta verið frekar lágar greiðslur. Höfundar fá þó greitt fyrir sín verk í gegnum STEF og ef þeir setja inn myndböndin sín þá eiga þeir réttinn á þeim - **glp**



**NÝ TÆKIFÆRI** Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri Stefs fagnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




365.is
Sími 1817

365

SJÁLFKRAFA
í BESTA ÞREP!

365 GSM sérsníður þjónustuna að notkun hvers og eins. Í upphafi mánaðar byrja allir viðskiptavinir í 0 mínútum og 0 SMS-um. Það fer síðan eftir notkun í hvaða þrepi hann endar þann mánuðinn. Viðskiptavinir okkar færast á milli þrepa, ávallt vissir um að vera í réttri leið.

0–60 mín. og SMS
0 kr.
60 mínútur og 60 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.

60–365 mín. og SMS
2.990 kr.
365 mínútur og 365 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.

Endalaust
4.990 kr.
Endalausar mínútur og SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.

Viðskiptavinir okkar færast á milli þrepa vissir um að vera í réttri leið.

Þú færð 20 GB ljóshraðanet, 100 mín. í heimasíma og 60 mín. og 60 SMS í GSM á 0 kr. ef þú kaupir valdar sjónvarpsáskriftir hjá 365.

GAGNAMAGNSPAKKAR FYRIR NETIÐ Í SÍMANUM

500 MB 790 kr.
1 GB 1.190 kr.
5 GB 1.990 kr.
-2.490 kr.
15 GB 3.990 kr.
Inngöngutilboð með tilboðspökkum
1.500 kr.




**SVAKA SJARMÖR** Söngvarinn Tom Jones er rosalega spenntur að koma til landsins en hann kom hingað til lands síðast árið 1990. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tom Jones fagnar afmælinu á Íslandi

Einn ástsælasti söngvari heims, Tom Jones, er á leiðinni til landsins. Hann segist ekki fá leið á gömlu lögunum sínum en er hrifinn af Ed Sheeran og James Bay.

Í næstu viku er væntanlegur hingað til lands sjálfur kóngurinn Tom Jones, en hann heldur tónleika í Laugardalshöll 8. júní. „Ég er rosalega spenntur að koma. Síðast þegar ég kom árið 1990 þá söng ég á bar sem var nýopnaður. Það verður gaman að sjá hvað hefur breyst síðan ég kom síðast,“ sagði Tom hress í samtali við Fréttablaðið.

Hann fagnar 75 ára afmæli sínu þann 7. júní og hyggst eyða stóra deginum á Íslandi, en hann heldur tónleika í Danmörku kvöldið áður. „Ég ætla að eyða deginum hér, en hef ekki hugmynd um hvað ég geri. Það kemur í ljós,“ segir hann og hlær.

Á tónleikunum ætlar hann að flytja nýtt efni í bland við það gamla. „Ég þakka guði fyrir það að ég er ekki einn af þeim listamönnum sem fá leið á gömlu lögunum sínum. En ég mun líka spila nýtt efni, setja það með. Mér finnst alltaf best að blanda þessu saman, gömlu og nýju.“

Þessa stundina vinnur Tom að nýju efni, en síðasta plata hans, Spirit in the Room, kom út 2012. Hana vann hann með upptökustjóranum Ethan Johns sem hefur meðal annars unnið með Kings of Leon, Ray LaMontagne og The Vaccines og vinna þeir einnig saman að nýju plötunni. „Mínu hlutverki í henni er eiginlega lokið,“ segir Tom og hlær. „Platan var tekin upp beint á band á gamla mátann. Það er endurnærandi að taka upp plötu aftur á þennan hátt og þetta tengdi mig aftur við ræturnar. Tónlistin verður meira lifandi þegar hún er tekin upp á þennan hátt, miklu meira ég.“

Í fyrra söng Tom með breska tónlistarmanninum Ed Sheeran og aðspurður hvað honum finnist um breska tónlist í dag segir hann mikið af mjög efnilegum tónlistarmönnum í bransanum. „Ég myndi segja að bresk tónlist í dag væri mjög heilbrigð. Mikið af þessum strákum eins og Ed, Sam Smith og James Bay eru að semja sína eigin tónlist, gera sitt. Og svo geta þeir svo sannarlega sungið!“

Tom er einn dómara og leiðbeinanda í sjónvarpsþættinum The Voice og segir hann það hafa verið góða reynslu. „Við sem höfum verið í þessum bransa svona lengi vitum hvernig þessum krökkum líður, við höfum öll verið í þeirra sporum. Það er gott og gefandi að geta deilt þessari reynslu með þeim.“



➜ Hér er Tom Jones að taka lagið með Önnu Mjöll Ólafsdóttur en þau eru félagar úr tónlistarbransanum.

adda@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


KFC
VILTU BJÓÐA BRAGÐLAUKUNUM Í
VEISLU?
Nýtt
SWEET & FIRE
SWEET & FIRE
Glóðheitur Zinger-borgari með
káli, sjóðheitri 2HOT4U-sósu
og krassandi sinnepssósu.
1.079 KR
SWEET & FIRE-borgari,
3 Hot Wings, franskar,
gos og Florida-stykki.
1.849 KR
SVOOO
GOTT

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

LÆGRA VERÐ STUNDVÍSI NÝRRI VÉLAR BREIÐASTA BROSIÐ LOFORÐ WOW



## BAKÞANKAR

Ragnheiðar Tryggvadóttur

# Glæpsamleg innlifun

Þetta var eins og í bíómynd, svei mér þá, atburðarásin með ólíkindum og maður sá þetta allt saman ljóslifandi fyrir sér. Hversu margir glæpaþættir hafa líka verið gerðir í kringum svona fléttu? Hundruð ef ekki þúsundir, sem allir enda á einn veg, réttvísin sigrar að lokum.

**NEI,** ekki allir auðvitað, stundum komast bófarnir upp með glæpinn og snúa á laganna verði með klækjum. Við höfum oftsinnis séð það í bíó, og lesið, því ekki hafa færri glæpasögur verið gefnar út á prenti gegnum tíðina. Maður liggur í þessu fyrir svefninn og þykist stundum þekkja svo vel inn á aðferðafræði rannsóknarlögreglunnar að maður treystir sér til að fremja „hinn fullkomna glæp“.

**ÉG** hef oft staðið mig að því við lestur seint á kvöldin að þykjast vita betur en rannsóknarlögreglumaðurinn í sögunni. Fer að efast um að hann hafi brugðist rétt við í flóknum aðstæðum. Að rannsóknarteymið allt hefði nú átt að vera löngu búið að leggja saman tvo og tvo og átta sig á hvernig í öllu lá.

**ÁÐUR** en ég veit af er ég farin að máta sjálfa mig inn í aðstæður og velta fyrir mér hvernig ég myndi bregðast við í þeirra sporum. Hvernig ég myndi haga rannsókn mála og hvað ég myndi setja í forgang. Hvern ég grunaði fyrst. Það er ekki alltaf sá sem liggur beinast við.

**STUNDUM** máta ég mig líka í spor annarra sögupersóna, það verður að viðurkennast. Spor þeirra sem glæpinn fremja og ætla að komast upp með hann. Velti fyrir mér hvernig ég myndi útfæra hlutina án þess að skilja eftir mig rekjanlega slóð og hvort ég hefði gert hlutina einhvern veginn öðruvísi. Hvar ég myndi mögulega misstíga mig og hvað gæti orðið til þess að koma Wallander eða Rebus á sporið. Og hvers konar glæp ég myndi mögulega fremja.

**EN** svo slekk ég bara ljósið og fer að sofa.



YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir
Höfuðborgarsvæðið, meðallestur kvenna á tölublað, 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015
Allt sem þú þarft ...

